


skoðun 22


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt






Hádegisverður til fyrirtækja og stofnana
Hollt og ferskt
Fyrsta flokks hráefni
Fagmennska í fyrirrúmi
ISS
Nánari upplýsingar á www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

8. júlí 2010 — 158. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




### Hannaði Bílabingó

*Guðrún Gyða vonast til að börn fylgist betur með á ferð um landið.*

**fólk** 40

### Eykur lífsgæði

*Listasjóður Ólafar veitir styrk í fyrsta sinn.*

**tímamót** 28



### Spánverjar í úrslit

*Spánn og Holland munu mætast í úrslitum HM í Suður-Afríku.*

**íþróttir** 48

**veðrið í dag**




**DREGUR ÚR VINDI** smám saman í dag fyrst A-til, annars NA 8-13 m/s. Víða rigning einkum N-lands en bjart með köflum SV-til. Hiti 10-18 stig, hlýjast S-lands.

VEÐUR 4

# Rekstur Landsbanka og Arion óviðunandi

**Arðsemi af grunnrekstri Landsbankans og Arion banka er langt undir kröfum ríkisins. Bankasýslan telur að allt of margir starfi í íslenska bankakerfinu.**

**EFNAHAGSMÁL** „Til lengri tíma litið er þetta ekki afkoma af kjarnastarfsemi sem menn væru sáttir við. En það verður að hafa hugfast að verið er að vinna úr erfiðum úrlausnarefnum. Mér finnst skýrslan ekki gefa tilefni til svartsýni," segir Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra.

Arðsemi Landsbankans og Arion banka er langt undir eðlilegri arðsemiskröfu ríkisins og grípa verður til aðgerða þess vegna, segir í fyrstu matsskýrslu Bankasýslu ríkisins. Þar segir jafnframt að of margt fólk starfi nú í íslenska fjármálakerfinu en hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu á Íslandi er með því hæsta sem þekkist.

Steingrímur segir skýrsluna gagnlega og hann á von á tillögum frá Bankasýslunni um aðgerðir til bóta, enda sé það hennar verkefni. Um stærð bankakerfisins segir Steingrímur ljóst að í alþjóðlegum samanburði sé kerfið stórt. „Flestir búast samt við að þessar tölur muni taka breytingum á næstu misserum og árum." Hann telur að staða Landsbankans sé skiljanleg miðað við þau verkefni sem bankinn hefur með höndum og lúta að fyrirtækjum og útflutningsgreinunum. Engin áform eru um að hrófla við stöðu ríkisins í bankanum, að hans sögn.

Ríkið á í öllum stóru bönkunum þremur, mest í Landsbankanum, eða 81,3 prósent, þrettán prósent í Arion banka og fimm prósent í Íslandsbanka. Alls eru 190 milljarðar króna af fjármunum ríkisins bundnir í bönkunum.

Útreikningar Bankasýslunnar sýna að Íslandsbanki stendur langbest að vígi, með 28,7 til 32,5 prósenta arðsemi af grunnrekstri. Sama tala hjá Arion banka er 3,8 til 7,9 prósent og einungis 2,4 til 6,4 prósent hjá Landsbankanum. Eðlileg arðsemiskrafa er metin ríflega fimmtán prósent.

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins, vill ekki tjá sig um það til hvaða aðgerða hún telur að þurfi að grípa eigi arðbærnimarkmið bankanna að nást.

- sh, shá / sjá síðu 12

Árni Páll Árnason:

## Tilmælin um vexti misráðin

**EFNAHAGSMÁL** Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, segir að tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um gengistryggð lán hafi verið misráðin og ótímabær.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Í grein í Fréttablaðinu í dag segir hann jafnframt að þolinmæði eftir úrskurði dómstóla og að ótímabær inngrip ríkisvaldsins geti valdið því að byrðum verði létt af fjármálafyrirtækjum og tjón þeirra verði ríkisvætt. „Það má aldrei verða," skrifar Árni Páll.

Skilaboð Árna Páls til fjármálafyrirtækjanna eru að þau verði að axla sína ábyrgð og snúa baki við starfsháttum fortíðarinnar.

- shá / sjá síðu 26



**MÁVAR OG ENDUR** Þessi maður gerði heiðarlega tilraun til að gefa öndunum á Tjörninni brauð en mávarnir gáfu þeim engin grið og stálu flestu því sem hann hafði að bjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mávum fjölgar á ný og talið er að þrjú til fimm þúsund pör af sílamávi verpi nú í Reykjavík:

## Hirða brauð andanna á Tjörninni

**DÝRALÍF** Mávi hefur fjölgað töluvert aftur í Reykjavík á síðustu misserum. Þrjú til fimm þúsund pör af sílamávi eru nú talin verpa á höfuðborgarsvæðinu en mávar leita fæðu í þéttbýli þegar fæða hans í sjó bregst.

„Við erum nú nýtekin til starfa og höfum verið að fást við alls konar önnur mál, eins og varðandi endurvinnslu og vistvæna orkugjafa, þannig að við höfum ekki ennþá komist í þetta," sagði Karl Sigurðsson, nýr formaður Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur, spurður um mikla fjölgun máva. Reykjavíkurborg stóð fyrir átaki um fækkun máva við Tjörnina á árunum 2006 til 2007. Karl sagðist eiga von á að mávamál yrðu skoðuð við tækifæri.

- mþl

Hátt á þriðja tug rannsókna:

## Mikið af fornminjum glatast

**VÍSINDI Fornleifavernd ríkisins hefur veitt leyfi fyrir 22 fornleifauppgröftrum á árinu. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hefur yfirumsjón með miklu rannsóknarverkefni á Strákatanga á Vestfjörðum þar sem verið er að grafa upp og skoða hvalveiðiminjar. Ragnar segir margt spennandi og óvænt hafa komið í ljós, en náttúran sé þó ekkert lamb að leika sér við.**

**„Það er mjög mikið af fornminjum sem fara í sjóinn," segir hann. „Landbrot hefur aukist mjög mikið og hafið er í óða önn að brjóta upp strendur landsins."**

- sv / sjá síðu 16

Brúðkaup Anítu Briem:

## Brúðarmeyjar í íslenskum kjól

**TÍSKA** Tískufyrirtækið Emami hefur boðið leikkonunni Anítu Briem að hanna kjóla frítt á sex brúðarmeyjar hennar þegar hún gengur í það heilaga með unnusta sínum Dean Paraskevopoulos á grísku eyjunni Santorini í sumar. Aníta hefur þekkst boðið.



BRYNJAR INGÓLFSSON

„Það er náttúrulega frábært að fá að gera þetta með henni Anítu," segir Brynjar Ingólfsson, framkvæmdastjóri Emami. Fyrirtækið mun gera hinn vinsæla Limitlesskjól á brúðarmeyjarnar. Þetta er í fyrsta sinn sem Emami býr til kjóla fyrir brúðarmeyjar en áhugi er á áframhaldandi gerð brúðarmeyjarkjóla.

- mmf/sjá Allt


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-22 Á BÁÐUM STÖÐUM



BETRA EN HJÁ MÖMMU

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP
SAFFRAN.IS

## SPURNING DAGSINS



*„Einar, eruð þið á nálum?“*

„Já, er maður það ekki alltaf þegar maður gerir eitthvað nýtt af nálinni.“

Einar Karl Gunnarsson er einn stofnenda útvarpsstöðvarinnar Nálarinnar sem fer í loftið á næstu dögum. Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði hann að stofnun útvarpsstöðvar væri töluverð áhætta á þessum síðustu og verstu tímum en að hann vonaðist til þess að þetta gengi vel.

Stutt í uppgjör á milli Deutsche Bank og Björgólfs Thors um skuldirnar:

# Bankinn fær arð frá Actavis

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Deutsche Bank í Þýskalandi eru sagðir við það að ná samningum við Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, um uppgjör skulda Novators við bankann sem tilkomnar eru vegna yfirtöku félagsins á Actavis í ágúst fyrir þremur árum.

Fréttastofa Reuters hefur eftir heimildamönnum að líklega verði stór hluti skulda Novators færður niður. Á móti muni arður og annað fjárstreymi sem áður hafi runnið úr Actavis til Novators fara eftirleiðis til Deutsche Bank. Það sama eigi við um andvirði af hugsanlegri sölu Actavis. Enginn tengdur Novator vildi tjá sig formlega um viðræðurnar og efni þeirra.

Deutsche Bank lánaði Novator 4,7 milljarða evra, jafnvirði um 740 milljarða króna á núvirði, vegna yfirtökunnar á Actavis og er þetta mesta áhættuskuldbinding hans. Eftir því sem næst verður komist er um kúlulán að ræða með sex prósenta vöxtum með veði í bréfunum sjálfum líkt og tíðkaðist í skuldsettum yfirtökum. Þá spilar inn í að gjalddagi lánsins er nú í júlí. Ekki er vitað til þess að samið hafi verið um lengri greiðslufrest eða aðrar breytingar á lánafyrirkomulaginu. **- jab**



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Síbrotamaður dæmdur:

# Stal traktor og ýtti í tjörn

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Þar af eru sex mánuðir skilorðsbundnir.

Maðurinn var sakfelldur fyrir fimm þjófnaðarbrot, eina tilraun til þjófnaðar og fyrir að hafa tvívegis gerst sekur um nytjastuld og eignaspjöll. Hann stal meðal annars sláttutraktor við tjaldsvæði á Akureyri og ýtti honum loks ofan í tjörn. Maðurinn á að baki talsverðan sakaferil og rauf skilorð með brotum sínum. **- jss**

Hafði áður verið hafnað:

# Mega sækja um hæli í Bretlandi

**BRETLAND** Hæstiréttur í Bretlandi hefur úrskurðað að tveir samkynhneigðir menn sem leituðu hælis í landinu eigi rétt á að fá mál sín tekin fyrir.

Aðrir dómstólar hafa hafnað beiðnum mannanna á þeim forsendum að þeir gætu lifað ágætu lífi í heimalöndum sínum með því að leyna kynhneigð sinni. Annar mannanna er frá Kamerún en hinn er frá Íran. Báðir hafa orðið fyrir árásum auk þess sem sá íranski var rekinn úr skóla þegar upp komst um kynhneigð hans.

Hæstiréttur sagði ekki samræmast grundvallarmannréttindum að láta fólk leyna kynhneigð sinni. **- þeb**

# Reynsluboltar sækja í bæjarstjórastólinn

**Alls bárust 44 umsóknir um stöðu bæjarstjóra Árborgar. Inga Jóna Þórðardóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi sjálfstæðismanna í Reykjavík, og Gunnar I. Birgisson, áður bæjarstjóri í Kópavogi, meðal margra þjóðþekktra umsækjenda.**

**SVEITASTJÓRNMÁL** Alls sóttu 44 um stöðu framkvæmdastjóra bæjarfélagsins Árborgar, 35 karlar og 9 konur. Margir þjóðþekktir Íslendingar sóttu um stöðuna, þar á meðal Gunnar Birgisson, fyrrverandi alþingismaður og bæjarstjóri í Kópavogi, Inga Jóna Þórðardóttir fyrrverandi borgarfulltrúi sjálfstæðismanna og eiginkona Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur, Ásgerður Jóna Flosadóttir framkvæmdastjóri Fjölskylduhjálpar Íslands og Einar Vilhjálmsson spjótkastari.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí ákvað bæjarstjórn Árborgar að ráða framkvæmdastjóra fyrir sveitarfélagið í stað þess að velja hann úr röðum bæjarfulltrúa. Listi umsækjenda birtur á heimasíðu bæjarfélagsins í gær.

Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur og fyrrum oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, er ein af níu konum sem sækjast eftir stöðunni. Hún segir mikla og skemmtilega möguleika í Árborg. Ástæðuna fyrir miklum minnihluta kvenna á umsækjendalistanum telur hún vera að konur séu hugsanlega frekar bundnar heimilisfesti heldur en karlmenn.

„Konur búa yfir alveg sama metnaði og karlar, en þær geti kannski síður flutt sig um set og eiga erfiðara með að breyta til,“ segir Inga Jóna. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur og einn af umsækjendum, segir Árborg vera mjög ákjósanlegan stað að búa á og hann þekki innviðina mjög vel. Hann telur ferska vinda vera að blása um stjórnmálin á Íslandi þessa dagana og vill spreyta sig í þeim.

> „Ég er ættaður frá svæðinu og bjó þarna um árabil. Ég þekki kerfið vel og hef áhuga á því að gjóa augunum aftur heim.
>
> SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON VEÐURFRÆÐINGUR

„Ég er ættaður frá svæðinu og bjó þarna um árabil. Ég þekki kerfið vel og hef áhuga á því að gjóa augunum aftur heim,“ segir Sigurður. Hann segir höfuðborgina vera að þenjast í allar áttir og mikilvægt sé að huga að þessum svæðum. Aðspurður hvort að veðrið sé gott í Árborg, segir hann að þetta sé eitt veðursælasta svæði á landinu og því verði einnig að halda á lofti.

Gunnar Ingi Birgisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðismanna og fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi, er einnig á lista umsækjenda og segir í samtali við Vísi að hann sé tilbúinn að flytja frá Kópavogi, fái hann stöðuna. Hann telur reynslu sína í stjórnmálum nýtast vel í starfið og er sammála Ingu Jónu og Sigurði um margvíslega möguleika svæðisins. **sunna@frettabladid.is**



**VILJA STJÓRNA ÁRBORG** Inga Jóna Þórðardóttir og Gunnar I. Birgisson, eru meðal reyndustu sveitarstjórnarmanna í landinu og í hópi 44 umsækjenda um bæjarstjórastól Árborgar.



**MÓTMÆLT** Félagar í Íslandi Palestínu vilja ekki viðskipti við Ísrael.

Vilja sniðganga Ísrael:

# Ísraelskar vörur verði merktar

**ÍSRAEL Félagið Ísland-Palestína vill að íslenskar verslanakeðjur hætti viðskiptum við Ísrael eða merki að minnsta kosti ísraelskar vörur sérstaklega svo neytendur geti sniðgengið þær.**

**Helstu matvæla- og verslanakeðjur á Íslandi hafa fengið áskorun um þetta frá félaginu sem vill með herferðinni kynna almenningi hversu öflugt vopn í baráttunni gegn mannréttindabrotum það sé að sniðganga vörur. Sú aðferð hafi borið árangur í baráttu gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku.** **- pg**

Nauðgaði ungum pilti:

# Frægur píanóleikari ákærður

**TAÍLAND, AP Rússneski píanóleikarinn Mikhaíl Pletnev hefur verið ákærður fyrir að nauðga fjórtán ára gömlum dreng í Taílandi. Auk þess fundust myndir af honum með nokkrum öðrum piltum.**

**Pletnev stofnaði Þjóðarhljómsveit Rússlands og er þekktur píanóleikari, tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann hefur meðal annars unnið til Grammy-verðlauna fyrir verk sín. Hann hefur dvalist talsvert í Taílandi þar sem hann á meðal annars veitingastað og önnur fyrirtæki.**

**Pletnev segir málið allt vera misskilning.** **- þeb**

## ÍRAK

### 33 létust í sprengingu

Að minnsta kosti þrjátíu og þrír létust og nærri hundrað særðust í sjálfsvígssprengjuárás í Bagdad í Írak í gær. Árásin var gerð nálægt brú þar sem þúsund pílagrímar úr röðum sjíta týndu lífi í troðningi á sama degi fyrir fimm árum síðan.

Thor Data Center:

# Fjárfest fyrir 400 milljónir

**ATVINNUMÁL** Títan fjárfestingafélag ásamt núverandi hluthöfum og lykilstarfsmönnum hafa fjárfest í Thor Data Center fyrir um 400 milljónir. Títan fjárfestingafélag mun eiga ríflega þriðjungshlut í Thor eftir hlutafjáraukninguna. Thor hóf nýlega gagnavörslu fyrir norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software í gagnaveri sínu í Hafnarfirði.

Fyrirtækið hefur tryggt sér 3,2 megawatta raforku frá HS Orku á Suðurnesjum og ákvæði eru í samningnum um allt að 19,2 megawött ef þörf krefur.

Skúli Mogensen eigandi og stjórnarformaður Títans og Baldur Baldursson framkvæmdastjóri félagsins munu taka sæti í stjórn Thor . **- shá**






Fossvogssundið haldið í Nauthólsvík í gær með þátttöku 150 manns:

# Létu vindinn ekki stoppa sig

**FÓLK** Magnaður miðvikudagur var haldinn í Nauthólsvík í gær þar sem megin viðburðurinn var svokallað Fossvogssund. Sundinu var þannig háttað að synt var frá Nauthólsvík, yfir í Kópavog og aftur í Nauthólsvík. Hópsundið fór vel fram og segir Árni Jónsson, deildarstjóri Ylstrandar, að um 150 manns hafi tekið þátt og allt hafi heppnast vel.

„Það myndaðist alveg frábær stemning þrátt fyrir stífa norðanátt,“ segir hann. „Það voru nokkrir sem komu með örlitla sjóriðu upp úr sjónum, en það var bara skemmtilegt. Þeir hristu það af sér strax,“segir Árni.

Miklir tónleikar voru haldnir í lok sundsins og skemmtu gestir sér vel. **- sv**



**ÞÁTTTAKENDUR** Fjöldi manns tók þátt í sjósundinu þrátt fyrir stífa norðanátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vodafone

# Virkjaðu þróttmikinn hlaupafélaga

**Hlaupadagar í verslunum Vodafone 8. – 15. júlí**

Náðu enn meiri árangri í sumar. Fáðu gagnleg hlaupaforrit í símann þinn og gerðu hann að öflugum einkaþjálfara á meðan þú hleypur.

**Sports Tracker** og **Endomondo** nýta GPS tæknina til fullnustu og halda utan um alla tölfræði, s.s. skref, vegalengd og bruna. Þau sýna hvert þú hleypur, hversu langt og hve hratt.

Komdu við í næstu verslun okkar og fáðu ráðleggingar um hvernig þú nærð hámarks árangri með símanum þínum.

power to you



**Nokia 5230**

**0 kr. út**
og 2.890 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

**Staðgreitt: 33.900 kr.**



**LG Optimus**

**0 kr. út**
og 3.790 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

**Staðgreitt: 44.990 kr.**



**iPhone**

**0 kr. út**
og 11.900 kr. á mánuði
í 12 mánuði.

**Staðgreitt: 139.990 kr.**

**GENGIÐ 07.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,96 | 125,56 |
| Sterlingspund | 188,82 | 189,74 |
| Evra | 157,05 | 157,93 |
| Dönsk króna | 21,068 | 21,192 |
| Norsk króna | 19,374 | 19,488 |
| Sænsk króna | 16,328 | 16,424 |
| Japanskt jen | 1,4311 | 1,4395 |
| SDR | 186,67 | 187,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,3775

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Víðtækt samstarf um atvinnu- og hvatningarátak:

# Átakinu Allir vinna hrundið af stað

**ATVINNUMÁL** Atvinnu- og hvatningarátakinu Allir vinna var hrundið af stað í gær. Um er að ræða samstarfsverkefni milli stjórnvalda, ASÍ, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu auk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Átakið var kynnt á blaðamannafundi á Lækjartorgi í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði við þetta tilefni að ríkisstjórnin léti ekki sitt eftir liggja í þessum efnum, ríkisstjórnin hefði ráðist í að leggja verulegt fjármagn í viðhaldsframkvæmdir á opinberum byggingum en samtals yrðu 3,2 milljarðar króna lagðir í slíkar framkvæmdir á þessu ári og því næsta. „Við vonumst til þess að með þessu verði veruleg fækkun á atvinnuleysisskrá og viðskipti og velta aukist í samfélaginu,“ sagði Jóhanna.

Í átakinu felst að endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við eigið íbúðarhúsnæði og sumarhús verður hækkuð úr 60 í 100 prósent. Að auki verður komið á skattafrádrætti til einstaklinga sem fjárfesta í viðhaldi á eigin húsnæði sem nemur allt að 200 þúsund króna lækkun á tekjuskattsstofni hjá einstaklingum og 300 þúsund krónum hjá hjónum og samsköttuðum. Að lokum verður áhersla lögð á mikilvægi þess að öll viðskipti almennings og fagmanna séu uppi á borðum en með því að útrýma svartri vinnu mætti auka skatttekjur ríkisins og þar með fjárveitingar til almannaþjónustu um 40 milljarða króna á ári, samkvæmt mati Samtaka iðnaðarins. - mþl



**ÁTAKIÐ KYNNT** Blaðamannafundur fór fram í húsinu sem nú rís á horni Austurstrætis og Lækjargötu.



**FYRIR FRAMAN DÓMARA** Van Houten kom fyrir dómara í Kaliforníu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fylgikona Charles Mansons:

## Neitað um náðun í 19. sinn

**BANDARÍKIN, AP** Dómstóll í Kaliforníu neitaði Leslie Van Houten, yngsta þátttakandanum í Manson-morðunum frægu, um náðun í nítjánda skipti í gær. Hún mun líklega afrýja dómnum, en getur annars sótt um á ný eftir þrjú ár.

Charles Manson og fylgismenn hans myrtu leikkonuna Sharon Tate ásamt fjórum öðrum í ágúst 1969 og hjónin Leno og Rosemary La Bianca kvöldið eftir. Van Houten viðurkenndi að hafa tekið þátt í seinni morðunum. Hún var 19 ára þegar morðin áttu sér stað fyrir 41 ári. - þeb

**LEIÐRÉTTING**

### Leiðrétting á bankabók

Í samanburði á vaxtatöflum íslensku bankanna sem birtist undir heitinu Bankabókin í Markaðnum í gær leyndust tvær villur. Annars vegar féll út að gert væri ráð fyrir að um reikning með 250 þúsund krónum væri að ræða þegar innlánsvextir voru bornir saman. Hins vegar var röng athugasemd hengd við hæstu yfirdráttarvexti í Arion banka. Það er ekki 3 prósent viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild, það á aðeins við um yfirdráttarlán fyrirtækja.

# Bankar rukka 5.000 fyrir hverja milljón

**Allir stóru viðskiptabankarnir fara að tilmælum Samtaka fjármálafyrirtækja um að innheimta tímabundið fasta krónutölu af gengistryggðum íbúðalánum.**

**EFNAHAGSMÁL** Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) beindu í gær þeim tilmælum til aðildarfélaga sinna að þau innheimti fasta krónutölu af myntkörfulánum til íbúðakaupa. Allir stóru viðskiptabankarnir urðu við tilmælunum samdægurs. Samkvæmt þeim greiða lántakendur sem þess óska fimm þúsund krónur af hverri milljón upphaflegs höfuðstóls.

Ástæða tilmælanna eru tveir dómar Hæstaréttar um bílasamninga sem kváðu á um að gengistrygging slíkra samninga væri ólögmæt. Dómarnir sköpuðu óvissu um hvort lán til íbúðakaupa falli undir dóminn. Þess er nú beðið að þeirri óvissu verði eytt fyrir dómi og tilmæli SFF eru viðbrögð við þeirri óvissu. Greiðslum er því frestað og þær lækkaðar tímabundið.

Þessi leið fjármálafyrirtækjanna gengur þvert á tilmæli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins sem mæltu með því að höfuðstóll lána yrði færður niður en af þeim borgaðir seðlabankavextir. Samningsvextir, sem eru mun lægri, yrðu því látnir standa eins og fjölmargir lögspekingar hafa talið eðlilegt. Aðrir, og þeirra á meðal Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, hafa sagt útilokað að samningsvextir standi óbreyttir.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, lagði það til við SFF að þessi leið yrði farin, en hugmyndina má rekja til Hagsmunasamtaka heimilanna. „Ég fagna þessum skjótu viðbrögðum að fara þessa leið til bráðabirgða meðan ágreiningur ríkir um fordæmisáhrif dóma Hæstaréttar.“

Spurður um af hverju þessi leið nær ekki til bílalána segir Gísli að bílalánafyrirtækin hafi lýst því yfir að senda ekki út greiðsluseðla næstu tvo mánuðina. „Ég vona að það verði búið að vinda ofan af þessu að þeim tíma liðnum. Ég hef talað fyrir heildstæðri lausn sem nái einnig til verðtryggðra lána og bílalána. Nú er bara að sjá til.“

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SFF, segir ástæðu þess að samtökin fóru ekki að tilmælum SÍ og FME einfalda. „Aðildarfélög okkar hafa metið það þannig að vafi leiki á því að húsnæðislán falli undir dóm Hæstaréttar. Á meðan það leikur vafi á því eiga þau erfitt með að vinna á grunni þeirra tilmæla.“

Guðjón segir bankana telja lausnina viðráðanlega í stuttan tíma. Það sem sé mikilvægast er að óvissu um gengistryggðu íbúðalánin skýrist sem allra fyrst. svavar@frettabladid.is

**20 milljóna króna húsnæðislán tekið árið 2007***

**Upphafleg fjárhæð:** 20.000.000 kr. **Mynt:** 50% jap. jen, 50% sviss. frankar
**Lánstími:** 480 mánuðir **Vaxtaálag:** 3,10% **Lán tekið:** 15. júlí 2007

| Útreikningur á stöðu láns miðað við að Hæstaréttur hefði ekki dæmt gengistengingu bifreiðalána ólögmæta | Útreikningur á stöðu láns eftir dóm Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingar á bifreiðarlán með samningsvöxtum |
|---|---|
| **Staða láns** 48.750.687 kr. | **Staða láns** 19.367.828 kr. |
| **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 187.623 kr. | **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 74.375 kr. |
| **Staða láns miðað við ofborganir** 48.750.687 kr. | **Staða láns miðað við ofborganir** 16.369.890 kr. |
| **Útreikningur miðað við verðtryggingu og vexti Seðlabanka Íslands** | **Útreikningur miðað við breytilega vexti Seðlabanka Íslands án verðtryggingar** |
| **Staða láns** 26.354.449 kr. | **Staða láns** 19.935.067 kr. |
| **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 126.893 kr. | **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 143.875 kr. |
| **Staða láns miðað við ofborganir** 25.033.749 kr. | **Staða láns miðað við ofborganir** 25.434.976 kr. |

Heimild: sparnadur.is

***Afborganir af láninu fram að dómi: 100.000 kr. á mán.**

Matís fær ESB-styrki:

## Fá 150 milljónir til rannsókna

**RANNSÓKNIR** Matís gegnir forystuhlutverki í tveimur nýjum og umfangsmiklum fjölþjóðaverkefnum sem Evrópusambandið hefur ákveðið að styrkja til þriggja ára, EcoFishMan og AMYLOMICS.

Styrkir ESB hljóða upp á alls 5,5 milljónir evra, jafnvirði um 860 milljóna króna. Þar af er hlutur Matís alls 950.000 evrur til beggja verkefna, jafnvirði um 150 milljóna króna.

ESB lætur allt styrktarféð renna til Matís sem síðan greiðir innlendum og erlendum samstarfsaðilum sínum. Talsverður hluti verkefnanna verður unninn á starfsstöðvum Matís á landsbyggðinni. Meistara- og doktorsnemendur munu starfa að verkefnunum. - shá

Skilanefnd Glitnis:

## Vill kyrrsetja hús Lárusar

**DÓMSMÁL Skilanefnd Glitnis krefst kyrrsetningar á húsi í eigu Lárusar Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, til tryggingar greiðslu upp í sex milljarða króna skaðabótakröfu sem höfð er uppi í máli skilanefndarinnar gegn Lárusi og tveimur aðaleigendum Glitnis, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Pálma Haraldssyni.**



LÁRUS WELDING

**Stöð 2 sagði frá þessu í gærkvöldi. Eignir Jóns Ásgeirs, að verðmæti um 200 milljónir króna, hafa verið kyrrsettar vegna þessara málaferla. Pálmi Haraldsson hefur nýlega lagt fram hálfan milljarð króna til að forðast kyrrsetningu vegna málsins.**

smellugas.is

Smellugas olís

Þú skilar inn tómum 9 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= 4.813 kr. með 25% afslætti af innihaldi



11 kg
10 kg
5 kg

Ódýrt að skipta yfir í Smellugas Olís

Þú færð nýjan þrýstijafnara þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.

**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BATNANDI VEÐUR**
Það lægir smám saman á landinu fyrst austan til og dregur heldur úr vætu til morguns. Horfur á bjartviðri suðvestanlands næstu daga en áfram má búast við smá vætu um norðan- og austanvert landið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 31° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 32° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 24° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 31° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 19° |
| París | 32° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmunduurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



20 stk STJÚPUR

995

# GARÐPLÖNTU ÚTSALA



ALLAR GARÐPLÖNTUR OG SUMARBLÓM

30-50%
afsláttur



ALLIR ÚTIPOTTAR

30-50%
afsláttur

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér í lagi að nýta jarðhita á Torfajökulssvæðinu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70,3% |
| NEI | 29,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að gamli söluturninn í Mæðragarðinum verði fluttur á Lækjatorg?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Evrópuþingið fagnar aðildarumsókn Íslands en hvetur Ísland til að semja um Icesave og hætta hvalveiðum:

# Báðir geti unað við sjávarútvegssamning

**STJÓRNMÁL** Evrópuþingið samþykkti í gær ályktun, þar sem umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er fagnað og hún sögð geta orðið bæði Íslandi og ESB til góðs.

Þingið hvetur til þess að Ísland ljúki tvíhliða samkomulagi við Bretland og Holland um greiðslu Icesave-skuldbindinganna. Í ályktuninni segir að samkomulag, sem öll ríkin geti fallist á, muni endurreisa traust á getu Íslands til að standa við skuldbindingar sínar og efla stuðning almennings, bæði á Íslandi og í ESB, við aðildarferli Íslands.

Við afgreiðslu ályktunarinnar í gær var samþykkt breytingartillaga um að hvetja Íslendinga til að hætta hvalveiðum. Í ályktuninni segir hins vegar að þingið viðurkenni að Íslendingar hafi stjórnað auðlindum sjávar á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Þingið segist gera ráð fyrir að bæði ESB og íslensk stjórnvöld nálgist viðræður um að Ísland taki upp sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins með „uppbyggilegu viðhorfi“, þannig að útkoman verði lausn, sem báðir aðilar geti sætt sig við og þjóni hagsmunum bæði sjávar-útvegsins og neytenda, jafnt á Íslandi og í ESB.

Evrópuþingið bendir á að almenningsálitið á Íslandi hafi snúist gegn ESB-aðild og hvetur íslensk stjórnvöld til að efna til opinnar umræðu meðal almennings um aðildarferlið. Framkvæmdastjórn ESB er hvött til að aðstoða við upplýsingagjöf, þannig að almenningur á Íslandi geti tekið upplýsta ákvörðun um ESB-aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. - sbt



**EVRÓPUSAMBANDSFÁNINN** Evrópuþingið fagnar aðildarumsókn Íslands.

Þjófar iðnir við kolann:

## Margir þjófnaðir á mánudegi

**LÖGREGLUMÁL** Tölvum og úrum var stolið úr húsi í vesturbæ Reykjavíkur að morgni mánudags. Í hádeginu sama dag var farið inn um glugga á gistiheimili í miðborginni og rótað í töskum ferðamanna. Ekki er ljóst hvort einhverju var stolið.

Um svipað leyti var veski með greiðslukortum stolið úr bíl í Garðabæ. Um miðjan þann dag handtók lögregla tvo karlmenn á þrítugsaldri sem höfðu stolið síma í verslun í Árbæ.

Síðdegis var tæplega tvítugur piltur tekinn fyrir þjófnað í verslun í Kópavogi. Í fyrrakvöld var seðlaveski stolið af manni sem var að horfa á knattspyrnuleik á vínveitingastað í borginni. - jss

Öryggismál í Evrópu:

## Róbert og Pétur fulltrúar Íslands á ársfundi

**ALÞINGI Róbert Marshall og Pétur Blöndal alþingismenn eru fulltrúar Íslendinga á ársfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, sem nú fer fram í Ósló.**

**Þema fundarins er Réttarríkið og baráttan gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og spillingu.**

**Róbert er formaður Íslandsdeildar ÖSE-þingsins en Pétur mun leggja fyrir þingið skýrslu um fjárreiður ÖSE.** - pg

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Féll af vöruhillu

Karlmaður á sextugsaldri slasaðist þegar hann féll um tvo metra niður af vöruhillu í vörugeymslu í Grafarvogi um kvöldmatarleytið í fyrradag. Hann var fluttur á slysadeild en ekki er vitað frekar um líðan hans. Maðurinn var við vinnu sína þegar óhappið varð.

# Sakaðir um kókaínsmygl og milljónasölu á fíkniefnum

**Fimm menn voru ákærðir í gær fyrir að hafa staðið að smygli á tæplega 1,6 kílóum af kókaíni hingað. Tveir þeirra voru jafnframt ákærðir fyrir að hafa selt fíkniefni fyrir samtals 8,5 milljónir króna.**

**DÓMSMÁL** Tveimur mönnum af fimm, sem ákærðir hafa verið fyrir smygl á tæplega 1,6 kílóum af kókaíni til landsins, er einnig gefið að sök að hafa selt fíkniefni fyrir samtals 8,5 milljónir króna, auk sölu skartgripa fyrir tvær milljónir.

Mennirnir fimm, Davíð Garðarsson, Guðlaugur Agnar Guðmundsson, Jóhannes Mýrdal, Pétur Jökull Jónasson og Orri Freyr Gíslason, eru sakaðir um að hafa staðið saman að innflutningi á ofangreindu magni kókaíns frá Spáni. Efnin voru falin í fremur töskum sem Jóhannes flutti til landsins með farþegaflugi.

Orra Frey og Guðlaugi Agnari er gefið að sök að hafa lagt á ráðin og fjármagnað innflutning efnanna. Orri Freyr fékk svo Davíð til að finna burðardýr. Sá síðarnefndi setti sig í samband við Pétur Jökul, sem fékk Jóhannes til fararinnar. Jafnframt setti Orri Freyr sig í samband í gegnum tölvu við vitorðsmann sem staddur var á Spáni til að gefa honum upp símanúmer Jóhannesar. Orri Freyr lét Davíð hafa um þrjár milljónir króna í evrum sem síðan fóru um hendur Péturs Jökuls til Jóhannesar. Með peningunum átti hann að borga fyrir fíkniefnin.

Á Spáni tók Jóhannes við fremur ferðatöskum úr hendi vitorðsmanns og lét hann hafa peningana. Eftir að hann kom heim óku Davíð og Pétur Jökull að heimili hans, þar sem Pétur Jökull sótti efnin og setti í bílinn. Davíð var búinn að afhenda Orra Frey efnin og taka við einni milljón króna til að borga Jóhannesi þegar lögreglan stöðvaði för þeirra.



**FRÁ ÞINGFESTINGU MÁLSINS** Sakborningar mættu til þingfestingar í fylgd lögreglu eða fangavarða. Þeir viðhöfðu mismiklar ráðstafanir til að skýla andlitum sínum eins og myndirnar sýna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orri Freyr er auk þessa sakaður um að hafa haft frumkvæði að því að útvega burðardýr í öðru kókaínmáli þar sem reynt var að smygla inn nær 1,8 kílóum af kókaíni eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Styrkur kókaínsins sem reynt var að smygla í því máli var mjög mikill, eða á bilinu 63 til 81 prósent, samkvæmt mælingum Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Til samanburðar má geta þess að meðalstyrkur allra kókaínsýna á árunum 2006 til 2008 var 48 prósent. Þessi tvö kókaínmál komu upp með skömmu millibili í apríl og smyglaðferðir voru áþekkar í þeim báðum.

Auk þess sem ákæruvaldið krefst refsidóma yfir mönnunum og upptöku fíkniefna og söluágóða er þess krafist að gerðir verði upptækir þrír millilítrar af anabólískum sterum sem lagt var hald á heima hjá Davíð.

Davíð og Guðlaugur neituðu sök við þingfestingu, Pétur Jökull játaði að mestu og Orri Freyr og Jóhannes báðu um frest.

jss@frettabladid.is






Atvinnumálaráðherra Svíþjóðar tilkynnti afsögn sína í gær:

# Hættur vegna forræðismáls

**SVÍÞJÓÐ** Sven Otto Littorin, atvinnumálaráðherra Svíþjóðar, hefur sagt af sér embætti af persónulegum ástæðum. Þetta tilkynnti hann á blaðamannafundi í gærmorgun.

Littorin stendur í forræðisdeilu við fyrrverandi eiginkonu sína vegna þriggja barna þeirra. Eftir að hafa mætt í réttarsal vegna málsins á þriðjudag tók hann ákvörðun um að hætta. Málið hefur vakið mikla fjölmiðlaathygli í Svíþjóð og tekið sinn toll af fjölskyldunni að sögn Littorins.

Littorin sagði börnin þrjú vera ástæður afsagnarinnar því þau hefðu þurft að gjalda fyrir embætti föður síns. „Börnin mín eru meira virði en starfið, ferillinn og allt annað,“ sagði Littorin á fundinum. Hann sagðist hafa fengið nóg og væri ekki lengur reiðubúinn að færa þær fórnir sem nauðsynlegar væru. Hann hætti því fyrir börnin, sjálfan sig og unnustu sína.

Kosningar verða haldnar í Svíþjóð eftir tvo mánuði og er sjaldgæft að ráðherrar segi af sér svo stuttu fyrir kosningar. Tobias Billström, ráðherra innflytjendamála, tekur tímabundið við ráðuneyti atvinnumála. Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra tilkynnti það í gær en tjáði sig ekki um afsögn Littorins. - þeb



**BLAÐAMANNAFUNDURINN** Littorin tilkynnti ákvörðun sína á blaðamannafundi í bænum Visby í Svíþjóð í gærmorgun. NORDICPHOTOS/AFP

# NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ FRAMKVÆMA



Þeir sem grípa tækifærið og ráðast í framkvæmdir núna geta fengið **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af keyptri vinnu. Að auki eiga sömu aðilar einnig rétt á frádrætti frá skattstofni sem getur numið allt að **300 þúsund krónum.***

Nú er besti tíminn til að byggja, breyta og bæta það sem betur má fara á heimilinu eða í sumarhúsinu.

Kynntu þér málið á **ALLIRVINNA.IS**

## NÝTUM TÆKIFÆRIÐ OG RÁÐUMST Í FRAMKVÆMDIR!

* Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 getur fólk fengið frádrátt frá tekjuskattsstofni sem nemur 50% af þeirri fjárhæð sem greidd var vegna vinnu á byggingarstað (án vsk.) á árunum 2010 og 2011. Hámark frádráttarins er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum.




ALLIRVINNA.IS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 10-1257

Forsætisráðuneytið · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu Federation of Trade & Services · Samtök atvinnulífsins · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · VR · Alþýðusamband Íslands · Samtök iðnaðarins · Fjármálaráðuneytið

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu háa sekt gætu konur í Frakklandi þurft að borga fyrir að klæðast búrkum?
2. Hvar stendur söluturninn nú sem á að flytja á Lækjartorg?
3. Hvaða sjónvarpsstöð mun sýna frá tónleikum FM Belfast?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Olli banaslysi þegar hann ók próflaus og ölvaður yfir á öfugan vegarhelming:

# Ákærður fyrir manndráp

**DÓMSMÁL** Hálffertugur Grindvíkingur hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi, framið í maí í fyrra. Manninum er gefið að sök að hafa ekið ölvaður og próflaus yfir á öfugan vegarhelming á Grindavíkurvegi og framan á annan bíl, með þeim afleiðingum að ökumaður hins bílsins lést.

Hinn ákærði ók Ssangyong-jeppa sínum eftir Grindavíkurvegi snemma að morgni mánudagsins 27. maí í fyrra og skall framan á litlum Volkswagen-sendiferðabíl sem kom úr gagnstæðri átt. Þeim bíl ók Sigurfinnur Jónsson, 48 ára, og lést hann samstundis við áreksturinn.

Samkvæmt ákæruskjali var hinn ákærði töluvert ölvaður undir stýri. Vínandamagn í blóði hans mældist þrjú prómill en sektir fyrir ölvunarakstur hætta að hækka þegar komið er yfir tvö prómill.



**AF VETTVANGI** Ökumaður sendiferðabílsins lést samstundis í árekstrinum. Hinn ákærði slasaðist töluvert. MYND / VÍKURFRÉTTIR

Ákæran verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á mánudag. Allt að sex ára fangelsisvist liggur við broti sem þessu.

- sh

Matvælastofnun við eftirlit:

## Tekur við öllu búfjáreftirliti

**LANDBÚNAÐUR** Matvælastofnun á Selfossi hefur að fullu tekið við búfjáreftirliti af Bændasamtökum Íslands frá og með síðustu mánaðamótum.

Búfjáreftirlitsmenn munu því framvegis njóta handleiðslu Matvælastofnunar og þaðan munu haustskýrslur berast bændum og öðrum búfjáreigendum í haust.

Í búfjáreftirliti felst söfnun forðagæsluskýrslna, úrvinnsla og afgreiðsla gagna um fjölda búfjár og fóðuröflun í landinu.

- jss



**FRÁ SUNDAHÖFN** Bæði inn- og útflutningur hefur verið meiri í ár en í fyrra.

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Vöruskiptajöfnuður jákvæður

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskiptajöfnuður í júní var hagstæður um 8,6 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni sem birtar voru í gær. Vörur voru fluttar út fyrir tæpa 48,0 milljarða króna en innflutningur nam 39,3 milljörðum króna í mánuðinum. Frá áramótum er vöruskiptajöfnuður því hagstæður um 63,5 milljarða króna en á sama tímabili árið 2009 var hann hagstæður um 39,3 milljarða.

- mþl

**LÍFRÍKIÐ**

### Berin komin

Stúlkurnar sem nú dvelja í sumarbúðum í Ölveri fundu svo mikið af berjum í göngferð að fjallinu Blákolli í fyrradag að margar þeirra sneru til baka með bláar varir að því er fram kemur á heimasíðu KFUM og K.

**VESTFIRÐIR**

### Uppbygging í Selárdal

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið óskar eftir því við Vesturbyggð að stofnaðar verði lóðir um hús og húsarústir í Selárdal. Ráðuneytið og sveitarfélagið hyggjast ræða saman um uppbygginguá svæðinu umhverfis listasafn Samúels Jónssonar og allt sem lýtur að Selárdal og heyrir undir ráðuneytið.

### Vestfjarðavíkingurinn í gang

Fyrsta lotan í kraftakeppninni Vestfjarðavíkingnum verður á Reykhólum í dag. Keppnin hefst klukkan fjögur með kútakasti og Herkúlesarhaldi. .

# Mikil hætta af yfirgefnum borholum

**Þúsundir olíuborholna eru yfirgefnar í Mexíkóflóa án þess að gengið sé frá þeim á fullnægjandi hátt. Þetta sýnir ný rannsókn. Umhverfisslys eins og það sem varð í flóanum í apríl, og var það stærsta sinnar tegundar, geta því orðið fleiri.**

**BANDARÍKIN, AP** Mikil hætta getur stafað af um 3.500 vanhirtum og yfirgefnum olíuborholum í Mexíkóflóa, samkvæmt fréttum Associated Press-fréttastofunnar, sem hefur rannsakað málið. Borholurnar eru í opinberum skjölum sagðar hafa verið yfirgefnar tímabundið, en hafa margar hverjar verið það svo árum og jafnvel áratugum skiptir. Að minnsta kosti 23 þúsund lokaðar borholur til viðbótar eru í flóanum.

Yfirgefnar borholur geta valdið miklum umhverfisskaða, og olíuslysið í flóanum í apríl varð einmitt þegar verið var að steypa í borholu og undirbúa tímabundna lokun.

Sérfræðingar sem rætt hefur verið við segja að þrýstingur geti myndast á nýjan leik í yfirgefnum borholum, rétt eins og í eldfjöllum. Það geti leitt til leka. Þá hafi sjór og neðanjarðarþrýstingur áhrif á steypu, sem notuð er til að loka þeim, og pípulagnir og geti orðið til þess að bæði veikist. Steypa geti brotnað eða tærst upp, rétt eins og hún geri ofanjarðar í byggingum og vegum.

Þar sem mögulegt er að setja borholur í notkun á ný er þeim holum sem er tímabundið lokað yfirleitt ekki lokað eins vel og þeim sem er varanlega lokað. Reglur um tímabundið yfirgefnar borholur skikka olíufyrirtækin til að setja fram áætlanir innan árs um annaðhvort áframhaldandi notkun á þeim eða algjöra lokun. Þessar reglur eru þó gjarnan sveigðar og virðist sem stjórnvöld rannsaki ekki hvort reglum er fylgt heldur taki skjól frá olíufyrirtækjunum gild. Tugþúsundir olíuborholna eru taldar illa lokaðar, ýmist vegna þess að þeim var lokað fyrir tíma strangra reglna um slíkt eða vegna þess að eigendur þeirra brjóta reglurnar. Fyrirtæki freistast til að loka holunum ekki nægilega vel, þar sem það er bæði tímafrekt og dýrt.

Þátt fyrir viðvaranir um leka hafa hvorki stjórnvöld né iðnaðurinn látið meta stærð vandans og því veit enginn hversu margar borholur leka né hversu mikið.

thorunn@frettabladid.is



**SLYSIÐ Í MEXÍKÓFLÓA** Olíulekinn í Mexíkóflóa í maí er stærsta umhverfisslys sinnar tegundar í Mexíkóflóa. Þúsundir borholna eru vanhirtar og yfirgefnar í flóanum samkvæmt rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Alvöru útsala

## fatnaður á alla fjölskylduna

## Vorum að bæta við nýjum vörum

verð aðeins

# 250-3000 kr

| Upphaflegt verð | Útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799-999~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1.299-1.699~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| ~~2.999-3.999~~ kr. | 2.000 kr. |
| ~~4.499-6.999~~ kr. | 3.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað, skó og heimilisvöru, ekki raftæki, leikföng og húsgögn

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

**FRÉTTASKÝRING:** Hvernig skiptir nýi meirihlutinn með sér völdum í Reykjavík?

## Þau fara með völdin í borginni




*Útgjöld borgarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun 2010 og Orkuveitu og Faxaflóahafna samkvæmt ársreikningum 2009.

# Svona skiptast völdin í Reykjavík

**Nýtt lykilfólk er tekið við stjórn mála hjá Reykjavíkurborg í umboði meirihluta Samfylkingarinnar og Besta flokksins**

Skipting lykilembætta kjörinna fulltrúa Reykvíkinga milli fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar sést á myndinni hér að ofan. Þar eru tiltekin hefðbundin lykilembætti, það er að segja þau ráð sem mynda grunneiningarnar í skipuriti borgarinnar og annast ráðstöfun þorra þeirra fjármuna sem borgin veltir á hverju ári.

Einnig eru talin með stærstu dótturfyrirtæki borgarinnar, Orkuveita Reykjavíkur og Faxaflóahafnir og rekstrargjöld þeirra samkvæmt síðasta ársreikningi.

Nokkur breyting hefur orðið á skipuriti borgarinnar með tilkomu nýja meirihlutans.

Helstar eru þær að leikskólaráð hefur verið lagt niður og menntaráð hefur tekið að sér umsjón með verkefnum leikskólaráðs og tíu milljarða fjárveitingum til leikskólamála.

Eins hefur eigna- og framkvæmdaráð verið lagt niður og borgarráð hefur nú umsjón með eigna- og framkvæmdasviði borgarinnar og ber ábyrgð á rekstri fasteigna borgarinnar og nýjum fjárfestingum.

Í gegnum þessa mynd sést því hve miklum peningum skattborgaranna helstu trúnaðarmenn Samfylkingarinnar og Besta flokksins bera ábyrgð á. Sá mælikvarði er auðvitað ekki einhlítur á völd og áhrif borgarfulltrúa og flokkanna sem þeir eru fulltrúar fyrir. Skipulagsráð mótar til dæmis stefnu sem ræður þróun borgarinnar og mótar umhverfi og lífsgæði borgarbúa, auk þess sem ráðið ákveður að leyfa eða leyfa ekki tugmilljarða framkvæmdir á vegum annarra aðila en borgarinnar sjálfrar. Það ráð ráðstafar hins vegar aðeins um 500 milljónum króna af fjármunum borgarinnar. Hið sama má segja um tugi smærri nefnda, stjórna og ráða, sem nú lúta forystu fulltrúa Samfylkingar og Besta flokksins, en eru ekki grunneiningar í skipuriti borgarinnar. Þar má nefna hverfaráðin, mannréttindaráð og ýmsar rekstrarstjórnir, að ógleymdum byggðasamlögum og samstarfsnefndum sem borgin er þátttakandi í með öðrum sveitarfélögum.

**Pétur Gunnarsson**
peturg@frettabladid.is







# Erlend íbúðalán

## *5.000 kr. af hverri milljón á mánuði*

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ▪ info@arionbanki.is

**Í ljósi þeirrar réttaróvissu sem ríkir um íbúðalán í erlendri mynt hefur Arion banki ákveðið að bjóða lántakendum þessara lána tímabundið úrræði.**

▪ Í boði er að greiða mánaðarlega 5.000 kr. af hverri milljón af upphaflegum höfuðstól lánsins, umreiknuðum í íslenskar krónur.
Dæmi: Upphaflegur höfuðstóll var 13 milljónir, lántakandi greiðir 65.000 kr. á mánuði.

Sækja þarf um framangreint úrræði í útibúum bankans og taka þær gildi frá og með ágúst gjalddaga.

## Arion banki *framlengir* lausnir vegna erlendra íbúðalána til *1. september:*

1. Allt að 30% leiðrétting og möguleiki á föstum 6,0% óverðtryggðum vöxtum í 3 ár.
2. Leiðrétting á höfuðstól niður í 110% af markaðsvirði eignar.*

▪ Lántaki fyrirgerir ekki betri rétti með nýtingu úrræða/lausna bankans.

Kynntu þér málið á arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi bankans.

**Mat á virði eigna fer aldrei niður fyrir fasteignamat m.v. 01. 01. 2010.*

Arion banki

**FRÉTTASKÝRING:** Fyrsta mat Bankasýslu ríkisins á stöðu íslensku bankanna

# Óviðunandi staða Landsbankans og Arion

**Arðsemi Landsbankans og Arion banka er langt undir eðlilegri arðsemiskröfu ríkisins, sé litið fram hjá skammtímaþáttum eins og endurmati á eignum. Nyti þeirra ekki við væri rekstur bankanna tveggja í járnum. Þetta segir í fyrstu matsskýrslu Bankasýslu ríkisins, sem telur að fækka þurfi starfsfólki í fjármálageiranum hérlendis.**

Bankasýsla ríkisins, sem komið var á fót um áramót, fer með eignarhlut hins opinbera í fjármálafyrirtækjum. Ríkið á í öllum stóru bönkunum þremur, langmest í Landsbankanum, eða 81,3 prósent, þrettán prósent í Arion banka og minnst í Íslandsbanka, aðeins fimm prósent. Alls eru 190 milljarðar króna af fjármunum ríkisins bundnir í bönkunum.

### Erfiður samanburður

Í fyrstu skýrslu Bankasýslunnar er gerð tilraun til að meta arðsemina af grunnrekstri bankanna þriggja, þegar búið er að „leiðrétta“ reikningana, eins og það er kallað, fyrir svokölluðum óreglulegum liðum. Samanburðurinn er hins vegar vandasamur, að því er segir í skýrslunni, þar sem bankarnir beita ólíkum aðferðum við uppgjör og framsetningu í ársreikningum. Töluverðar tilfæringar þurfi því til að greina grunnrekstrartölur og er sá varnagli sleginn að einungis sé um nálgun að ræða.

### Óreglulegir liðir út fyrir sviga

Sá óreglulegi liður sem mest fer fyrir er endurmat á eignum bankanna sem færðar voru úr þeim föllnu yfir í hina nýju. Áhrifanna af því endurmati mun gæta á næstunni en hefur hins vegar engin áhrif á reksturinn til lengri tíma. Því er reynt að fjarlægja þennan þátt í útreikningum Bankasýslunnar.

Annar þáttur er gengissveiflur, sem höfðu töluverð en mismikil áhrif á afkomu bankanna í fyrra. Hagnaður eða tap af gengissveiflum segir hins vegar lítið um grunnrekstur bankans og er sá þáttur því einnig fjarlægður.

Aðrir þættir sem reynt er að líta fram hjá er rekstrartekjur og gjöld dótturfélaga í óskyldri starfsemi og verðbólga, sem hafði mismikil áhrif á afkomu bankanna.

Tvö reiknilíkön eru notuð til að finna út grunnreksturinn. Annað er kallað kjarnarekstur og hitt reglulegur rekstur, og eiga þau að tákna efri og neðri mörk grunnrekstrarins.

### Íslandsbanki stendur best að vígi

Niðurstaðan af útreikningunum er sú að Íslandsbanki stendur langbest að vígi af bönkunum þremur, með 28,7 til 32,5 prósenta arðsemi af grunnrekstri. Sama tala hjá Arion banka er 3,8 til 7,9 prósent og einungis 2,4 til 6,4 prósent hjá Landsbankanum.

Samkvæmt útreikningum Bankasýslunnar er eðlileg arðsemiskrafa fyrir banka í blönduðum rekstri ríflega 15 prósent. Tveir bankanna standa hvergi nærri undir því, og lengst frá því er Landsbankinn, sem er að stærstum hluta í eigu ríkisins.

### Grípa þarf til ráðstafana

„Rekstur bankanna byggist nú að stærstum hluta á þremur stoðum; endurmati eigna og gjaldeyrishagnaði, viðskiptabankastarfsemi og þóknunartekjum af eignastýringu. Stærsti og veigamesti tekjupósturinn, endurmat eigna, er einungis til skamms tíma. Ef hans nyti ekki við væri rekstur tveggja af þremur stærstu bönkunum í járnum,“ segir í skýrslunni.

Þá er kostnaðarhlutfall, það er rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum, sömuleiðis allt of hátt í Arion banka og Landsbankanum.

Í skýrslunni segir að líklegt sé að grunnrekstur bankanna batni þegar endurskipulagningu lánasafna er lokið að því gefnu að efnahagsaðstæður verði hagstæðari. Því sé ljóst að grípa verði til ráðstafana ef tryggja eigi að rekstur allra bankanna þriggja verði viðunandi.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is




**Í MISGÓÐUM MÁLUM** Íslandsbanki stendur langbest að vígi eftir útreikninga Bankasýslunnar og er sá eini af stóru bönkunum þremur sem skilar viðunandi rekstrarhagnaði. Landsbankinn og Arion banki eru langt frá því að ná því marki. MYND / SAMSETT

## Rekstrarniðurstöður bankanna og arðsemiskrafa hluthafa




Á súluritinu má sjá að töluverður munur er á arðseminni sem gefin er upp í ársreikningum annars vegar (appelsínugula súlan) og á efri og neðri mörkum útreikninga Bankasýslunnar fyrir grunnreksturinn hins vegar.

## Kemur ekki á óvart



ELÍN JÓNSDÓTTIR

„Það kemur okkur ekkert á óvart að arðsemi eigin fjár, leiðrétt fyrir þessum óreglulegu liðum, hafi verið svona,“ segir Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins. „Við viljum bara að það sé horft á stöðuna eins og hún er núna og brugðist við þannig að horft sé til framtíðar verði bankarnir búnir að ná arðbærum almennum rekstri. Við höfum fulla trú á að það náist,“ segir Elín og bendir á að þess sjái þegar stað í fyrsta ársfjórðungsuppgjöri Landsbankans í ár að staðan sé farin að batna.

Elín vill ekki tjá sig um það hvaða aðgerða hún telur að þurfi að grípa til eigi þau arðbærnimarkmið að nást. Spurð um hinn mikla fjölda starfsmanna í fjármálageiranum sem fjallað er um í skýrslunni og hvort hagræðing á því sviði sé brýn, segir Elín það ekki vera helsta forgangsatriðið. Þær tölur gefi hins vegar skýra vísbendingu um að íslenska fjármálakerfið sé of stórt.

Elín segir það helst hafa komið á óvart við vinnslu skýrslunnar hversu ósamanburðarhæfir ársreikningar bankanna eru. Æskilegt væri að bætt yrði úr því.



## Starfsmenn of margir miðað við umsvif bankakerfisins

Of margt fólk starfar nú í íslenska fjármálakerfinu að mati Bankasýslunnar. Hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu á Íslandi er með því hæsta sem þekkist. „Þrátt fyrir bankahrunið er hlutfall starfsmanna í fjármálaþjónustu sem hlutfall af heildarvinnuafli svipað og það var árið 2007 er stefnt var að því að gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð,“ segir í skýrslunni.

Á Íslandi starfa um 4,7 prósent vinnufærs fólks í bönkum og fjármálafyrirtækjum, sem er líkt og áður segir með því hæsta sem gerist. „Í Bretlandi, sem segja má að sé fjármálamiðstöð Evrópu, er hlutfallið 4,25% og 5,6% í bankalandinu Sviss,“ segir í skýrslunni. Í Evrópusambandinu öllu er hlutfallið þrjú prósent.

„Ljóst er að miðað við núverandi umsvif bankakerfisins er fjöldi starfsmanna mikill,“ segir í skýrslunni. Töluvert verk sé enn óunnið við að laga starfsemi fjármálafyrirtækja á Íslandi að þeim breytingum sem hafa átt sér stað.

### Starfsfólk í fjármálageiranum sem hlutfall af vinnuafli




Miele




vilborga@centrum.is

Sparaðu með Miele
Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.320 fylgir frítt með.
Fullt verð kr. 32.812
Staðgreiðsluverð kr. 26.250*
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur
*Gildir á meðan birgðir endast.
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# SJÁÐU HM Í HÁSKERPU

NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ FÁ SÉR HÁSKERPU SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI OG ÞÚ FÆRÐ ÁSKRIFT AÐ SPORT 2 OG SPORT 2 HD Í EINN MÁNUÐ Í KAUPBÆTI. INNBYGGÐUR MYNDLYKILL FYLGIR!*




60PK250

**60" LG plasma**

full HD 1080P

Nýtt og glæsilegt 60" plasma sjónvarp frá LG
• Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar • 600Hz • Full HD

60" frábært verð

Tilboðsverð **599.995 kr.**




42LD750N

**42" LG LCD**

full HD 1080P · HDMI · USB

Upplausn 1920x1080 punktar • 200Hz • 3 x HDMI • Dual XD Engine • TrueMotion • Smart Energy Saving • LAN • 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA • DivX HD stuðningur

Nýtt

Tilboðsverð **299.995 kr.**




42LD650N

**42" LG LCD**

full HD 1080P · HDMI · USB

Upplausn 1920x1080 punktar • 100Hz • 3 x HDMI • LAN • 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA • DivX HD stuðningur

40.000 kr. afsláttur

Tilboðsverð **259.995 kr.**

Verð áður 299.995 kr.




TX-P42C2E

**42" PANASONIC**

HD ready · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1024x768 punktar • 100Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

30.000 kr. afsláttur

Tilboðsverð **149.995 kr.**

Verð áður 179.995 kr.

## HM Í HÁSKERPU

SPORT 2 HD · SPORT 2 · vodafone

*Viðskiptavinur þarf að hafa aðgang að útsendingu Digital Ísland eða ADSL sjónvarp frá Símanum eða Vodafone til að geta nýtt áskriftartilboðið. Möguleiki á háskerpuútsendingu er bundinn við Digital Ísland örbylgjusendingar. Kortalesari (innbyggður myndlykill) virkar eingöngu með Digital Ísland útsendingu. Sé hún ekki í boði þarf að notast við hefðbundna myndlykla frá þjónustuaðilum.

HÁTÆKNI 1985-2010

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 101709


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
149
KR. KG
BEINT FRÁ SPÁNI
RAUÐ VATNSMELÓNA NÝ UPPSKERA
198
KR. KG
FRÁ HOLLANDI
HOLLENSKT ICEBERG SALAT
498
KR. 500g
FRÁ HOLLANDI
JARÐARBER 500g
398
KR. KG
FRÁ CHILE
RAUÐ NÝ VÍNBER
398
KR. 551ml
FRÁ AMERÍKU
AMERÍSK BLÁBER 551 ml
BÓNUS
FERSKT SPÍNAT
298
KR. 200g
BÓNUS SPÍNAT 200g
598
KR. KG
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
ÍSLENSK PAPRIKA /BLANDAÐIR LITIR
Halta
259
KR. 250ml
HALTA ÞEYTIRJÓMI 250 ML
Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?
FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í BÓNUS SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.BONUS.IS
4x1.5l
50% MEIRA MAGN
Coca-Cola
698
KR. 1.5 LTR
COKE-KIPPA 4 x 1,5 ltr.
ALLAR GERÐIR
pepsi
pepsi MAX
179
KR. 2 LTR
Coca-Cola
Coca-Cola light
98
KR. 0,5 LTR
Kristall
98
KR. 0,5 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



998 KR. KG
❄FRYSTIVARA❄

KS FROSIÐ LAMBASIRLOIN



2698 KR. KG

HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR



1598 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% afsláttur**



1259 KR. KG
❄FRYSTIVARA❄

KS LAMBALÆRISSNEIÐAR



565 KR.KG

KJÖRFUGL ***FERSKUR*** HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG ***15% AFSLÁTTUR***




398 KR.KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 498 KR.KG. **20% afsláttur**



998 KR. KG
❄FRYSTIVARA❄

KS FROSIÐ LAMBALÆRI

## FERSKT LAMBAKJÖT




479 KR.KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. **20% afsláttur**




25% AFSLÁTTUR

111 KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK

598 KR.KG
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG

**Sérskorið ferskt lambalæri**
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt á lærinu og minna bein !



1259 KR. KG

BÓNUS FERSKT LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI Á www.bonus.is




FROSNIR BÓNUS BORGARAR 10 x 120g
***1298 KR PAKKINN***
4 STÓR BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ
***139 KR***

*PYLSA Í BRAUÐI Á CA. 53 KR.*





1583 KR. KG

BÓNUS FERSKAR LAMBAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1979 KR.KG. ***20% AFSLÁTTUR***




129 KR.460ml
BÓNUS TÓMATSÓSA

159 KR.460ml
BÓNUS SÆTT SINNEP



1583 KR. KG

BÓNUS FERSKAR BLANDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1979 KR.KG. ***20% AFSLÁTTUR***




698 KR. KS
BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Fornleifarannsóknir á Íslandi

# Margar minjar verða sjónum að bráð

**Fornleifavernd ríkisins hefur gefið leyfi fyrir um 22 fornleifarannsóknum fyrir árið 2010. Fornleifafræðingur segir landbrot hafa aukist. Mikið af fornminjum fari í sjóinn.**

Hátt á þriðja tug fornleifarannsókna mun eiga sér stað á landinu í ár. Sumar eru yfirstaðnar, aðrar í fullum gangi og nokkrar eru ekki hafnar enn. Fornleifavernd hefur gefið leyfi fyrir um 25 rannsóknum á Íslandi og eru þær víðs vegar um landið. Rannsóknirnar eru af ýmsum toga og efnin eins misjöfn og þau eru mörg. Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða, hefur yfirumsjón með miklu rannsóknarverkefni á Strákatanga á Vestfjörðum þar sem verið er að grafa upp og skoða hvalveiðiminjar. Ragnar segir verkefninu miða mjög vel og margt spennandi og óvænt hafa komið í ljós, en náttúran sé þó ekkert lamb að leika sér við.

„Það er mjög mikið af fornminjum sem fara í sjóinn, sérstaklega hérna á Vesturlandi,“ segir hann. „Landbrot hefur aukist mjög mikið og náttúran er í óða önn að brjóta upp strendur landsins. Það gerir það að verkum að mikið af minjum glatast í sjó og er nánast ómögulegt að nálgast þær.“

Einar segir Vestfirði vera í sérstakri hættu hvað þetta varðar og gömlu verstöðvarnar í þeim landshluta eru í mikilli hættu á því að glatast. Minjanefnd sé þó að taka málið út og muni koma með áætlun.

sunna@frettabladid.is



**UPPGRÖFTUR Á SKÚTUSTÖÐUM** Umfangsmikill öskuhaugur sem spannar langt tímabil.

## Strákatangi í Hveravík



Stór hvalveiðistöð frá 17. öld hefur uppgötvast í Strákatanga í Hveravík. Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða, segir stöðina vera jafn stóra og sambærilegar stöðvar annars staðar í Skandinavíu. „Þetta eru fjórar byggingar og við erum búin að átta okkur á hlutverki þeirra allra,“ segir Ragnar. Hann segir Baska, Hollendinga, Dani eða Englendinga hafa búið á svæðinu og einnig hafi uppgötvast einar elstu múrsteinsminjar sem fundist hafa hér á landi; vel varðveittur ofn, hlaðið múrsteinsgólf og veggir eru á meðal þeirra.
Óvæntur fundur kom í ljós þegar fornleifafræðingar fundu kuml frá víkingaöldum á Strákatanga sem hafði verið rænt eftir kristnitöku. Ragnar segir að mikið hafi verið um að lík forfeðra fólks voru grafin upp og færð inn í kristna kirkjugarða.



## Kirkjuverkefnið í Skagafirði

„Rannsóknin hefur sýnt fram á að heimilisgrafreitir hafa verið á nánast hverjum bæ í frumkristni og stærstur hluti þeirra hefur verið aflagður þegar á 12. öld, líklega þegar sóknarkirkjuskipan komst á,“ segir Guðný Zoëga, forleifafræðingur og stjórnandi Kirkjuverkefnisins. Margrét segir rannsóknina einnig hafa sýnt fram á að lega seinni tíma bænhúsa sé góð vísbending um staðsetningu garðanna þó svo að ekki hafi verið grafið í garðana eftir að kirkjurnar eða heimiliskapellurnar urðu að bænhúsum.
„Með því að finna garðana fást mikilvægar upplýsingar um gerð og skipulag greftrunarsiða í elstu kristni en lítið hefur verið um það vitað hingað til,“ segir Guðný.

### 1 Garðabær
- Urriðakot á Urriðaholti í Garðabæ. Rannsókn vegna framkvæmda.

### 2 Seltjarnarnes
- Nes á Seltjarnarnesi. Könnunarskurður vegna urtagarðs við Lækningaminjasafn.
- Nemendarannsókn í fornleifafræði við HÍ.

### 3 Borgarfjörður
- Reykholtssel í Borgarfirði. Framhaldsrannsókn á seljum Reykholts í Kjarardal.

### 4 Kaldrananeshreppur
- Strákatangi í Hveravík. Rannsókn á hvalveiðiminjum.

### 5 Skagafjörður
- Rannsókn á fornbýlum í Skagafirði. Vegna ritunar Byggðarsögu Skagafjarðar.
- Borkjarnar í Skagafirði 2010. Borkjarnasýni tekin á ýmsum stöðum samkvæmt lista.
- Kirkjuverkefnið í Skagafirði. Rannsókn á kirkjugörðum frá fyrstu tíð kristni.

### 6 S-Þingeyjarsýsla
- Ingiríðarstaðir í Þegjandadal. Framhaldsrannsókn á kumlateig og öskuhaug.
- Litlu-Núpar í landi Laxamýrar. Rannsókn á leifum kumlateigs og öskuhaugs.
- Þórutóft í landi Narfastaða í Seljadal.

### 7 Mývatnssveit
- Skútustaðir Framhaldsrannsókn á öskuhaug.
- Hofstaðir. Framhaldsrannsókn á kirkjugarði.
- Kumlabrekka í landi Geirastaða. Rannsókn á mögulegum kumlum.

### 8 N-Þingeyjarsýsla
- Svalbarð við Þistilfjörð. Rannsókn á sambandi höfuðbýli og smærri eininga innan jarðar.

### 9 Fljótsdalur
- Skriðuklaustur í Fljótsdal. Framhaldsrannsókn á munkaklaustri.

### 10 A-Skaftafellssýsla
- Hólmur í Nesjum, A-Skaftafellssýslu. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði.
- Kvísker í Öræfum, A-Skaftafellssýslu. Rannsókn á rústum frá fyrstu tíð.

### 11 Rangárvellir
- Kot á Rangárvöllum. Framhaldsrannsókn á mögulegu býli.

### 12 Holtasveit
- Rústir í landi Lækjar og Hjallaness í Holta- og Landssveit. Rannsókn vegna framkvæmda við Holtavirkjun.

### 13 Villingaholtshreppur
- Þjótandi í Villingaholtshreppi. Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda við Urriðafossvirkjun.




## Landnám og menningarlandslag

Könnunarskurðir á bæjarstæðum og seljum í landi Svartárkots, Máskots og víðar í Þingeyjarsveit og Helluvaðs, Gautlanda, Geirastaða, Arnarvatns og Grænavatns í Skútustaðahreppi í S-Þingeyjarsýslu.

## Kot á Rangárvöllum

„Gjóskan búin að setja strik í reikninginn,“ segir Margrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða og stjórnandi verkefnisins. Hún segir öskuna úr Eyjafjallajökli hafa tafið rannsóknina talsvert. „Við þurftum að stoppa gröft í síðustu viku, en við erum búin að grafa hérna síðan 2006. Þegar Suðurlandsskjálftarnir riðu yfir árið 2008 urðum við líka fyrir miklu tjóni,“ segir Margrét. Hópurinn er að vinna að uppgreftri stórs sels, líklega frá landnámi. Margrét segir náttúruhamfarir líklega hafa lagt býlið í eyði og telur því tafirnar viðeigandi í ljósi sögunnar.



## Skútustaðir í Mývatnssveit



Uppgröftur á Skútustöðum hefur staðið yfir í rúmar tvær vikur og segir Þóra Pétursdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands, rannsókninni miða vel. „Bæjaröskuhaugurinn á Skútustöðum er ótrúlega stór og umfangsmikill,“ segir Þóra. „Hann spannar tímabil frá 18. öld og aftur að landnámi, sem gefur okkur miklar og dýrmætar upplýsingar um búshald, lífsviðurværi, neyslu og nytjar.“ Mikið dýrabeinasafn hefur fundist í uppgreftrinum og einnig er búið að uppgötva einhverja forngripi. Rannsókninni verður haldið áfram næstu þrjár vikurnar.

www.ellingsen.is



PIPAR\TBWA • SÍA • 101425

# GISTING á frábæru verði!

Í Destiny fást gæði á einstöku verði. Útlit Destiny-seríunnar er fremur hefðbundið en því meira lagt upp úr frábærum gæðum. Þessir eru fyrir þá sem setja gæði og verð í fyrsta sæti.

**SEDONA fellihýsi**
**1.980.000 kr.**
**Fullt verð 2.293.000 kr.**
**m/aukapakka**

| | Fullt verð |
|---|---|
| Sedona fellihýsi | 2.190.000 kr. |
| Coleman stólar 2 stk. | 17.980 kr. |
| Borð | 8.490 kr. |
| Inniljós m/viftu 2 stk. | 15.720 kr. |
| Markísa | 61.589 kr. |
| | 2.293.779 kr. |
| **Afsláttur** | **313.778 kr.** |




| TÆKNILÝSING | SEDONA |
|---|---|
| Lengd kassa | 8 fet |
| Stærð kassa | 248 cm |
| Heildarþyngd | 1090 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 713 kg |
| Hámarksburðargeta | 377 kg |
| Heildargeymslurými | 1064 l |
| Dekkjastærð | 5.30x12 |
| Stærð opinn (LxB) | 617x246 cm |
| Stærð lokaður (LxB) | 432x226 cm |
| Hæð lokaður/opinn | 135/249 cm |
| Innihæð | 203 cm |
| Breytanl. borðkrókur/rúmstærð | 104x168 cm |
| Staðsetning vatnsgeymis | í skáp |
| Rúmtak vatnsgeymis | 20 l |

**STAÐALBÚNAÐUR**

- Fjórir stuðningsfætur
- Vatnsþolið matborð
- Einangrað þak m. einföldum saumi; álklædd grind f. skyggni
- Rafhemlar með 5 bolta nöfum
- Sveif fyrir lyftikerfi
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Stálgrind úr holum bitum (Prófíl)
- Grjótvörn úr tígulplötu að framan
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Þykk svampdýna
- Útiljós fyrir pall
- Dyraþrep
- Nefhjól sem leggst upp
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Yfirfelldir efri eldhússkápar með geymslurými
- 20 l vatnsgeymir
- Vaskur úr ryðfríu stáli
- 53 l gasísskápur
- 2 gashellur
- Fóðruð gluggatjöld
- Fóðruð rúmtjöld
- Skrautkappi allan hringinn
- Stuðari
- Fram- og afturplötur úr galvaníseruðu stáli
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn og rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Áfastir rúmfætur
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Varadekk, festing, felgulykill
- Gagnsæir vínylgluggar
- Truma®-gashitari




**REYKJAVÍK**
**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16**

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

**Útgjöldin**
Meðalneysla heimila á ári í íslenskum krónum



Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** Helga Ólafsdóttir, annar eigandi Ígló

## *Taskan verður betri með árunum*

Helga Ólafsdóttir er annar stofnenda og eigenda barnafataverslunarinnar Ígló. Hún segir sín bestu kaup á lífsleiðinni vera risastóra leðurtösku frá Marc Jacobs.

„Taskan mín er án efa bestu kaupin. Ég hef notað hana í mörg ár og hún er í fullkominni stærð," segir Helga. „Það fylgir mér svo mikið dót og drasl daglega, meðal annars fartölvan mín, og það er pláss fyrir þetta allt saman í töskunni. Svo verður hún fallegri með hverju árinu. Leðrið fær á sig flotta, notaða áferð og heldur sér svakalega vel."

Verstu kaup Helgu eru af öðrum toga. Hún telur að léleg heimilistæki almennt séu versta fjárfesting sem hún hefur gert.

„Þó sérstaklega ryksugur," segir Helga. „Ég virðist alltaf kaupa lélegar ryksugur og læri aldrei."

Helga tekur fram að í dag sé svo dýrt að gera við gömul heimilistæki að oftast borgi sig að henda þeim og kaupa ný.


**HELGA ÓLAFSDÓTTIR**

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SMÁ KLÓR Í ÞVOTTINN OG SKYRTURNAR VERÐA EINS OG NÝJAR

■ *Daníel Tryggvi Thors, starfsmaður í Herrafataverslun Sævars Karls*



„Ég hef tvö ráð handa lesendum. Fyrir það fyrsta þá er algengt vandamál að hvítar skyrtur gulni með tímanum en ef maður skellir smá klóri í hvíta þvottinn þá verða þær aftur hvítar og flottar.
Hitt ráðið er það að ef maður hefur málningu á höndunum og á ekki terpentínu eða hreinsilög þá getur maður blandað saman kaffikorgi og venjulegri handsápu og nuddað því á hendurnar til að ná málningunni af."

■ **Reiðhjól**

## Notuð reiðhjól á höfuðborgarsvæðinu



Útivistarverslunin Everest er eina verslunin á höfuðborgarsvæðinu sem selur notuð reiðhjól. Eru þau tekin upp í ný, yfirfarin og seld viðskiptavinum fyrir um það bil helming af því verði sem ný reiðhjól kosta. Everest verslar með þekkt vörumerki á borð við Wheeler og Scwinn og segir Ólafur Magnússon verslunarstjóri verð reiðhjólanna fara eftir aldri og ástandi. „Notuð hjól eru á verðbilinu 20 til 30 þúsund og ný frá um það bil 55 þúsund krónum," segir Ólafur. „En fyrstir koma, fyrstir fá, vegna þess að eftirspurnin er mun meiri en framboðið." Everest er í Skeifunni 6, 108 Reykjavík.

■ **Umboð innkalla bíla**

## Gallar í Renault, Volvo og Lexus

Þrjár tegundir bifreiða voru innkallaðar af umboðum í gær samkvæmt vef Neytendastofu. Ingvar Helgason innkallaði Renault-bifreiðar af gerðinni Scenic II vegna endurforritunar á rafrænni handbremsu sem í einstökum tilvikum getur haft þær afleiðingar að handbremsan fer á. Um er að ræða bifreiðar framleiddar frá upphafi framleiðslunnar fram til 20. júní 2005. Brimborg á Íslandi kallaði inn Volvo-bifreiðar af gerðinni S80, V70, XC70, XC60 vegna viftureimastrekkjara sem getur heft hreyfanleika bifreiðarinnar. Einungis er um að ræða bifreiðar framleiddar árið 2009. Toyota á Íslandi kallaði inn Lexus-bifreiðar af gerðinni LS600hL, LS460 og GS450h vegna ventlagorma sem geta valdið gangtruflunum. Um er að ræða bifreiðar framleiddar á árunum 2006-2008. Umboðin höfðu öll samband við eigendur umræddra bíla.

■ **Tónlistin á Internetinu**

## Ókeypis tónlistarsíða með milljónum laga

Tónlistarsíðan Grooveshark.com er opin vefsíða sem gerir notendum sínum kleift að hlusta á útgefna tónlist „í beinni útsendingu" af Internetinu. Aðgangur kostar ekkert og nýr notandi skráir sig inn með aðgangs- og lykilorði og stofnar þannig reikning, eins og á flestum notendasíðum í dag. Vefsíðan veitir aðgang að milljónum laga sem notendur geta valið úr, hlustað á og vistað inn á reikninginn sinn í formi lagalista. Hægt er að nálgast lagalistann sinn í hvaða tölvu sem er. Hafa ber í huga að hvert lag sem hlustað er á telur sem erlent niðurhal.



# Komið í veg fyrir himinháa símreikninga

**Nýjar Evrópureglur eiga að sjá til þess að farsímanotendur fái ekki háa reikninga vegna gagnanotkunar í símum erlendis.**


**ÓHÆTT AÐ VAFRA ERLENDIS** Gleymi fólk sér á netvafri í símum erlendis er netið nú aftengt sjálfkrafa fari símreikningurinn yfir um 8 þúsund krónur.

Nýjar reglur, sem gilda í öllum löndum á EES-svæðinu og tóku gildi 1. júlí, segja til um sértækt kostnaðarþak á símreikningum þegar ferðast er erlendis. Hugmyndin er að koma í veg fyrir að símnotendur fái himinháa reikninga vegna gagnaflutnings í síma erlendis. Kostnaðarþakið gildir um sms- og mms-skilaboð og einnig um netnotkun erlendis. Dæmi eru um að einstaklingar hafi notað síma sína óvarlega í utanlandsferðum og fengið símreikninga upp á hundruð þúsunda í kjölfarið.

Símafyrirtækin hafa brugðist við þessum reglum og frá síðustu mánaðamótum hefur nýtt GPRS-vöktunarkerfi verið í notkun. Kerfið vaktar gagnamagnið sem viðskiptavinir sem ferðast um Evrópu nota og varar þá við þegar 80 prósent af 50 evra kostnaðarþaki er náð. Þegar 100 prósent af þakinu er náð er GPRS-tengingin aftengd hjá viðskiptavininum nema hann óski eftir öðru. „Þetta er bara mjög gott mál að okkar mati. Þetta er aukin þjónusta við neytendur og kemur þá í veg fyrir að fólk sé að fá bakreikninga þegar það kemur heim því eðlilega vill fólk nota sinn síma eins og það notar hann á Íslandi. Fólk liggur sjaldnast í verðskrám áður en það fer út," segir Margrét Stefánsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Símans. Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, tók í sama streng og fagnar breytingum.

Fleiri breytingar fylgja nýju lögunum en nú er gjaldfrjálst að hringja í þjónustunúmer símafyrirtækjanna frá Evrópu auk þess sem móttekin talskilaboð eru gjaldfrjáls. Nýju reglurnar eru önnur útgáfa af reglugerð frá árinu 2007 þar sem þak var sett á verð á talsímaþjónustu erlendis en verð lækkaði víða í Evrópu í kjölfarið.

Póst- og fjarskiptastofnun sem fylgist með því að símafyrirtækin fari eftir reglunum, mun birta úttekt á stöðu þessara mála um miðjan mánuðinn og mun auglýsa breytingarnar samhliða því. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, sagði að fyrsta útgáfa þessarar reglugerðar hefði reynst gagnleg og sagði íslensku símafyrirtækin hafa sinnt þessum málum vel. magnusl@frettabladid.is

Frábær kaup

Eximo 2010 hjólhýsi á einstöku verði !

Eximo 520B Hjólhýsi

Verð: 2.698.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 5 (kojuhús)

Eximo 520L Hjólhýsi

Verð: 2.698.000kr
Lengd: 5,03 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1050 kg
Svefnpláss fyrir 4

Eximo 460 Hjólhýsi

Verð: 2.550.000kr
Lengd: 4,57 m
Breidd: 2,30 m
Þyngd: 1000 kg
Svefnpláss fyrir 4

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Mjög gott verð.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.

- 91 Lítra ísskápur.
- Gasmiðstöð m/ Ultra heat ( rafm. hitun )
- Litaðar rúður
- 12 og 220 Volta rafkerfi.

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laug - Sun. kl: 12-16

Útilegu maðurinn®

Fosshóls 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600 • utilegumadurinn.is

# HREINLÆTISTÆKI
## -á góðu verði fyrir alla - alltaf

**NÝ VARA - MIKIL GÆÐI**




WC kassi kr. **16.900**
Sturtuhnappur kr. **1.995**

Salerni kr. **10.900**
Seta kr. **4.195**

Allt settið, aðeins
**33.990**



OVA handlaug 45x35 cm
**3.900**



LAILA handlaug 55 cm
**4.900**



Seta kr.
2.790

ALIBERT salerni með stút í gólf
**19.900**



VEMAR blöndunartæki
**4.290**



Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og
botnventli
**48.900**

90x90x195cm
**52.900**



NAPOLI hitastýrt
blöndunartæki, brúsa,
barki og festing
**11.995**



Sturtuhorn 80x80 cm
**27.900**



Til í mörgum stærðum

EURO handklæðaofn
50x120 cm oval
**19.490**



VEMAR eldhúskrani
**4.490**



REGINOS Stálvaskur 80,5x48 cm
**14.900**




Til í mörgum
stærðum

VOTTUÐ
GÆÐAVARA

EURO Panelofn 50x120 cm
**15.490**

KRANAR OG
HITASTILLAR FRÁ
Danfoss

***Reykjavík*** *Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes*** *Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri*** *Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík*** *Garðarsbraut 50.*
***FLÚÐUM***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# SUMARSP



50% AFSLÁTTUR

**Fótboltagrill**
Mjög flott kolagrill sem er í laginu eins og fótbolti. Frábært í sumar!
Stærð: Ø33 sm. Hæð: 42 sm.



GRILL ÁÐUR: 4.995,-
**2.495,-**



20% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TEKK- OG HARÐVIÐARHÚS-GÖGNUM

**Gítar**
Góður gítar á fínu verði. Tvær stærðir:
32" áður: **4.995,- NÚ: 2.995,-**
38" áður: **5.995,- NÚ: 3.995,-**



SPARIÐ 2000

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 4.995,-
**2.995,-**

SPARIÐ 2000

SO



SPARIÐ 4.000

SÓLBEKKUR ÁÐUR: 16.990,-
**12.990,-**

**ANCONA sólbekkur**
Stílhreinn sólbekkur úr áli og textilene. Bakið á bekknum er stillanlegt. Hjól eru undir honum sem gerir alla umgengni þægilegri. Stærð: B65 x L195 sm.



1 DOKKA
**309,-**

GÓÐ KAUP

**MERINO ullargarn**
Einstaklega mjúkt og þægilegt ullargarn. Fæst í nokkrum litum. Superwash. 50 gr. dokka.



Auðvelt viðhald

**FIORENTINA b**
Stílhreint sett úr áli og
glerplötu, 2 stólar og 2j
dyra. Ljósar sessur fylgja
Stærð



ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA

FLÍSPONCHO VERÐ ÁÐUR: 1.995,-
**1.495,-**

**Flísponcho með hettu**
Flott flísponcho með hettu.
Margir fallegir litir fáanlegir.



VENJULEGT VERÐ: 64.950,-
**34.950,-**

**KLARA svefnsófi**
Flottur svefnsófi. Fáanlegur með gráu eða brúnu áklæði.
Stærð: 125 x 195 sm.
Frábært verð!

SPARIÐ 30.000



8 PÖR

8 PÖR ÁÐUR: 1.2
**995,**

**Sports**
Góðir sportsokka
litum. Stærðir: 37
í pakka á frá

# ...RENGJA!



**DELUXE skjóltjald**
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum. Hælar og stangir fylgja með. Stærð: 4,0 x 1,4 m.

SKJÓLTJALD
**6.995,-**



VERÐ ÁÐUR: 6.995,-
**4.995,-**

**...FT SHELL herra- og dömujakkar**
Flottir, svartir SOFT SHELL jakkar.
Herrajakkar fást í stærðum S-XXL.
Dömujakkar fást í svörtum og rauðum lit. Stærðir S-XL.

SPARIÐ 10.000



TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET ÁÐUR: 39.900,-
**29.900,-**

**Trampólín**
Stærð: H70 sm. Ø305 sm.
Trampólín + öryggisnet
**Áður: 39.900,-**



**TARTU svefnpoki**
Svefnpoki á frábæru verði!
Stærð: 220 x 74 sm.
Þyngd: 840 gr. Má þvo í vél.
Poki fylgir.

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +16/+26°C
Lágmarkshiti +5°C

TARTU SVEFNPOKI
**1.695,-**

SPARIÐ 20.000



BORÐ + 2 STÓLAR + 2JA SÆTA SÓFI + SESSUR
VERÐ ÁÐUR: 99.990,-
**79.990,-**

**...orð + 2 stólar + 2ja sæta sófi + sessur**
... sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Flott borð með
...a sæta sófi í stíl. Hægt að nota bæði innan- og utan-
... Sessur með áklæði sem hægt er að taka af og þvo.
...ð á borði: B60 x L110 x H35 sm.

SPARIÐ 20.000



VERÐ ÁÐUR: 79.950,-
**59.950,-**

**NOVA hægindasófar**
Glæsilegir hægindasófar með svörtu PU áklæði. Hægt að halla baki og lyfta skemli. Stærð á 2ja sæta: B146 x H103 x D95 sm. Stærð á 3ja sæta: B207 x H103 x D95 sm.

23% AFSLÁTTUR



...95,-
...,-

**...okkar**
...ar, fást í nokkrum
...-47. 8 pör saman
...bæru verði!





3 MANNA TJALD
**5.990,-**

**MERKUR tjald**
Gott 3 manna tjald.
Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm². Þyngd: 3,75 kg.


RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tíðar skattabreytingar, fjárfestingarhöft og ónýtur gjaldmiðill eru í boði á Íslandi.

## Hagstætt viðskiptaumhverfi?

Ísland er meðal þeirra ríkja OECD, sem leggja mest höft á erlenda fjárfestingu. Íslenzk fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri eru í vaxandi mæli farin að horfa til þess að staðsetja höfuðstöðvar sínar annars staðar. Skattabreytingar, til dæmis álagning auðlegðarskatts og skattur á vaxtagreiðslur til erlendra aðila, koma illa við atvinnulífið. Gjaldmiðillinn er ónýtur, sem birtist meðal annars í gjaldeyrishöftum sem flækja verulega starfsemi fyrirtækja. Stjórnvöld virðast atvinnulífinu ekki sérlega vinsamleg og vilji þeirra til að styðja við bakið á því er óljós.

Þetta er meðal þess, sem fram kemur í umfjöllun Markaðarins, fylgiblaðs Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, í gær.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þetta getur ekki talizt hagstætt viðskiptaumhverfi, sem laðar fjárfesta að landinu og hvetur hreyfanleg þekkingarfyrirtæki, sem í raun geta starfað hvar sem er í heiminum, til að staðsetja starfsemi sína hér.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segist telja hættu á fyrirtækjaflótta raunverulega. Skattalegur aðbúnaður fyrirtækja sé lakari en fyrir hrun og hagkerfið óstöðugt. Lágt gengi krónunnar geti styrkt samkeppnisstöðu landsins til skamms tíma en sé ekki eftirsóknarvert til lengri tíma, enda þýði lágt gengi léleg lífskjör.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir við Markaðinn að efnahagslífið hafi um langt árabil einkennzt af sveiflum, sem hafi gert stjórnendum fyrirtækja erfitt um vik. Hann hvetur stjórnvöld til að horfa heildstætt á umhverfi fyrirtækjanna. Sé mat stjórnenda fyrirtækja að hag þeirra sé ekki betur borgið á Íslandi en annars staðar, auki það líkurnar á að þau fari.

Hilmar V. Pétursson, forstjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP, segir gjaldeyrishöftin erfiðust viðureignar. Hann segist stundum hissa á að fyrirtækið nenni að leggja kraft í að fást við þau. Hann segir að aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru muni vonandi róa umhverfið og gera það líkara öðrum löndum, þar sem fyrirtækið starfar; þar sé hægt að ganga að flestu vísu.

Forsvarsmenn fyrirtækja, sem nefnt er að mest hætta sé á að hverfi úr landi, til dæmis Össurar, Marel og CCP, hafa talað fyrir því að hér verði tekin upp evra. Hafa þeir sem hvetja til þess að umsókn Íslands um aðild að ESB verði dregin til baka, velt fyrir sér hvaða áhrif sú gjörð hefði á mat þessara fyrirtækja og margra annarra á framtíð sinni hér? Hvaða framtíðarsýn er í boði í staðinn?

Til þess að búa til hagstætt viðskiptaumhverfi þarf meðal annars að hafa í huga að sökum smæðar sinnar og fjarlægðar frá helztu mörkuðum verður Ísland í raun að bjóða fyrirtækjum upp á enn hagstæðara skatta- og reglugerðarumhverfi en löndin, sem við erum í mestri samkeppni við. Á þessu virðist núverandi ríkisstjórn hafa lítinn skilning. Viðhorfsbreyting í þeim efnum dugir þó ekki ein og sér. Nothæfur gjaldmiðill er ein forsenda þess að tryggja hér hagstætt viðskiptaumhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Komnir og farnir?

Atvinnuleysi hefur aldrei verið meira á Íslandi. Þetta sést vel á löngum listum yfir þá sem sækja um stöður bæjar- og sveitarstjóra um landið. Auðvelt er að skilja þá sem enga hafa vinnuna og vilja ljá vannýtta starfskrafta sína til bæjarstjórna hér og þar. Örðugra er hins vegar að fá botn í umsóknir manna á borð við Gunnar I. Birgisson og Snorra Finnlaugsson, sem báðir vilja skyndilega stýra Árborg. Ekki er nema einn og hálfur mánuður síðan Gunnar var endurkjörinn í bæjarstjórn Kópavogs og Snorri kom ferskur inn í bæjarmálin á Álftanesi, leiddi þar lista Sjálfstæðisflokks og situr nú sem forseti bæjarstjórnar. Hefði ekki verið betra fyrir kjósendur að vita af því fyrr að þeir hugsuðu sér til hreyfings?



### Hér og þar

Ýmis þekkt nöfn dúkka upp á fleiri en einum lista yfir umsækjendur. Stjórnmálafræðingurinn Einar Mar Þórðarson vill stýra Rangárþingi ytra, Árborg og Dalabyggð, Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður og ritstjóri, sækir um í Rangárþingi ytra og Árborg, og Grétar Mar Jónsson, fyrrverandi þingmaður, er áhugasamur um Dalabyggð og Strandabyggð.

### Að baktryggja sig

Enginn er þó ákveðnari í því að tryggja sér stól en Ragnar Jörundsson, sveitarstjóri Vesturbyggðar. Hann lætur sér ekki nægja að sækjast eftir því að gegna því starfi áfram, heldur sækir hann um í nánast öllum öðrum bæjar- og sveitarfélögum þar sem auglýst er eftir stjóra; Rangárþingi ytra, Akureyri, Ísafirði, Fljótsdalshéraði, Strandabyggð, Dalabyggð og Árborg. Og enn hafa ekki allir listar verið birtir.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Agnes og Halldór

Umræðuhefð



Svavar Gestsson

fyrrverandi alþingismaður og ráðherra

Sóley Tómasdóttir var kölluð kvenfasisti fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Ég hélt að þetta væri einsdæmi. Sá sem skrifaði svona um Sóleyju var Agnes Bragadóttir sem mun enn vera blaðamaður við Morgunblaðið. Nú hefur nýr maður ákveðið að feta í fótspor Agnesar Bragadóttur. Hann heitir Halldór Jónsson og er einn af talsmönnum Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi. Hann kallar umhverfisráðherrann umhverfisfasista og meinvætt.

Nú vill svo til að málið er skylt undirrituðum en engu að síður leyfir hann sér að spyrja: Er þetta viti borin eðlileg og viðurkennd umræðuaðferð á Íslandi? Ekki hefur undirritaður orðið var við að neinum hafi blöskrað sem bendir til þess reyndar að enginn eða fáir taki mark á þessum ofbeldisöflum orðsins á Íslandi um þessar mundir. En það breytir ekki því að þessi umræðustíll er fyrir neðan allar hellur og það er fráleitt að láta sem ekkert sé. Hér er verið að jafna þessum tveimur kvenskörungum til verstu stjórnmálaafla sögunnar. Ég veit að það er ekki sanngjarnt.

Ég veit líka að flokkssystkinum þessara einstaklinga, Agnesar og Halldórs, blöskrar þessi málflutningur. Svona talar reyndar fólk sem er illa innrætt eða fólk sem er í vörn. Ég hallast að því síðastnefnda; að þessir einstaklingar séu í vörn og þau finni það en geri sér ekki grein fyrir því.

Umhverfisfasisti og meinvættur var konan kölluð af því að hún vill koma skipulagi á notkun lúpínu. Heilu byggðarlögin eru að breytast í lúpínubreiður þar sem áður var lággróður norðurslóða. Rjúpnastofninn í Hrísey er á flótta. Bæjarstjórnir hafa ákveðið að grípa til róttækra ráðstafana. Þá ætla bandamenn Halldórs Jónssonar að ærast; hvað er að? Væri hægt að biðja um hófstillta útskýringu á því hvers vegna ofsinn er svona yfirgengilegur?

Á undanförnum misserum hef ég orðið var við allsérkennilegar og rætnar persónulegar árásir. Að skoða þær er líkast því að sjá ofan í opin holræsi; fnykurinn er eftir því. Fyrir mörgum áratugum var ákveðið að loka holræsum af tillitssemi við mannkynið. Nú er sums staðar verið að opna þau á vefnum. Óþverrinn liðast fram engum til geðs.

En þær konur sem hér hafa verið nefndar mega reyndar vera stoltar af subbuskapnum í þeirra garð; margt bendir til þess að það sé eins og viðurkenning að þessi flokkssystkini varpi á mann orði. Þau Agnes og Halldór.

En það væri samt betra að talast við með rökum en ekki ruddaskap.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Annmarkar skýrslunnar góðu

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Þótt skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) sé góðra gjalda verð, eru á henni annmarkar, sem bæta þarf úr. Skýrslan flettir að sönnu ofan af fullyrðingum stjórnvalda um Ísland sem fórnarlamb fjármálakreppunnar úti í heimi. Ekki þurftu Norðurlönd á neyðaraðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) að halda vegna kreppunnar. Þvert á móti hafa þau stutt Ísland með lánveitingum í samstarfi við AGS. Hrunið var heimatilbúið, þótt neistinn, sem kveikti bálið, bærist að utan. Skýrsla RNA tekur af tvímæli um þetta, og það gera einnig aðrar heimildir. Undan þeirri niðurstöðu verður ekki vikizt.

Höfuðályktun skýrslu RNA hljóðar svo: „Skýringar á falli Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. er fyrst og fremst að finna í örum vexti þeirra og þar með stærð þeirra þegar þeir féllu í október 2008.“ (1. bindi, bls. 31). Þetta er eins og að segja, að kviknað hafi í húsi, af því að eldur brauzt út. Fullnægjandi rannsókn á eldsvoða þarf að tilgreina eldsupptökin, enda var til að spyrja bankamenn um þrálátan orðróm innan lands og utan um fjárböðun bankanna í þágu rússneskra glæpasamtaka. Þess sjást heldur engin merki í skýrslu RNA, að varaformaður bankaráðs, sem hefur setið í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins samfleytt frá 1977 og situr þar enn, hafi verið spurður um lögbrotin, sem Sverrir Hermannsson, fyrrum bankastjóri Landsbankans, hefur borið á varaformanninn fyrrverandi í fjölmörgum blaðagreinum mörg undangengin ár – nú síðast hér í Fréttablaðinu 17. febrúar. Nefndin kaus raunar ekki heldur að ræða við Sverri, þótt hann hafi margsinnis bent meðal annars á meint lögbrot eins þeirra manna, sem stýrðu Landsbankanum fram að hruni. Vettvangslýsing Sverris hefði átt heima í skýrslunni og hlýtur nú að liggja á borðum saksóknara ásamt öðrum málum, sem varða stjórnendur og eigendur bankanna.

Margt bendir til, að meint lögbrot fyrrum varaformanns bankaráðs Landsbankans, hvort heldur þau snúast um ólöglega meðferð trúnaðarupplýsinga um fjárhag einstakra viðskiptavina eða óeðlileg viðskipti í tengslum við einkavæðingu bankanna svo sem Sverrir Hermannsson hefur marglýst á prenti, hafi ekki verið einsdæmi í ríkisbönkunum fram að einkavæðingu. Um þetta má hafa ýmsar munnlegar heimildir til marks og einnig skriflegar, til dæmis dagbækur Matthíasar Johannessen, fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins, sem eru

> Þess sjást heldur engin merki í skýrslu RNA, að varaformaður bankaráðs, sem hefur setið í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins samfleytt frá 1977 og situr þar enn, hafi verið spurður um lögbrotin, sem Sverrir Hermannsson, fyrrum bankastjóri Landsbankans, hefur borið á varaformanninn fyrrverandi í fjölmörgum blaðagreinum mörg undangengin ár

það meginhlutverk nefndarinnar „að draga upp heildarmynd af aðdraganda að falli bankanna og leita svara við spurningunni um hverjar hafi verið orsakir þess.“ (1. bindi, bls. 23). Skýrsla RNA fjallar að vísu ítarlega um einkavæðingu bankanna og rekur ýmsa galla á framkvæmd hennar. Skýrslan afhjúpar sinnuleysi, spillingu og vanrækslu í valdstjórninni og lögbrot í bönkunum. Skýrslan vísar þó hvergi til rita þekktra fræðimanna um bankarán að innanverðu eins og bandaríski prófessorinn Willam Black, sem er manna fróðastur um málið, hefur bent á. Nefndin hefði þurft að kafa dýpra og fjalla um fleira, til dæmis sparisjóðina, hrun lífeyrissjóða og REI-málið. Það bíður.

**Ónýtt rannsóknarúrræði**

Lögin um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna veita svohljóðandi heimild: „Ef maður af ásetningi neitar að gegna skyldu sinni til að veita nefndinni upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu varðar að gefa nefndinni rangar eða villandi upplýsingar …“ Þessu rannsóknarúrræði er oft beitt erlendis til að veita skýrslugjöfum, sem liggja undir grun um vitneskju um lögbrot, kost á að segja til brotanna ellegar fremja meinsæri. Ekki verður séð, að nefndin hafi beitt þessu úrræði aðgengilegar á vefnum. En svo lengi sem ekki eru lagðar fram dómtækar sannanir af því tagi, sem skýrsla RNA leggur fram um ýmis mál, munu erindrekar spillingarinnar og lögbrotanna halda áfram að þræta.

**Fjárböðun í Lettlandi**

Fordæmi Lettlands er fróðlegt í þessu viðfangi. Þar hafa margir þótzt vita, að innlendir bankar böðuðu fé fyrir Rússa. Orðrómurinn var þrálátur. Bankamenn og stjórnmálamenn hættu smám saman að þræta. Fjölmiðlar fjalla nú opinskátt um málið, og það hefur einnig AGS gert í skýrslu um Lettland. Lettar reyna ekki lengur að villa á sér heimildir. En þótt fjárböðun fyrir Rússa sé nú viðurkennd staðreynd í Lettlandi, er ekki víst, að öll kurl séu komin til grafar. Rússatengslunum er lýst sem eðlilegri bankaþjónustu líkt og þeirri þjónustu, sem svissneskir bankar hafa veitt viðskiptavinum sínum. Það er virðingarvert, að Lettar skuli gangast við þessu háttalagi frekar en að hanga á lyginni líkt og hundar á roði. Íslendingar þyrftu að taka sér slíka hreinskilni til fyrirmyndar og koma á fót sérstakri stofnun til að kljást við spillingu. Svíar settu slíka stofnun (Riksenheten mot korruption) á laggirnar hjá sér eftir stjórnarskiptin 2006. Það má kalla hyggilegar forvarnir í svo að segja óspilltu landi. Við þurfum vandlegar skýrslur um fyrri tíð og nútímann auk forvarna.

**Costa del Sol**

Síðustu sætin í júlí á einstöku tilboði.
Sala hefst kl. 9, fimmtudaginn 8. júlí og lýkur kl. 17 föstudaginn 9. júlí.

Frá kr. 59.900
Frá kr. 79.900
með hálfu fæði í 10 daga ferð.



*Ótrúleg kjör!*
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í spennandi sumarleyfisferðir til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Salan hefst kl. 9 í dag og lýkur á morgun kl. 17. Fjölbreytt gisting í boði á ótrúlegum kjörum. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

*Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða og herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.*

Kr. 59.900
Flugsæti 17. júlí – 27. júlí
Netverð á mann.

Kr. 79.900
Balmoral **+ með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi í 10 nætur með hálfu fæði. Verð m.v. 2 í herbergi kr. 104.980.- á mann með hálfu fæði m. Sértilboð 17. júl.

Kr. 109.900
Hotel Palmasol *** með "öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 10 nætur. Verð miðað við 2 í herbergi kr. 139.900.- á mann. Sértilboð 17. júlí.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



# Reglugerð um vakttíma kemur út

Flugöryggi


Kári Kárason
formaður
öryggisnefndar FÍA




Árið 2008 kom út sameiginleg reglugerð flug- og vakttíma fyrir flugrekendur í Evrópu og rann hún undan rifjum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA). Var það jákvætt skref að hafa öll flugmálayfirvöld undir sama hatti hvað þetta varðar, en það þýddi líka að sumar þjóðir þurftu nú að gangast undir reglugerð sem var rúmari og ófullkomnari heldur en fyrri reglugerðir í viðkomandi landi.

### Samgönguráðuneyti tekur af skarið

Reglugerð um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverja var innleidd á Íslandi í lok árs 2008, en í henni er m.a. tekið sérstaklega fram að skilgreina skuli áhrif bakvaktar á flugvakt sem fer í hönd ef flugmaður er kallaður út í vinnu af bakvaktinni.

Því miður lét samgönguráðuneytið undan þrýstingi frá Samtökum atvinnulífsins og fjarlægði þessa skilgreiningu, sem hafði að tillögu Flugmálastjórnar Íslands verið sett í drögin að reglugerðinni til að tryggja viðunandi flugöryggi og koma í veg fyrir óhóflega langan vakttíma í kjölfar bakvaktar.
Flugmálastjórn hafði áhyggjur af hugsanlegri misnotkun flugrekenda á þessu ákvæði í fyrri reglugerðum og áréttaði skilning stofnunarinnar á því í sérstöku bréfi til flugrekenda.

Hugsanlega var ráðuneytið með þessu að fara meðalveg á milli þess sem flugmenn og Flugmálastjórn Íslands kröfðust annars vegar og þess sem atvinnurekendur kröfðust hins vegar. Það er hins vegar ljóst að flugöryggissjónarmið voru ekki látin ráða í þetta skiptið, heldur hagsmunasjónarmið flugrekenda.

### Hvað þýðir þetta?

Í stuttu máli er mögulegt að flugmaður hefji 12 klst. bakvakt kl 6 að morgni. Klukkan 17.55 er hann kallaður út í flug og er nú samkvæmt reglugerðinni heimilt að fara á 11 klst. vakt og ef svo óheppilega vill til að vaktin lengist, t.d. út af bilunum og veðri, þá má lengja vaktina upp í 13 tíma, sem þýðir að flugmaðurinn er búinn að vera í vinnu alla nóttina og er að lenda um það bil klukkan 7 um morguninn, eða 25 klst. eftir að hann hóf varavakt sína. Rannsóknir sýna að það eru 5,5 sinnum meiri líkur á að flugmaður verði fyrir slysi ef vakttími er 13 klst. eða lengri (Goode JH, 2003) og enn meiri líkur á slysum þegar flogið er að næturlagi (Flight Safety Foundation, 2000).

Vissulega eiga flugmenn að hvíla sig og vera í formi á meðan þeir bíða eftir útkalli, en sýnt hefur verið fram á að hvíld á slíkri vakt er takmörkuð og svefn styttri og verri en undir venjulegum kringumstæðum (Torsvall L & Åkerstedt T, 1988). Að auki er eðlilegt að yfir daginn hugi menn að fjölskyldu og heimili, því ekki geta allir legið uppi í rúmi yfir hábjartan daginn og sofið.

Þann 28. október 2007 lenti Boeing-þota frá íslenska flugfélaginu JET-X á Keflavíkurflugvelli og rann út af flugbrautinni. Þetta alvarlega flugatvik var rannsakað og niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að ofþreyta flugmanna hefði verið ein af orsökum óhappsins.

### Vísindalegar rannsóknir styðja rök Flugmálastjórnar

EASA fékk fyrirtækið Moebus Aviation til að gera sérstaka skýrslu um vísindaleg og læknisfræðileg áhrif takmarkana á flug- og vakttímum áhafna. Voru fengnir til verksins 10 sérfræðingar sem komu frá ýmsum sviðum þekkingarsamfélagsins og flugiðnaðarins. Skýrsluhöfundar lögðu sérstaka áherslu á að hámarksvakttíma ætti að festa og setja 13 klst. sem algjört hámark og leyfa engar framlengingar. Ekki var hlustað á það. Enn fremur lagði starfshópurinn til að tekið yrði sérstakt tillit til varavaktar á undan flugvakt, eins og í dæminu hér á undan. Nágrannalönd okkar og mörg önnur Evrópuríki hafa tekið mark á þessu og takmarkað þann vakttíma sem flugmenn geta unnið eftir varavakt. Íslensk stjórnvöld ákváðu að gera þetta öðruvísi og sleppa þessu ákvæði, þrátt fyrir tilmæli Flugmálastjórnar Íslands um að taka slíkar takmarkanir upp.

Bráðlega mun Flugmálastjórn krefja flugrekendur um kerfi til að fylgjast með áhættu í tengslum við ofþreytu flugáhafna (Fatique Risk Management System). Göfugum tilgangi slíkra kerfa og gagnsemi verður fljótlega kastað á glæ ef stjórnvöld ákveða að fara þá leið að hlusta ekki á sérfræðiálit sinna eigin stofnana. Flugmenn eru svo sannarlega stórir hagsmunaaðilar í þessu máli en ólíkt Samtökum atvinnulífsins þá leggja þeir lífið að veði og er því umhugað um að þessi mál séu í lagi.

# Fullveldishugsjónin

Stjórnmál


Ingvar Gíslason
fyrrverandi þingmaður
Framsóknarflokksins




Fullveldishugsjón Íslendinga er nú – og hefur verið mörg undanfarin ár – á fallanda fæti. Það sem batt þjóðina saman, svo að hún væri ekki algerlega hugsjónalaus um sameiginleg markmið tilheyrir liðinni tíð. Þjóðin sem heild, stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök, er klofin í afstöðu sinni til fullveldis og sjálfstæðis. Framsóknarmenn geta horft í eigin barm.

En áhugaleysið um fullveldið hefur fleira í för með sér. Þá nefni ég það til sögunnar sem mörgum þykir síst saknaðarefni, að stjórnmálaflokkunum hefur tekist að hegða sér þannig, að fólk hefur misst á þeim traust, ekki ófyrirsynju.

Stjórnmálaflokkar voru í upphafi og eiga að vera hugsjóna- og hagsmunasamtök. Fjarri fer því að stjórnmálaflokkar eigi að líkjast hver öðrum. Þvert á móti! Þeir eiga að vera skýrt afmarkaðir hver frá öðrum. Það sakar ekki, þótt þeir fjandskapist hver við annan. Fólk þarf að finna mun á flokkunum. Af einhverjum ástæðum er svo komið að almenningur þykist ekki finna neinn mun á þeim. Það er eins og markalínurnar séu máðar út. Þetta hefur ekki orðið til annars en að fólk missir áhuga á þeirri skipulögðu stjórnmálastarfsemi sem flokkarnir eiga að sinna og marka sér pólitíska meginstefnu eftir lífsviðhorfum og réttmætum hagsmunum. Flokkar eru ekki að svíkja þjóðareininguna, þótt þeir bendi á og sjái fyrir sér að þjóðin er lagskipt, stéttskipt (ef menn vilja nota það orð) og móta stefnu sína eftir því. Heiðarleiki stjórnmála verður best tryggður með því að flokkarnir varist hræsni, það að snobba niður á við eða upp á við. Þegar flokkur kallar sig flokk allra stétta, þá er það hræsni. Þegar blað kallar sig blað allra landsmanna, þá er það hræsni.

Vantraust fólks á flokkunum eins og nú er komið lýsir sér í áhugaleysi á virkri, skipulagðri stjórnmálastarfsemi, raunar pólitískum doða, sem fullheimilt er að kalla hugsanaleti. En þessi hugsanaleti er samt ekki meiri en það (sem þó er ranghverfa á lýðræðislegri hugsun) að fólk hellir sér út í eiginhagsmunaþjark, sjálfhverfa vorkunnsemi um einkamál eða einhver svo gjörprívat áhugamál að engan varðar um slíkt röfl. Íslensk blöð bera þessari ranghverfu lýðræðislegrar umræðu glöggt vitni. Þau eru uppfull af rausi fúllyndra manna sem halda að það sé upphaf og endir lýðræðis að hella úr skálum reiði sinnar út af alls kyns hégóma, þröngsýni, smámunasemi og eigingirni.

Ekki tekur betra við á bloggsíðunum, þó að þar sé að finna gleðilegar undantekningar. Innan um þær ótöldu milljónir fáráða sem koma sér upp bloggsíðum í heiminum, eru margir úrvalsblaðamenn sem valda hlutverki sínu og mark er á takandi. Búsáhaldabyltingin hér á landi ætlar að verða það eina sem ráðvillt ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tekur mark á, þó að okkur friðsemdarmanneskjum þyki slíkur tjáningarmáti „á mörkunum“. En þá kemur á móti að það var örvinglað fólk sem þarna var að verki, fólk sem hafði verið blekkt með gylliboðum siðblindra fésýslumanna og höfðu leikið lausum hala fyrir lokuðum augum stjórnmálamanna og embættismanna.

Ráðandi öfl í þjóðfélaginu voru samgróin kröfu kapitalista um minnkandi ríkisafskipti og inngrip í umsvif auðvaldsins sérstaklega. Auðvaldsboðskapurinn hafði treyst stöðu sína hægt og bítandi, þar til steininn tók úr. Þessi boðskapur var fluttur í nafni frelsis, „frjálshyggja“ skyldi það heita. Hinn fjölþætti „liberalismi“ eins og hann var túlkaður af John Stuart Mill var orðinn að nútímaafskiptaleysisstefnu í þágu auðvaldsins. Hér var því ekki sungin nein frelsishvöt í venjulegum skilningi. Nafngiftin, frjálshyggja, var herbragð í þágu þeirra sem sóttu fram á pólitískum vígvelli auðvaldsöflum til framdráttar. Forusta Framsóknarflokksins sá ekki við þessari þróun, en horfði upp á það að samvinnuhreyfingunni var tvístrað, sparisjóðirnir urðu bröskurum að bráð og landsbyggðinni blæddi.

Þetta kapitalíska þróunarferli hér á landi er dapurlegur kafli í samtímasögu landsins. Freistandi væri að rekja þá sögu stig af stigi og mér ekki minni freisting en mörgum öðrum. En í vangaveltum mínum á þessu stutta minnisblaði læt ég nægja að benda á að ferlið er snúið mörgum þáttum, stefnum og straumum sem að lokum sameinuðust í einum streng. Trúin á sjálfstætt þjóðríki sem stjórnað væri af hófsemd með tilliti til þess að Íslendingar eru fámenn þjóð, stendur nú völtum fótum. Vaxandi hljómgrunnur er fyrir kenningunni um að dagar sjálfstæðs þjóðríkis séu úr sögunni. Hitt á að tryggja öryggi og efnalega farsæld að afsala fullveldinu eða takmarka það og framselja og gerast aðilar að Evrópusambandinu, sem þegar hefur mótast sem bandaríki (federal states) samkvæmt skipulagi sínu, þótt tregðast sé við að nefna það réttu nafni. Mig undrar hversu sjaldgæft það er að menn ræði aðild að ESB sem grundvallarbreytingu á stjórnskipun landsins og stórfellt skilningsleysi á mikilvægi sjálfstæðis eins og það sé lítils virði, en trúa á og boða sem vissu það sem ómögulegt er að sanna, að efnahagslíf þjóðarinnar eflist og þjóðaröryggið vaxi með aðild að ESB.

Slíkt er þó einungis byggt á völvuspám og völtum líkindareikningi. Um þau efni er þjóðin ofurseld áhrifavaldi pólitískra spunameistara og viðskiptaspekúlanta. Hefur þjóðin ekki fengið nóg af framreikningskúnstum gagnrýnislausra tölfræðinga? – Framhald birtist síðar.






# Haltur leiðir blindan

Evrópumál


Tryggvi Haraldsson
stjórnmálafræðingur




Þegar Alþingi tók þá lýðræðislegu meirihluta ákvörðun að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið 16. júlí í fyrra sá fólk loksins fyrir endann á þrotlausum hræðsluáróðri og lýðskrumi um kosti og galla þess að Ísland gengi í Evrópusambandið. Nú þegar við erum komast á beinu brautina og bíðum þess að aðildarviðræður hefjist hafa nokkrir þingmenn tekið sig saman og ákveðið að kasta reyksprengju í andlitið á þjóðinni með þingsályktunartillögu um að draga umsókn Íslands til baka. Hvað skyldi vaka fyrir fólki sem setur nafn sitt undir slíka pappíra á þingi nú þegar Alþingi hefur aldrei notið minna trausts?

> Hvað skyldi vaka fyrir fólki sem setur nafn sitt undir slíka pappíra á þingi nú þegar Alþingi hefur aldrei notið minna trausts?

Fjórmenningarnir beita fyrir sig þeim rökum að „fagnaðarlæti“ hafi vantað á göturnar þegar framkvæmdastjórnin mælti með því að hafnar yrðu aðildarviðræður við Ísland. Þau rýna í spákúlu og fullyrða að sjálfstæði þjóða í ESB muni minnka og fullveldisafsal aukast á komandi árum og því sé ljóst að ef Ísland gerðist aðildarríki myndi landið ráða litlu sem engu um eigin fjárlagagerð, efnahagsmál og hvað þá önnur málefni. Að lokum vitna ég beint í þingsályktunartillöguna, „Fyrirsjáanlegt er að aðildarsamningur verði felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu og mun sú niðurstaða ekki auka velvilja í garð Íslendinga hjá aðildarþjóðum Evrópusambandsins.“

Enn einu sinni stendur fólk, sem vill upplýsta umræðu um Evrópumál og skýrar upplýsingar í aðildarsamningi frammi fyrir því að þurfa að svara fyrir lýðskrum nokkurra einstaklinga sem ekki virðast geta fellt sig við lýðræðislega ákvörðun Alþingis. Til að byrja með er auðvelt að benda þeim Unni, Ásmundi, Gunnari Braga og Birgittu á það að ef eitthvað myndi skaða orðspor landsins í því uppbyggingarferli sem það er þó lagt upp í, væri það að vera fyrsta landið til að draga umsókn sína að ESB til baka áður en aðildarviðræður hæfust. Fordæmi eru fyrir því að aðildarumsóknir hafi verið frystar en aldrei dregnar til baka, áður en þjóðin fær að taka afstöðu til aðildarsamningsins þótt umræða um slíkt hafi t.d. verið til staðar á Möltu. Þjóðir á borð við Noreg og Sviss hafa báðar hafnað aðildarsamningi og hef ég ekki vitneskju um að þær hafi nokkurn tíma skert velvilja annarra þjóða í sinn garð.

Það sér allt gagnrýnið fólk að hugmyndir um að draga umsóknina til baka eru langt frá því að vera til sóma nú þegar fólk vinnur að því hörðum höndum að skapa umhverfi og breiðari sátt fyrir upplýsta Evrópuumræðu um allt land þegar aðildarferlið hefst. Að því ferli mun koma fjöldi fólks, bæði með hjálp íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB. Það er hin eiginlega upplýsingagjöf sem fólk um land allt hefur verið að kalla eftir í mörg ár og þröngir hagsmunahópar innan t.d. stjórnmálaflokka (og þingmenn þeirra) vilja koma í veg fyrir. Ég hvet andstæðinga aðildar til að kynna sér þann stuðning sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitir umsóknarlöndum áður en hlaupið er upp til handa og fóta með upphrópunum sem eru landi og þjóð til skammar. Slík orðræða getur verið töff og virkað sterkt á einhverja en er langt frá því að vera sú umræða sem við þurfum að ganga í gegnum núna.

Til stuðnings þessu er vert að rýna í nýjasta þjóðarpúls Gallup sem enn einu sinni spyr fólk hvort það sé fylgjandi blindri aðild (án samningaviðræðna) að Evrópusambandinu í stað þess að spyrja hvort fólk sé fylgjandi aðildarumsókn landsins. Útkoman, þar sem 60% segjast andvígir blindri aðild að ESB kemur í raun ekki mikið á óvart þegar litið er til þess að 55% svarenda segjast annaðhvort hafa litla eða enga þekkingu á kostum og göllum aðildar fyrir Ísland. Viljum við í alvöru draga umsóknina til baka þegar þekkingin og vitneskjan er ekki meiri?

Það er von mín og trú að fjölmiðlar geti einnig stigið upp úr mykjunni og farið að miðla nýjum og ferskum upplýsingum til landsmanna í stað þess að bjóða upp á upphrópanir þröngra hagsmunahópa hvað eftir annað sem virðast eiga sér þá einu ósk að veikja samningsstöðu Íslands út á við. Tökum okkur saman í andlitinu og gerum þetta í sameiningu í stað þess að líta á aðildarumsókn Íslands sem einhvern kappleik. Setjum svo niðurstöðuna í þjóðaratkvæði þar sem einstaklingarnir kjósa út frá eigin hagsmunum en ekki einhverra annarra.

allt að **20%** verðlækkun

# VERÐLÆKKUN

## LÆKKAÐ VERÐ Á TIMBRI

**LÆKKUM VERÐLISTAVERÐ**
**PALLAEFNI, GRINDAREFNI, BURÐARVIÐUR,**
**SPÓNAPLÖTUR, GIPSPLÖTUR, KROSSVIÐUR OFL.**

Burðarviður T1
48 x 148 mm L= 3-5,4m/stk
375900

**665 kr/m**
~~803kr/m~~

**304 kr/m**
~~345 kr/m~~

Heflað grindarefni
34 x 70 mm
534500

**2.736 kr/pl**
~~3.100 kr/pl~~

Gipsplata
120 x 255:13mm
120115

Vatnsklæðning kúpt
21 x 110mm
50900

**3.972 kr/m²**
~~4.510 kr/m²~~

**2.135 kr/m²**
~~2.480 kr/m²~~

Grenipanill
12 x 87 mm
55600

Látum verkin tala!

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

100% ENDURGREIÐSLA Á VIRÐISAUKASKATTI

**100% endurgreiðsla á VSK af vinnu fagmanna!**
**Kynnið ykkur málið.**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# Fjármálakerfi fyrir fólk

Fjármál

Árni Páll Árnason
félagsmálaráðherra



Nokkurs misskilnings hefur gætt í umræðu um afstöðu stjórnvalda til nýfallins dóms Hæstaréttar.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu í ágreiningi um túlkun þeirra samninga sem lágu að baki gengistryggðum lánaviðskiptum. Ríkisstjórnin segir ekki SÍ eða FME fyrir verkum. Þvert á móti tryggja lög sjálfstæði þessara stofnana. Hrunið kennir okkur að við eigum að virða sjálfstæði þeirra, en líka gera til þeirra ríkar kröfur. Atburðir síðustu daga sýna okkur líka að tilmælin voru misráðin og ótímabær – fjármálafyrirtækin eru nú að koma fram með tillögur um hvernig greitt verði af lánunum þar til úr öllum ágreiningi er leyst. Það áttu þau að gera strax í upphafi.

Dómstólar eru líka sjálfstæðir og munu kveða upp úr um niðurstöðu málsins. Við skipum ekki frændur og vini í Hæstarétt og segjum honum ekki heldur fyrir verkum. Ágreining um samninga á að leiða til lykta fyrir dómi og það verður gert í þessu tilviki. Dómur Hæstaréttar frá í júní stendur. Eignarleigufyrirtækin telja dóminn ekki kveða skýrt á um hvað taki við og ágreining þar um þarf því líka að leggja fyrir dómstóla. Dómstólar munu útkljá allan ágreining til fulls.

Óvissa er vissulega þungbær, en mikilvægt er að farið sé að réttum leikreglum. Ótímabær inngrip ríkisins geta valdið því að við léttum byrðum af fjármálafyrirtækjum og ríkisvæðum tjón þeirra. Það má aldrei verða.

Niðurstaða í álitamálum sem enn eru uppi liggur vonandi fyrir fljótlega í haust. Ef samningsvextir einir eiga að gilda, þá þurfum við stjórnmálamenn að vinna úr þeirri stöðu og okkur er engin vorkunn að því. Það kann að verða flókið og dýrt, en það er þá bara þannig. Við skulum fara yfir þann læk þegar við komum að honum.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu með eignarleigufyrirtækjunum. Þvert á móti er rétt að minna á að við höfum glímt við þessi fyrirtæki mánuðum saman og freistað þess að ná samkomulagi við þau um umbreytingu bílalánanna í íslensk kjör. Þau skynjuðu ekki sinn vitjunartíma þá og virðast ekki gera það enn. Framganga þeirra gagnvart fólki hefur verið óásættanleg og þau hafa haft fullkomlega óraunhæfar væntingar um greiðslugetu og greiðsluvilja fólks. Einmitt þess vegna er í 5. gr. frumvarpsins sem ég lagði fram um bílalánin gert ráð fyrir heimild fólks til að greiða helming af eftirstöðvum bílalána, þegar bíl hefur verið skilað eða að honum gengið og jafnframt bannað að gera fjárnám í íbúðarhúsnæði skuldara vegna skulda vegna bílalána. Full ástæða virðist til að Alþingi afgreiði þennan þátt bílalánafrumvarpsins, þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar.

Skilaboðin til fjármálafyrirtækjanna eru skýr: Þau verða að axla byrðarnar af eigin verkum og við munum ekki ríkisvæða það tjón. Þau þurfa að vinna með fólki en ekki í stríði við fólk. Þau þurfa að laga skuldir einstaklinga og fyrirtækja að greiðslugetu. Þau þurfa að snúa baki við starfsháttum fortíðarinnar – lánveitingum með þriðjamannsábyrgðum, gylliboðum og skrumi. Þau þurfa að læra að verðmeta áhættu og að bera hana sjálf, gegn eðlilegu endurgjaldi, en ekki velta henni yfir á þá sem hvorki eru í stakk búnir til að meta hana eða bera hana. Fjármálakerfi er til fyrir fólk – en ekki fólk fyrir fjármálakerfi.

> Skilaboðin til fjármálafyrirtækjanna eru skýr: Þau verða að axla byrðarnar af eigin verkum og við munum ekki ríkisvæða það tjón. Þau þurfa að vinna með fólki en ekki í stríði við fólk. Þau þurfa að laga skuldir einstaklinga og fyrirtækja að greiðslugetu. Þau þurfa að snúa baki við starfsháttum fortíðarinnar.

# Lúpínufár

Umhverfismál

Margrét Jónsdóttir
eftirlaunaþegi



Nú hafa vinstri grænir uppvakið mikið lúpínufár og sagt henni stríð á hendur. Þetta er flokkurinn sem kennir sig við græna náttúruna. Hann fer nú í fararbroddi við að eyða grænum gróðri í uppblásnu eyðimerkurlandi eins og Ísland er nú orðið. Til fulltingis eru landgræðslustjóri og forstjóri Náttúrufræðistofnunar kallaðir til, til að blessa þessar aðfarir. Það er sorglegt að hugsa til þess að landgræðslustjóri komi til með að sá lúpínufræjum með annarri hendi og eyða henni með hinni.

Og hver er orsökin fyrir þessu fári? Jú, misskilinn Ríósamningur þar sem Íslendingar hafa samþykkt að koma í veg fyrir innflutning á erlendum tegundum sem ógnað gætu vistkerfum hér. Skoðum þetta betur, því bæði lúpína og kerfill (sem líka á að eyða) hafa örugglega verið í landinu í um 60 til 70 ár, áður en þessi samningur var undirritaður og þar með á hann ekki við í þessu tilviki. Það er ekki um neinn nýjan innflutning að ræða sem þarf að koma í veg fyrir.

Annað. Hvers vegna á að eyða þessum tegundum sem klæða nú örlítinn hluta landsins og gera ekkert annað en að fegra það og auðga? Ógna þessar plöntur einhverjum sjaldgæfum vistkerfum? Melum, móum, graslendi, mosaþembum? Kannski söndum og ösku? Nei, ég sé ekki að þær ógni einu eða neinu. Þvert á móti gleðja þær augað og kæta hjartað. Mosi, lyng og grös eru algengustu tegundirnar í landinu og fari eitthvað af þeim forgörðum um tíma vegna lúpínu eða kerfils er enginn skaði skeður. Komist lúpína inn á svæði þar sem einhver gróður er, er það vegna þess að viðkomandi gróðurþekja er svo götótt og slitin eftir illa meðferð okkar í yfir 1.100 ár. Hún er plástur sem kemur til með að græða sárin og auðga jarðveginn.

Að lokum langar mig að benda á leiðir sem ég fer oft. Önnur er um Hafnarskóg og hin milli Akraness og Reykjavíkur. Ég þreytist aldrei á að aka til Reykjavíkur að sumri til, þegar lúpínan hefur vaxið það hátt að hún hylur allt ruslið. Mikil er fegurðin í Kollafirðinum þar sem samspil lúpínu og kerfils er eins og fegursta djásn. Og mikið er gaman að sjá hvernig til hefur tekist við að rækta lúpínuna í Hafnarskógi sem áður var að verða einn drullumelur. Bláar lúpínubreiður þar sem áður voru melar og mold. Hreint dásamleg sjón og ég hugsa oft hve það væri gaman ef allar auðnir og öll nakin fjöll á Íslandi væru orðin blá að sumri til og svo græn að blómgun lokinni, langt fram á haust. Þá væri gaman að taka undir með skáldinu og syngja „eitt sumar á landinu bláa“.

> Mikil er fegurðin í Kollafirðinum þar sem samspil lúpínu og kerfils er eins og fegursta djásn.



# ÚTSALAN ER HAFIN

## Yfir 2000 vörur á útsölu

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

IKEA®

**Verslunin opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

**www.IKEA.is**

BECK ER FERTUGUR.

*„Reynslan hefur kennt mér, að útgáfufyrirtæki eru eins og stórir hraðbankar.“*

***Bek David Campbell er bandarískur tónlistarmaður, sem gengur undir sviðsnafninu Beck. Hann á að baki ýmsa smelli, meðal annars Looser, sem vakti heimsathygli á honum um miðjan tíunda áratuginn, Where It´s at og Devil´s Haircut.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. JÚLÍ 1922

## *Ingibjörg fyrst kvenna á þing*



Ingibjörg H. Bjarnason (1867-1941) var fyrst íslenskra kvenna kjörin á þing á þessum degi árið 1822.

Ingibjörg var fædd í Dýrafirði, ein fimm barna Hákonar Bjarnasonar og Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur sem komust á legg. Að fermingu lokinni fluttist hún til Reykjavíkur þar sem hún hóf nám við Kvennaskólann í Reykjavík. Þaðan lauk hún kvennaskólaprófi árið 1882 og stundaði nám í teikningu, dönsku og ensku hjá Þóru Pétursdóttur árin 1882-1884. Ingibjörg stundaði framhaldsnám meðal annars í greinum sem tengdust uppeldis- og menntamálum í Kaupmannahöfn árin 1884-1885 og 1886-93 og lauk fyrst Íslendinga leikfimiprófi. Eftir það starfaði hún meðal annars við kennslu og varð nánasti samstarfsmaður Þóru Melsted, skólastjóra Kvennaskólans í Reykjavík, 1903-06 og síðar arftaki hennar, en eitt fyrsta verk hennar var að útvega húsnæði fyrir skólann við Fríkirkjuveg. Gegndi Ingibjörg stöðu skólastjóra allt til dauðadags.

Ingibjörg barðist alla tíð fyrir réttindum kvenna, var meðal annars einn stofnenda Lestrarfélags kvenna í Reykjavík og varð fyrst íslenskra kvenna til að taka sæti á Alþingi, 15. febrúar 1923, þar sem hún komst á þing fyrir sérstakan kvennalista. Síðar gekk hún til liðs við Íhaldsflokkinn, sem varð Sjálfstæðisflokkurinn, og sat á þingi fyrir hann til ársins 1930.

**MERKISATBURÐIR**

- **1362** Grundarbardagi á Grund í Eyjafirði. Þar drepa Eyfirðingar Smið Andrésson hirðstjóra og menn hans.
- **1497** Vasco da Gama heldur upp í fyrsta leiðangur sinn til Indlands umhverfis Afríku.
- **1853** Koma Matthew Perry og svörtu skipanna til Japans.
- **1903** Upphaf síldarsöltunar á Siglufirði. Síldarævintýrið sem þarna hefst stendur í 65 ár.
- **1922** Ingibjörg H. Bjarnason kjörin á þing fyrst kvenna og tekur hún sæti á Alþingi 15. febrúar 1923.
- **1926** Ríkisstjórn undir forsæti Jóns Þorlákssonar sest að völdum og situr í rúmt ár.

AFMÆLI



**Tom Egeland** rithöfundur er 51 árs.



**Jayden Smith** leikari er 12 ára.



**Ragnar Arnalds** rithöfundur er 72 ára.

# Tekur við stöðu framkvæmdastjóra

Stjórn Listahátíðar í Reykjavík hefur ráðið Guðrúnu Norðfjörð í stöðu framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík úr hópi 24 umsækjenda.

Guðrún Norðfjörð hefur MA-próf í menningarstjórnun frá Goldsmiths College í London, BA-próf í frönsku frá Háskóla Íslands og auk þess próf í markaðs- og útflutningsfræðum og hagnýtri fjölmiðlun frá sama skóla. Guðrún hefur verið verkefnisstjóri hjá Listahátíð síðastliðin fimm ár.

Framkvæmdastjóri Listahátíðar sér um almennan undirbúning Listahátíðar og rekstur og er næstráðandi á eftir listrænum stjórnanda, Hrefnu Haraldsdóttur.



**GUÐRÚN NORÐFJÖRÐ** Tekur við stöðunni í haust.

LISTASJÓÐUR ÓLAFAR: VEITIR FJÁRSTYRK Í FYRSTA SINN

# Tilgangurinn er að auðvelda hreyfihömluðum listsköpun

Ólöf Pétursdóttir dómstjóri hefði orðið sextíu og tveggja ára í dag hefði hún lifað en hún lést langt fyrir aldur fram hinn 20. mars árið 2008. Hún sinnti listmálun í mörg ár, meðal annars eftir að hún lamaðist við fall af hestbaki átján mánuðum áður en hún dó. Þá málaði hún með munninum. Er hún lést ákvað fjölskylda hennar að stofna sjóð sem heitir Listasjóður Ólafar og að sögn manns hennar, Friðriks Pálssonar framkvæmdastjóra Hótels Rangár, gáfu margir í sjóðinn í hennar minningu. Í dag verður veitt úr honum í fyrsta skipti.

„Listasjóðurinn starfar á þröngu sviði,“ tekur Friðrik fram í byrjun. „Hlutverk hans er að auðvelda hreyfihömluðum einstaklingum að sinna listsköpun, með hvaða hætti sem það má vera, eða í hvernig formi sem er,“ bætir hann við. Hann telur býsna algengt í heiminum að fólk máli með munni og fótum. „Það eru meira að segja til alþjóðleg samtök um þess háttar listsköpun,“ upplýsir hann.

Upphæðin sem veitt er að þessu sinni er 750 þúsund og Friðrik upplýsir að hana hljóti Sigþrúður Loftsdóttir, iðjuþjálfi á endurhæfingardeild Landspítalans á Grensási. „Hún fær styrkinn til að mennta sig í því að veita hreyfihömluðu fólki tilsögn við listsköpun,“ segir hann en hvar læra menn slíkar aðferðir? „Fyrst og fremst erlendis en jafnframt hefur Sigþrúður að undanförnu tekið þátt í námskeiðum hér heima á listasviðinu til að vera betur í stakk búin að takast á við þetta verkefni.“

Friðrik segir Sigþrúði hafa annast Ólöfu mikið á Grensásdeildinni á sínum tíma. „Hún fylgdist þar mjög vel með samvinnu Ólafar og vinar hennar Derek Mundell sem aðstoðaði hana við að ná mikilli færni í listmálun með munninum. Sigþrúði var vel kunnugt hvernig það gekk allt fyrir sig og hefur hug á að sérhæfa sig í slíkri þjálfun.“

Styrkurinn úr Listasjóði Ólafar var fyrr á þessu ári auglýstur hjá iðjuþjálfum og myndlistarkennurum. „Við ákváðum í þetta fyrsta skipti að leita eftir styrkþega sem vildi sérhæfa sig í þessari tegund af þjálfun því þeir eru ekki margir sem hafa lagt sig eftir því hér á landi. Það breytir því ekki að við höfum leyfi til þess, samkvæmt stofnskránni, að styrkja hvern sem er sem getur með einhverjum hætti eflt sína listsköpun, þrátt fyrir hreyfihömlun. Reynsla hérlendis sem erlendis hefur sýnt að það eykur lífsgæði.“

Að lokum er Friðrik spurður hvort afmælisdagur Ólafar verði úthlutunardagur styrkja úr sjóðnum í framtíðinni. „Það hefur reyndar ekki verið ákveðið,“ svarar hann. „En við skulum gera ráð fyrir því.“

gun@frettabladid.is



**FRAMKVÆMDASTJÓRI** „Við ákváðum í þetta fyrsta skipti að leita eftir styrkþega sem vildi sérhæfa sig í þessari tegund af þjálfun,“ segir Friðrik, hér með mynd eftir Ólöfu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





✝

*Hjartkær bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Sigurbjörn Björnsson**
Skútagili 2, 603 Akureyri,

lést á heimili sínu 18. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Stefán Björnsson**
**Árný Björnsdóttir**
**Elsa Björnsdóttir**
**og systkinabörn.**

**Ragnhildur Sigfúsdóttir**
**Jóhannes Magnússon**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



✝

**Emma Hansen**
*fyrrverandi prófastsfrú á Hólum í Hjaltadal*

er látin. Útförin fer fram frá Hóladómkirkju föstudaginn 9. júlí kl. 14.00.

**Björn Friðrik Björnsson**
**Ragnar Björnsson**
**Sigurður J. Björnsson**
**Gunnhildur Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Oddný Finnbogadóttir**

**Thuy Thu Thi Nguyen**
**Sveinn Agnarsson**



✝

**Haraldur Þórarinsson**
Kvistási

andaðist á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 4. júlí. Útförin fer fram frá Garðskirkju, Kelduhverfi laugardaginn 10. júlí kl. 13.00.

**Björg M. Indriðadóttir**
**Indriði Vignir Haraldsson**
**Margrét Þórarinsdóttir**
**Sigurður Þórarinsson**

**Hildur Helgadóttir**

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447














Heiðar Ingi Svansson, markaðsstjóri hjá Forlaginu, styðst við Stuðmenn þegar kemur að fatavali. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Að vera hæfilega „wild“

**Heiðar Ingi Svansson var pönkari í eina tíð. Nú situr hann í sóknarnefnd og segist ekkert spá í tískustrauma heldur klæða sig eftir því hvernig honum líður. Honum finnst líka gaman að ögra örlítið.**

„Af því ég er stefnulaus og snarklofinn í fatavali eins og öðru þá get ég leyft mér hvað sem er,“ segir Heiðar Ingi Svansson, markaðsstjóri hjá Forlaginu, þegar Fréttablaðið spyr hann út í fatasmekk hans. Hann vill ekki viðurkenna að hann spái mikið í föt en klæðir sig eftir því hvernig skapið er. Hann hefur þó gaman af því að ögra örlítið, enda pönkari í eina tíð og notar forláta röndóttar buxur óspart, þrátt fyrir mótlæti.

„Þessar buxur virðast vekja andúð allra kvenna. Ég er hins vegar mjög ánægður með þær og geng í þeim sem andstöðu gegn mótlætinu sem skellur á mér vegna buxnanna og mun ganga í þeim sama hvað á dynur.“

Pönkarinn blundar enn í Heiðari Inga þótt hann sitji nú í sóknarnefnd Laugarneskirkju. Hann mætir hiklaust í Sex Pistols-bol á sóknarnefndarfundi og efndi til pönktónleika í kirkjunni í fertugsafmælinu sínu.

„Never mind the Bollocks“ eru auðvitað góð skilaboð í kirkju, burt með allt kjaftæði. Krakkarnir mínir gáfu mér þennan bol og mér finnst hann táknrænn, það má ekki gleyma úr hverju maður er gerður. Ég hef gaman af að blanda saman ögrandi bolum og jakkafötum og geng gjarnan í bol með gamla Sambandsmerkinu við fín jakkaföt,“ segir Heiðar og upplýsir að í fataskápnum hans megi finna rándýr Dior-jakkaföt við hliðina á 1.000 króna jakkafötum úr Hjálpræðishernum. Hann sé ekki fastur innan neins ramma.

Jakkinn sem Heiðar klæðist skírskotar til gamalla tíma. „Afi kallaði svona jakka alltaf sportjakka sem mér fannst mjög flott en hann gekk gjarnan í terlínbuxum við. Ég nota líka alltaf höfuðföt og á mikið safn af höttum. Þennan sixpensara tek ég fram yfir sumarið.“

Þegar blaðamaður er farinn að efast um þær yfirlýsingar Heiðars Inga að hann spái ekkert í föt segist hann jú hafa eina reglu að leiðarljósi. „Það er stuðmannamottóið, að vera hæfilega „wild“ en hafa snyrtimennskuna ávallt í fyrirrúmi.“ *heida@frettabladid.is*






**ÓLÍFUOLÍA** er til margra hluta nytsamleg. Ef hárið er þurrt og líflaust má bregða á það ráð að láta olíuna liggja í því yfir nótt og þvo það svo bara vel daginn eftir.









NORDIC PHOTOS/AFP

Eins og sjá má var hátískusýning Dior mjög litrík og íburðarmikil.



# Allt í blóma

**Í París stendur nú yfir sýning á hátískunni fyrir næsta vetur. Hjá Dior var litagleðin áberandi og bæði tískupallarnir og sýningarstúlkurnar blómum skreytt.**

John Galliano sem hannar fyrir Dior hefur greinilega verið í góðu skapi þegar hann lagði línurnar fyrir næsta vetur. Á hátískusýningunni í París í vikunni skörtuðu sýningarstúlkurnar öllum regnbogans litum og allt var blómum prýtt. Veturinn ætti því ekki að verða dauflegur þetta árið.

emilia@frettabladid.is




FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir

TRIND
Avallt No 1



**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

STRÁKABALL
DJ PÁLL ÓSKAR
BARBARA, 10. JÚLÍ KL. 23

GAY PRIDE

STELPNABALL
DJ GLIMMER
SKÓLABRÚ, 10. JÚLÍ KL. 23

Til styrktar Hinsegin dögum í Reykjavík.
Aðgangseyrir 1000 kr.



ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?
Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is



Allt sem þú þarft...
Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing
Póst húsið





## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

Að vanda eftir upphaf útsalna er hátískan sýnd í París. Sýningarnar hófust á mánudag en tískuhúsin hafa verið í strangri megrun undanfarin misseri allt síðan að kreppan hófst og víst er að lúxus hátískunnar fer illa saman við samdrátt og atvinnuleysi. Mótsögn verður það að teljast en nýir viðskiptavinir kaupa nú hátísku, ríkir Bandaríkjamenn koma að nýju og Rússar og Austurlandabúar fjær sömuleiðis.

Eins og við var að búast byrjuðu útsölurnar með miklum æsingi á miðvikudag enda fyrstu stóru brottfarirnar í sumarfrí á laugardag og því lítill tími til stefnu fyrir þá sem vildu gera góð kaup í sumarvörum fyrir frí. Sumir kaupmenn sögðust enda sjá strax á föstudag og laugardag  að margir væru farnir og meiri ró yfir versluninni borið saman við dagana á undan.

Fyrsti útsöludagurinn og fyrsti laugardagur í útsölu eru afskaplega mikilvægir verslunardagar þar sem verslanir geta halað inn allt að tíu prósentum af ársveltu sinni. Í París er sömuleiðis hefð fyrir því að ró færist yfir borgina er líður að Bastilludeginum, hinn 14. júlí, og því geta verslanir ekki beðið með að lækka verð enn meira á útsöluvarningnum því sem mestu verður að moka út fyrir Þjóðhátíð. Tvennum sögum fer af útsölunum það sem af er. Annars vegar eru þær verslanir sem ganga vel og höfðu kannski ekki meira en svo af sumarvörum á lager til þess að lækka verð á en hins vegar eru þeir sem eiga í mesta basli og gengur ekki betur en svo að selja sumartískuna þó með afslætti sé.

John Galliano hjá Dior opnaði hátískusýningarnar með mikilli flugeldasýningu sem einkenndist af litagleði, blóm og friður gæti verið yfirskriftin, og sveif léttleiki yfir vötnum. Dior er eitt af fáum tískuhúsum þar sem fjármagni er veitt í hátískusýninguna.

Hjá Lanvin færir Alber Elbaz sig enn nær hátísku en áður þar sem hann sýndi í fyrsta skiptið á hátískuvikunni (júlí og janúar) en venjulega hefur hann haldið sig við tískuvikuna í París (október og mars). Reyndar verður það að segjast að Lanvin hannar sífellt flóknari fatnað og færist þannig nær hátísku frá fjöldaframleiðslu með flíkum sem ótal vinnustundir þarf til að koma í heiminn.

Þótt ótrúlegt megi virðast sjást stöku sinnum nýir hönnuðir á hátískusýningunum. Sem dæmi má nefna tvo hönnuði rétt rúmlega fertuga, Bouchra Jarrar, fyrrverandi stjórnanda vinnustofu Lacroix og Balenciaga, sem er heiðursgestur hátískusamtakanna, og Gustavo Lins, sem er brasilískur arkitekt umskiptur í tískuhönnuð eins og greinilega má sjá í hönnun hans sem hefur mjög formlega uppbyggingu. Tveir hönnuðir sem kannski gefa hátískunni von um að annað lifi.

*bergb75@free.fr*

Smoky er augnförðun þar sem aðaláherslan er hringinn í kringum augað og dökkur liturinn deyr út með ljósari litum koll af kolli. Þrír litir eru nauðsynlegir: dökkur, milli og ljós.

**makeuptime4u.is**

# Frumsýnir nýjar ilmtegundir

**Andrea Maack frumsýnir ilmvötn á opnunarsýningu gallerísins SPARK við Klapparstíg í dag.**

Andrea Maack myndlistarmaður hefur unnnið þrjár nýjar ilmtegundir í samstarfi við franska ilmvatnsgerðarfyrirtækið Apf Aromes & Parfums. Þær verða frumsýndar á sýningunni Eau de Parfume sem verður opnuð í dag klukkan 17 í SPARK, nýju hönnunargalleríi að Klapparstíg 33.

Ilmtegundirnar, sem kallast Smart, Craft og Sharp, hefur Andrea notað í myndlistarverk síðustu tvö ár. Umgjörð og útlit vörunnar vann Andrea í samvinnu við Ingibjörgu Agnesi Jónsdóttur innanhússarkitekt og Katrínu Maríu Káradóttur fatahönnuð.

SPARK er stofnað af Sigríði Sigurjónsdóttur, prófessor við LHÍ og James Stark, kvikmyndagerðarmanni í New York. Sýningin stendur til 31. ágúst. Nánar á www.andreamaack.com. *- rat*



Andrea Maack frumsýnir þrjár nýjar ilmtegundir í nýju hönnunargallerii á Klapparstíg. MYND/SPARK
















# SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



**1. VERÐLAUN**



**PANASONIC G2**
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.

**2. VERÐLAUN**



**PANASONIC TZ10**
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.

**3. VERÐLAUN**



**PANASONIC BD65**
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.



Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010**.
Allar nánari upplýsingar á visir.is.



Panasonic visir.is ...ég sá það á Vísi






Brynjar Ingólfsson segir hugmyndina að kjól á brúðarmeyjar hafa orðið til yfir væminni bíómynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Brúðarmeyjar Anitu Briem klæðast Emami

**Tískufyrirtækið Emami hefur boðið leikkonunni Anitu Briem að hanna fyrir hana kjóla á sex brúðarmeyjar, en hún gengur í það heilaga með unnusta sínum Dean Paraskevopoulos á eyjunni Santorini í sumar.**

„Við ætlum að gera Limitless-kjólinn fyrir brúðarmeyjar Anitu Briem,“ segir Brynjar Ingólfsson, framkvæmdastjóri tískufyrirtækisins Emami, sem hefur boðið leikkonunni Anitu Briem að hanna kjóla á brúðarmeyjar hennar frítt. „Þetta er að byrja í vinnslu,“ bætir hann við.

Brynjar segir Emami hafa fengið þá hugmynd að bjóðast til að hanna brúðarmeyjakjóla handa Anitu í framhaldi af grein sem birtist í Fréttablaðinu um miðjan júní um fyrirhugað brúðkaup hennar og unnustans Dean Paraskevopoulos á grísku eyjunni Santorini í sumar, en eyjan var sögusvið kvikmyndarinnar Mamma mia! Haft var eftir Anitu að gaman gæti verið að láta brúðarmeyjarnar klæðast íslenskri hönnun.

Brynjar segir ekki enn ákveðið í hvernig lit eða úr hvaða efni kjólarnir verða en sex brúðarmeyjar verða í brúðkaupinu. „Anita hefur sent okkur þá liti sem hún hefur áhuga á,“ segir Brynjar og bætir við að ekki sé heldur ákveðið hvort kjólarnir verði í eins eða mismunandi lit. „Það sem við gerum núna er að fá efnisprufu sem við sendum svo á hana og hún velur úr.“

Emami er að hanna brúðarmeyjakjóla í fyrsta sinn. „Það er bara frábært að fá að gera þetta með henni Anitu,“ segir Brynjar og getur þess að hugmyndin að kjólum á brúðarmeyjar sé þó ekki ný af nálinni hjá fyrirtækinu. „Við fengum hugmyndina í nóvember í fyrra þegar við vorum að horfa á einhverja væmna bíómynd. Þá byrjuðum við að tala um þetta og okkur þótti þetta sniðug hugmynd, brúðarmeyjar allar í sama kjólnum en samt öðruvísi.“

Fyrirtækið horfir fyrst og fremst til Ameríkumarkaðs fyrir brúðarmeyjakjóla. Hjá Emami er litið á þetta sem ákveðna prófraun meðal annars vegna þess að notast er við annars konar efni en venja er að sögn Brynjars. „Okkur finnst líka svo sniðugt að brúðarmeyjarnar þurfi ekki allar að vera eins heldur geti lagað kjólana að þeirra líkama, hvernig þeim líður best og líta best út. Okkur þótt þetta þess vegna óttalega sniðugt.“

*martaf@frettabladid.is*



Limitless-kjóllinn er vinsælasti kjóll Emami. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Anita Briem og Dean Paraskevopoulos hafa þekkst boð Emami um að hanna kjóla á brúðarmeyjar þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lala Berlin á tískuviku í Berlín

**Tískuvikan í Berlín stendur nú sem hæst. Þar mátti sjá haustlínu Lala Berlin á pöllunum.**

Bak við Lala Berlin stendur Leyla Piedayesh, en hún hóf að hanna prjónaflíkur árið 2003 þegar hún hætti sem dagskrárstjóri á tónlistarstöðinni MTV.

Leyla Piedayesh kunni varla að prjóna sjálf og fyrstu handstúkurnar sem hún gerði þóttu lélegar. Hún gafst þó ekki upp og í dag eru flíkur undir merkinu Lala Berlin seldar í yfir 60 verslunum um allan heim og stjörnur eins og Claudia Schiffer ganga í Lala Berlin.

Á sýningunni í gær mátti sjá gróft prjónaðar peysur, sem eru einkennandi fyrir Lala Berlin og silkikjóla. *- rat*



Svart, gegnsætt og gróft.

Sýningarstúlkurnar svifu um í silkikjólum.



Grófar prjónapeysur úr eðalgarni frá Lala Berlin. MYND/AFPNORDICPHOTOS

## Bátar




## Hjólbarðar

4 stk. 185/65 14" á Corolla felgum á 20 þ. 4 stk. 175/70 13" á Golf felgum á 20 þ. 2 stk 215/55 16" á 10 þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 205/65 15" á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ. 3 stk 175/70 13" á álf. á 10 þ. Uppl. í s. 896 8568.

## Varahlutir







Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### Japanskar Vélar Varahlutasala

Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is




### partabílar.is 770-6400

Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

### Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560

Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

### VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir



### Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.

Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Kínahofið Tilboð. Súpa og 4 smáréttir kr. 1450 kr. tekið með. 1590 ef borðað er á staðnum. Nýbýlavegi 20 Kóp. S. 554 5022.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja













Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smíða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.

### Trjáklippingar

Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

### HELLULAGNIR - LÓÐAGERÐ

Láttu fagmann vinna verkið, yfir 20 ára reynsla, þekking, ráðgjöf og vönduð vinna. Uppl. 771 3030, Trausti.

### Trjáklippingar / fellingar / sláttur

Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Málarar




### Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







### Húsaviðgerðir

Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is










### www.smidaland.is

Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.



### Tökum að okkur parketslípun

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Alltaf besta verðið. Sjáið myndir á www.parketplankar.is Uppl í s. 772 8100

### N & V Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Granat-Múr ehf.Húsaviðgrðir. Múrviðgerðir.Steining.Flísalagnir Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl 866 6291.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta




## Tölvur







Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

NUDD NUDD NUDD Exclusive whole body massage.S. 692 2126.

SUMARTILBOÐ! Unaðsnudd í boði, komdu og leyfðu okkur að dekra við þig. S: 692 1123.

Whole body massage. S. 849 5247

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 857 5015.

## Spádómar

### Spásími Láru S. 908 5050

**Opið frá kl. 13:00 - 00:00 um helgar, 15:00-23:00 virka daga.**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.




## Trésmíði



### Bergiðjan ehf Íslensk framleiðsla

Júlí afsláttur 20% á Einingargróðurhúsi 14 Fm til sýnis Tangarhöfða 2 .Júlí afsláttur 30% af Minigolfi, vinsælt á pallinn,í bústaðinn og garðinn er með 3 holum og 3 þrautum auðvelt að spila 6 til 9 holur. Erum að hefja framleiðslu á garðvörum úr Íslenskum trjábolum. Uppl. í s. 772 9030 & 867 3245. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. bergidjan@mail.com

## Viðgerðir

Tek að mér smáviðgerðir í múrverki, múrarameistari. Uppl. í s. 841 8893.

## Önnur þjónusta

### Sjóstöng, Sjóstöng.

Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Gamalt leðursófasett 3+1+1 á kr. 10.000 lítil frystikista ca 90 l á kr. 20.000 Trimform tæki PRO 12 á kr. 15.000 uppl. s: 846 0532.

Mjög gott Moongoose fjallahjól til sölu. Upplýsingar í síma 6613401.

## Óskast keypt

### Kaupi gull !

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 - 4188



Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

**OPNUNARTILBOÐ**
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

**BOMAG**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

**ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR**



Yfir 300 gerðir af perlum og náttúrusteinum, gott verð. Alltaf eitthvað nýtt.
Ath. Lokað á föstudögum í júlí. Opið mán-fimmtud. kl.10-18.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

**THAIGRILL.is**
Sjáið matseðilinn á www.thaigrill.is
Góður matur á góðu verði
HRINGIÐ - PANTIÐ - SÆKIÐ
Sími: 562 8333
Hagamelur 67 - 107 RVK
Opið frá 17:00 til 21:00 alla daga
Frábært Fjölskyldutilboð
Kjúklingur Kókos & Chili
Svínakjöt m/ cashewhnetum
Djúpsteiktar Rækjur
Steiktar Eggjanúðlur
Hrísgrjón & Sósa
kr. 4000,-

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

PÍPARAR · RAFVIRKJAR · PARKETLAGNIR
TRÉSMIÐIR · MÁLARAR · MÚRARAR
ALLT LÖGGILTIR MEISTARAR
VIÐHALDS MEISTARINN EHF
Sími 511 2255 • www.vhm.is

Glæsilegu undirfötin frá Lauma komin.
Frábær verð
Haldari 6.990 kr.
Buxur 2.290 kr.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN



HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
*Smurþjónusta og smáviðgerðir*
*Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430*

**Rafstilling ehf**



startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



**TILBOÐ Á ASTONISH HREINGERNINGAVÖRUM**
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið - Nethyl 2 - sími: 5870600 - www.tomstundahusid.is



Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarvinna, traileakstur og gröfuvinna.
KRAFTLIND EHF - S:866-3533

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Kraftvélar umboðsaðili á Íslandi
**IVECO**
Varahlutir - Rekstrarvörur - Viðgerðaþjónusta
KRAFTVÉLAR VÉLAR:ÞJÓNUSTA
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is



FERÐABOXIN FRÁ HAPRO
Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO.
Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið.
Frábært verð.
Bílabjörgun
Óseyri 5 - 603 Akureyri - Sími: 842 5700 - 462 4222 - www.bilabjorgun.is

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
*Þú leigir hann.*
Krefst ekki meiriprófs réttinda



**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**RAFTÆKNIRINN**
RÁÐAGÓÐI
**ER RAFMAGNSREIKNINGURINN OF HÁR?**
Yfirförum rafkerfið og komum með lausnir sem lækka kostnaðinn. Höfum náð allt að 90% lækkun.
Upplýsingar í síma 8964464 Davíð Logi Dungal

**Hleðslugrjót og garðamold**
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

# Þjónustuauglýsingar

**Alla fimmtudaga**

sigrunh@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is



**Á SUMARHÁTÍÐINNI 2009** Átta ára og yngri keppa í spretthlaupi.

# Sumarhátíð UÍA er 35 ára

Sumarhátíð Ungmenna og íþróttasambands Austurlands, skammstafað UÍA, og Síldarvinnslunnar fer fram á Fljótsdalshéraði næstu daga, nánar tiltekið 9. til 11. júlí. Hátíðin fór fyrst fram árið 1975 og er því 35 ára í ár.

Samkaupsmótið í frjálsum íþróttum verður á Vilhjálmsvelli, Eskjumótið í sundi í Íþróttamiðstöðinni Egilsstöðum og norðan Lagarfljóts verður keppt í knattspyrnu og golfi. Þá verður bændaglíma í boði Launafls í umsjá Glímudeildar Vals í grillpartýi hátíðarinnar í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum klukkan 17 á laugardag. Keppt verður svo í boccia og í fyrsta skipti í strandblaki á sunnudag.

Sumarhátíðin er eitt stærsta verkefni UÍA ár hvert með hundruðum keppenda. Þá eru ótaldir sjálfboðaliðar og ýmsir aðstandendur sem fylgja keppendum. Nánari upplýsingar eru á www.uia.is. **- gun**

# Frumbyggjaþorp í Viðey

Skátafélagið Landnemar stendur fyrir fjölbreyttri fjölskyldudagskrá í Viðey um helgina.

Skátarnir munu reisa frumbyggjaþorp á eynni þar sem gestum mun gefast kostur á að læra að bjarga sér að hætti frumbyggja. Á sunnudag geta gestir smíðað eigin flugdreka og átt þátt í að setja Íslandsmet í fjölda flugdreka á lofti í einu. Flugdrekasmíðin hefst um klukkan 11.30 og klukkan 14.30 verða flugdrekarnir settir á loft. Skorað er á alla eigendur flugdreka að koma og taka þátt. Þátttaka í viðburðum er gestum að kostnaðarlausu.

Allar nánari upplýsingar á www.videy.is.



# Erum eftirbátar í ættleiðingum

Íslensk ættleiðing og Alþjóðleg ættleiðing hafa verið sameinuð undir merkjum Íslenskrar ættleiðingar. Í tilkynningu segir að nú aukist möguleikar umsækjenda til að ættleiða barn í upphafi umsóknarferils. Alþjóðleg ættleiðing var stofnuð fyrir fimmtán mánuðum og hlaut löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Póllandi en ekkert barn var ættleitt fyrir tilstilli félagsins. „Ísland er mikill eftirbátur annarra Norðurlanda á þessu sviði og ekki er hægt að una við langa biðlista eftir barni hér innanlands, meðan staðfest er að yfirgefnum og munaðarlausum börnum í heiminum er ekki að fækka," segir í tilkynningunni. **- gar**



**BÖRN** Möguleikar til að ættleiða sagðir aukast með sameiningu félaga.

---



*Ástkær bróðir okkar og mágur*

**Ágúst Sigurbjörn Sigurðsson,**

skrifstofumaður, Kjarrhólma 28 Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 2. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Systkini og fjölskyldur hins látna.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorleifur Kristinn Guðmundsson**

húsasmíðameistari, Árskógum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, mánudaginn 5. júlí. Útför verður auglýst síðar.

**Margrét Pollý Baldvinsdóttir**
**Guðrún Svandís Þorleifsdóttir** **Brynjólfur Teitsson**
**Fjóla Jóna Þorleifsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Kristín Björk Þorleifsdóttir** **Þorsteinn Þorgeirsson**
**Guðmundur Guðjón Þorleifsson** **Elísa Vigfúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Hjartkær amma okkar, systir og mágkona,*

**Þórunn Árnadóttir,**

Seli í Grímsnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, sunnudaginn 4. júlí. Hún verður jarðsungin frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn 16. júlí kl. 14.

**Aðalbjörg Skúladóttir**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir**
**Árni Kristinn Skúlason**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Kristján Sigtryggsson**
**Unnur Ása Jónsdóttir** **Skúli Kristinsson.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórir Þórisson**

fyrrverandi fangavörður Miklubraut 82,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 2. júlí. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Guðrún Dóra Hermannsdóttir**
**Salóme Anna Þórisdóttir** **Hreiðar Sigtryggsson**
**Þóra Þórisdóttir**
**Þórir Hlynur Þórisson**
**Hildur Jónína Þórisdóttir** **Lárus Bjarni Guttormsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ása Ásthildur Haraldsdóttir**

Fögrukinn 30, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 30. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 12. júlí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á heimahlynningu Karitas.

**Jóhann Reynir Björnsson**
**Andrés Eyberg Jóhannsson** **María Ingibjörg Kjartansdóttir**
**Jens Jóhannsson** **Guðrún Árný Árnadóttir**
**Jón Gunnar Jóhannsson** **Katrín Rut Árnadóttir**
**Þór Reynir Jóhannsson**
**og barnabörn.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ásgerðar Kristjánsdóttur.**

**Kristinn Sigmundsson** **Ásgerður Þórisdóttir**
**Þórður Sigmundsson**
**ömmubörn og langömmubarn.**

---



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Soffía Björnsdóttir**

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði þann 26. júní. Útför hennar fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gunnar Örn Arnarson**
**Anna Ólöf Bjarnadóttir** **Jón Erlendsson**
**Björn Bjarnason** **Guðrún Skúladóttir**
**Einar Sigurður Bjarnason** **Sigríður Gísladóttir**
**Fanney Sigurlaug Bjarnadóttir** **Þorvaldur Stefán Ólafsson**
**Bjarni Svanur Bjarnason** **Guðrún Erla Richardsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Svanhildur Kjær**

Greniteigi 37, Keflavík,

lést mánudaginn 5. júlí á Líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram í Keflavíkurkirkju þriðjudaginn, 13. júlí kl. 13.00.

**Stefán Haraldsson**
**Kristín Hrund Davíðsdóttir Alm** **Thron Alm**
**Fjóla Íris Stefánsdóttir** **Jóhann Steinar Guðmundsson**
**Inga Bryndís Stefánsdóttir** **Atli Þór Sigurjónsson**
**Svanhildur Guðrún Jóhannsdóttir**
**Jónas Thronson Alm**
**Nóra Íris Alm**
**Guðmundur Stefán Jóhannsson**

---



*Okkar ástkæri,*

**Rúnar Bergmann Sigurbjörnsson,**

Skúlagötu 80, Reykjavík,

varð bráðkvaddur fimmtudaginn 17. júní. Útförin fór fram 28. júní. Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð.

**Lára Ágústsdóttir** **Hafsteinn Sigurbjörnsson**
**Ólöf Magnúsdóttir**
**Helga Aðalsteinsdóttir**
**og frændsystkini.**






# Lögin við vinnuna

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Dökkur skýjabakkinn hleðst upp í takt við verkefnabunkann á borðinu mínu. Ég hef ekki séð til sólar í dag. Á erfitt með að halda mig að verki og held að hitastigið hljóti að vera dottið niður í eins stafs tölu. Hann virðist líka vera að hvessa og útundan mér heyri ég varað við því að vera á þvælingi með felli- eða hjólhýsi aftan í bílum. Svo taka fyrstu droparnir að falla.



**EKKI** það að ég hafi ætlað mér í útilegu, á ekki einu sinni fellihýsi og að leiðist að lúra í svefnpoka undir nælonhimni með grjót undir hnakkanum. Kann miklu betur við mig undir dúnsæng. Veðrið ætti heldur ekkert að trufla mig þar sem ég sit inni við vinnu. Kannski er betra að slæmi kaflinn komi núna svo ég eigi góða veðrið inni þegar ég fer í frí. Innst inni veit ég þó að á það er ekki að treysta, íslensk veðrátta er ólíkindatól.

**EKKI** þýðir að drolla við dagdrauma um sumarfríið svo ég sný mér aftur að verkefnahaugnum sem ég þarf að ryðjast í gegnum. Bölva í huganum yfir seinaganginum í sjálfri mér og hefst handa, þangað til ég læt taktfast suð fyrir utan gluggann trufla mig aftur. Fyrir utan er síðhærður unglingur að slá brekkuna með orfi. Klæddur í bæjarvinnuvesti lætur hann sér ekki leiðast heldur dansar og dillar sér við vinnuna. Hann sveiflar sláttuorfinu til og frá, þrátt fyrir rigninguna, svo sítt taglið sveiflast með. Sjálfsagt með tónlist í eyrunum.

**RIGNINGUNA** kann ég reyndar líka að meta. Ekki aðeins er hún góð fyrir gróðurinn í nýþökulögðum garðinum mínum heldur getur hún verið svæfandi þegar hún dynur á þakjárninu. Svæfing er reyndar ekki það sem ég þarf á að halda þessa stundina svo ég stekk upp úr stólnum og hleyp út á stétt. Rigningin er nefnilega líka hressandi þegar heilastarfsemin er við það að ryðga föst svona seinni part dags. Ég sný andlitinu til himins og safna nokkrum dropum á kinnarnar áður en ég fer aftur inn, tilbúin í slaginn.

**ÞEGAR** ég sest aftur niður hefur rofað til í hausnum á mér og hrúgan fyrir framan mig virðist ekki eins óyfirstíganleg. Ég tek síðhærða unglinginn mér til fyrirmyndar, set tónlist í eyrun og syng með: „Mér finnst rigningin góð!“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM



**NÝ TILBOÐ**
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR

**2010**
OFFICE 2010 HOME AND STUDENT
**16.900**

HVERGI BETRA VERÐ

**24"**
24" FULL HD 1080P BENQ LCD SKJÁR
**39.900**

**1TB**
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**14.900**

**2TB**
2TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**26.900**

**1.5TB**
1.5TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
**19.900**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**Klukkan 12**

*Í hádeginu í dag mun Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti spila verk eftir Rheinberger, Alain og Buxtehude. Hápunktur vikunnar verður um helgina þegar Alþjóðlega orgelsumarið fagnar komu Dame Gillian Weir hingað til lands í þriðja sinn.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *The Fancy Toys spila á Íslandi*

Ragnheiður Gröndal söngkona og Guðmundur Pétursson gítarleikari ásamt hljómsveitinni The Fancy Toys efna til fernra tónleika á Norðurlandi og í Reykjavík þessa dagana. Með þeim í för verða kvikmyndatökumenn sem hyggjast gera heimildarmynd um Íslandsferð hljómsveitarinnar.



Hljómsveitin The Fancy Toys hefur áður komið hingað til lands og auk þess spilaði einn meðlimur sveitarinnar, James Duncan, með Jethro Tull-foringjanum Ian Anderson á tónleikum í Reykjavík.

Þeir í The Fancy Toys hafa sýnt mikinn áhuga á því að starfa með íslenskum listamönnum og vonuðust til þess að fá þá til að semja með þeim tónlist. Í framhaldi af því tóku þeir upp samstarf við Ragnheiði Gröndal.

Breskir tónlistarmenn lýsa tónlist The Fancy Toys sem einstaklega grípandi og áhugaverðri. „Það þarf eitthvað sérstakt til að búa til tónlist sem er svona einstök og svona fjarri hinu hefðbundna en samt sem áður virkilega hlustendavæn og heillandi,“ segir til að mynda í einum dómi um sveitina.

Hópurinn verður á Húsavík 8. júlí, í Mývatnssveit 9. júlí og Reykjavík 10. júlí. Miðasala fer fram á midi.is og er miðaverð 1.500 krónur, nema við Mývatn.

### > Ekki missa af…

Danski stúlknakórinn Klarup er staddur hér á landi og mun halda tónleika víðs vegar um landið næstu daga. Kórinn, sem er einn af vinsælustu kórum Dana, samanstendur af 25 stelpum frá 14-25 ára. Kórinn byggist á norrænni sönghefð og syngur aðallega tónlist þaðan og klassíska kirkjutónlist. Stúlkurnar munu troða upp á laugardaginn 10. júlí í Selfosskirkju kl. 17, í Víkurkirkju 12. júlí kl. 20 og að lokum í Norræna húsinu 13. júlí kl. 20.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

30.06.10 – 06.07.10





**1** Vegahandbókin 2010

**2** 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu – Reynir Ingibjartsson





**3** Aldrei framar frjáls – Sara Blædel

**4** Eyjafjallajökull – Ari Trausti Guðmundsson, Ragnar Th. Sigurðsson





**5** Risasyrpa - Með allt í botni – Walt Disney

**6** Eldur uppi – Iceland on Fire – Vilhelm Gunnarsson





**7** Makalaus – Tobba Marinós

**8** Syngjum saman – píanóbókin





**9** Íslenska plöntuhandbókin – Hörður Kristinsson

**10** Volcano Island – Sigurgeir Sigurjónsson

Eymundsson.is

Eymundsson – Bóksali frá 1872




**KÓR ST. BASIL-KIRKJU** Þessi heimsþekkti kór kemur nú til landsins í fjórða sinn.

# Karlakór St. Basil-kirkju væntanlegur til landsins

**Hinn heimsþekkti karlakór St. Basil-kirkju er nú væntanlegur til landsins í fjórða sinn. Kórinn kemur fram á Reykhólahátíð seinna í mánuðinum og mun það vera í þriðja sinn sem hann kemur fram þar.**

Kór St. Basil-kirkju er nú væntanlegur til landsins í fjórða sinn. Kórinn er talinn einn sá besti í heimi og hefur sungið sig rækilega inn í íslensku þjóðarsálina því í hvert sinn sem þeir heimsækja landið er uppselt á tónleika þeirra, Kór St. Basil-kirkju kom fyrst til landsins í maí 2004 á vegum Listahátíðar í Reykjavíkur. Hélt kórinn þá tvenna tónleika í Hallgrímskirkju og aðra í Reykhólakirkju. Í ár mun hann koma fram í þriðja sinn á Reykhólahátíð þar sem hann hefur ávallt fengið frábærar undirtektir hjá gestum.

Þessi heimsþekkti kór var stofnaður árið 1987 af stjórnanda kórsins, Sergei Krivobokov, og hefur hann séð um stjórnun hans síðan. Kórinn er talinn einn sá fremsti í flutningi á rússneskum þjóðlögum, miðaldartónlist og tónlist rússnesku réttrúnaðarkirkjunnar. Þykir flutningur þeirra einstaklega áhrifaríkur og tónsviðið sem söngvararnir spanna er óvenju stórt, allt frá dimmum flauelsbössum til hárra silkitenóra.

Félagar í kór St. Basil-kirkju eru allir langskólamenntaðir tónlistarmenn og einsöngvarar sem hafa helgað líf sitt rétttrúnaðarkirkjunni. Kirkja kórsins, St. Basil-kirkja, stendur við Rauða torgið í Moskvu og er hún eitt af táknum gamla Rússlands. Kór St. Basil-kirkju söng í fyrstu guðsþjónustunni sem leyfð var árið eftir að banni á kristnihaldi var aflétt árið 1991.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 8. júlí 2010**

### ➜ Tónleikar

**20.00 Sálarhljómsveitin Moses Hightower** heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld kl. 21.00. Húsið opnar kl. 20.00 og mun Sóley úr Seabear hita upp fyrir hljómsveitina. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, en fyrir 2.500 krónur fæst aðgangur og eintak af plötunni.

**20.30 Í tilefni af útgáfu geisladisksins Hymnodia sacra mun kammerkórinn Carmina** halda útgáfutónleika í Þjóðmenningarhúsinu í kvöld kl. 20.30. Aðgangur er ókeypis og hægt verður að kaupa nýja diskinn á afsláttarverði.

**21.00 Jazzklúbburinn Múlinn** heldur tónleika í kvöld í Risinu (áður Glaumbar), að Tryggvagötu 20. Tríó Gunnars Hilmarssonar, ásamt gestum, mun spila á tónleikunum sem hefjast kl. 21.00. Aðgangseyrir er 1.500 krónur, 1.000 krónur fyrir nemendur.

### ➜ Tónlistarhátíð

**Eistnaflug er árleg rokkhátíð** sem haldin hefur verið í Neskaupstað frá árinu 2005. Rokk í þyngri kantinum er í hávegum haft á hátíðinni en nær allur skali rokktónlistarinnar þó spannaður og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir rokkáhugamenn. Hátíðin hefst í dag. Nánari upplýsingar má nálgast á www.eistnaflug.is.

### ➜ Opið Hús

**20.00 Stjórn Nýrrar dögunar** verður með opið hús einu sinni í mánuði í sumar. Fyrsta opna húsið verður í kvöld í safnaðarheimili Háteigskirkju og hefst kl. 20.00.

### ➜ Kynningar

**20.00 Fjölmenningarleg kvöldganga:** Reykjavík Safarí. Menningarlífið í miðborginni kynnt á spænsku, pólsku, ensku og tælensku. Hvar eru leikhúsin, frægar styttur og skemmtilegir staðir? Hvað er í boði fyrir börn, fjölskyldur og fullorðna? Lagt er upp frá Grófarhúsi kl. 20.00

### ➜ Uppistand

**12.00 Í Sundhöll Reykjavíkur** munu Ugla og Saga ásamt Gunnari, meðlimir Upp mín sál! uppistandshópsins, fara með uppistand á sundlaugarbakkanum frá kl. 12.00-12.30.



### ➜ Félagsstarf

**14.00 Ármenningar** ætla að standa fyrir fjáröflun til styrktar fórnarlömbum fellibylsins Agöthu sem reið yfir Mið-Ameríku í byrjun sumars. Iðkendur fimleikadeildar Ármanns ætla að safna áheitum í dag og ganga á höndum niður Laugaveginn. Hand-skrúðgangan hefst á Hlemmi kl. 14.00 og gengið verður niður að Lækjartorgi.

### ➜ Leiðsögn

**15.00 Í dag kl. 15.00 mun Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur** fara með gestum um Nesstofu og fjalla um sögu hússins og búsetu landlækna og lyfsala í Nesi. Nánari upplýsingar má finna á www.laekningaminjasafn.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


BT
Heimsmeistara
DVD tilboð
799
Hver mynd
Fjöldi titla á tilboði
Fartölvur
SÝNINGAREINTÖK
með heimsmeistara afslætti
Takmarkað magn
Hama hýsing
3.5" SATA
2.999
6.999
Tölvuskjár
BenQ
Full HD
Benq 24"
TTJV22BG2222HDL
full hd skjár
34.999
Flakkari
Verbatim
VE4715
1TB USB 2.0
17.999
Sjónvarpsflakkari
Með sjónvarps-upptöku
Verbatim
Full HD sjónvarpsflakkari
VE47540
Spilar kvikmyndir, tónlist og ljósmyndir
1080I upscaling
Innbyggður DVB-T tuner.
HDMI, LAN, USB 2.0
20.000kr. afsláttur
39.999
59.999
Office 2010
Office Home and Student 2010
14.999
19.999
Borðtölva
Fæst nú í BT
hp invent
HP borðtölva
OKVL241EA
Örgjörvi: Intel Core Duo E6500
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Harður diskur: 640 GB SATA 3G 7200 rpm
Intel Graphics Media Accelerator X4500
Windows 7 Home Premium 64-bit
119.999
Fartölva
hp invent
HP fartölva
Örgjörvi: AMD Turion II Dual Core M520
15,6" HP LED High Definition BrightView
4GB (2 x 2GB), styður allt að 8GB vinnsluminni
ATI Mobility Radeon HD 4530 512MB
Harður diskur: 320GB
Windows Windows 7 Home Premium (64bit)
144.999
Kæliskápur
ZANUSSI
Kæliskápur
Hæð: 180 cm
Breidd: 60 cm
Dýpt: 65 cm
Kælir: 382 lítra
Orkunotkun: A
129.999
149.999
Þvottavél
ZANUSSI
Zanussi 7kg þvottavél
HZ91 904 801
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A
Hljóð : 56(db)/ 77(db)
Vindingarhraði : 1200 snúningar
Ryðfrí tromla,skjár,sparnaðarkerfi
Stærð: 85x60x60 (HxBxD)
Íslenskur leiðarvísir
Meistara tilboð
79.999
99.999
Rakvél
Vel rakaður fyrir leikinn
sinbo rakvél
2.999
5.999
Þurrkari
ZANUSSI
Barkalaus þurrkari
með rakaskynjara
Hljóð: 64 (db)
Orkuflokkur: C
Taumagn: 7 KG
69.999
79.999
Örbylgjuofn
Djók verð
sinbo örbylgjuofn
700W. 17L.
Tíma og styrkstillir
Snúningsdiskur
7.999
14.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

# helgartilboð



Takmarkað magn

## Sjónvörp
SÝNINGAREINTÖK
með heimsmeistara afslætti

## Nýtt DVD



1.999
2.799

## Skull candy



Margir litir
8.999
12.999

## Heimabíó



15000kr. afsláttur
SCOTT
**Heimabíó**
2.1 kerfi 120W music power
Upptaka af CD á USB - HDMI
24.999
39.999

## Tökuvél



SAMSUNG
**FullHD tökuvél**
Full HD Video upptaka
(1920 x 1080 @ 30p )
2" LCD Skjár
10 milljón Pixlar ljósm.
Notar SD/SDHC kort
Video útgangur RCA
Innbyggð rafhlaða
Rafhlöðuending:
Um 90 mínútur
Geggjað tilboð
29.999
44.

## Sjónvarp



Full HD
**DMTECH**
**22" LED SJÓNVARP**
**MEÐ INNBYGGÐUM DVD**
69.999
84.999

## Myndavélar
SÝNINGAREINTÖK
með heimsmeistara afslætti



Gula spjaldið á þessi verð

## Tölvuhátalarar



50% afsláttur
ION
**Hágæða USB tölvuhátalara**
20W RMS
Segulvarðir
Upptökuhugbúnaður – jack og rca input
9.999
19.999

## Wii tilboð



Fjöldi titla á tilboði
3.999

## Spilað og skilað



Skilaðu inn 3 stk. spiluðum PS3 leikjum eða fleiri og þú færð 25% hærra verð fyrir!

## PS3 leikir



Mikið úrval

## Xbox 360 tilboð



Fjöldi titla á tilboði
Verð hrun

## Drumrocker



Geggjað tilboð
ION
**Drum Rocker Premium**
Hágæða trommusett fyrir
Rock Band 2
Virkar með PS2 og PS3
Mjög sterkbyggt
Playstation stýripinni fylgir
44.999
59.999



THE DRUMS



ANDRI ÓLAFSSON OG STEINGRÍMUR KARL TEAGUE

## >Í SPILARANUM

**Hvanndalsbræður** - Hvanndalsbræður
**Moses Hightower** - Búum til börn
**Drums** - The Drums
**Wolf Parade** - Expo 86

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN SIR MIX-A-LOT RÝKUR Á TOPPINN MEÐ BABY GOT BACK ÁRIÐ 1992

## *Rassaóður Sir Mix-a-Lot slær í gegn*

- Hipp hopp-smellurinn Baby Got Back með Sir Mix-a-Lot fór á topp bandaríska Billboard-listans í byrjun júlí árið 1992 og sat þar í fimm vikur.
- Ári síðar fékk Sir Mix-a-Lot Grammy-verðlaunin fyrir lagið.
- Sjónvarpsstöðin VH1 setti lagið í 17. sæti yfir bestu hipp hopp-lög allra tíma árið 2008. Spurning hversu mikið mark er takandi á listanum.
- Sir Mix-a-Lot hefur tekið upp nokkrar breyttar útgáfur af laginu fyrir auglýsingar. Í auglýsingu fyrir Target-verslanirnar er t.d. frægustu línu lagsins breytt úr: „I like big butts and I cannot lie“ í „I like backpacks and I cannot lie“.
- Myndbandið við lagið þótti gróft og var um tíma bannað á MTV.



- Efni lagsins, sem fjallar að mestu um afturenda þeldökkra kvenna, hneykslaði einnig og var mikið rætt í fjölmiðlum.
- Fjölbreytt flóra listamanna hefur tekið upp lagið. Vanilla Ice er einn af þeim rétt eins og söngvarinn Richard Cheese, ska-bandið Grand Skeem, dragdrottningin Jackie Beat og harðkjarnasveitin Throwdown.
- Leikarinn Jamie Foxx söng lagið í þættinum In Living Color. Þá var þemað offita og í myndbandinu eru feitar konur í aðalhlutverki.
- Sir Mix-a-Lot vann með lagið Freak Momma með grukksveitinni Mudhoney fyrir plötuna Judgement Night.
- Lagið er það langvinsælasta sem Sir Mix-a-Lot hefur gert, en hann gaf síðast út plötuna Daddy's Home árið 2003. Hún seldist lítið.



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

## *Uppgötvun ársins*

Ólöf Arnalds var að senda frá sér tveggja laga plötu sem hún kynnti á fínum tónleikum í Norræna húsinu í síðustu viku. Á fyrri hlið plötunnar er lagið Innundir skinni sem verður á næstu plötu Ólafar sem kemur út á vegum One Little Indian í haust. Á seinni hliðinni er hins vegar lagið Close My Eyes eftir Arthur Russell í flutningi Ólafar. Maður er alltaf að uppgötva einhverja gamla tónlistarmenn sem maður vissi ekki af samhliða öllum nýliðunum og Arthur Russell er



hiklaust uppgötvun ársins fyrir mig. Arthur fæddist í Iowa 1951 og lést úr eyðni í New York 1992. Hann var tiltölulega lítt þekktur á meðan hann lifði, en hann hefur verið að fá meiri og meiri athygli síðustu ár. Tónlistin hans hefur verið endurútgefin, kvikmyndin Wild Combination um líf hans var frumsýnd 2008 og ævisagan Hold On to Your Dreams: Arthur Russell and the Downtown Music Scene, 1973-1992 kom út í fyrra. Og svo hafa ungir tónlistarmenn verið að hampa honum, t.d. Jens Lekman, Chris Taylor úr Grizzly Bear og James Murphy úr LCD Soundsystem.
Arthur var klassískt menntaður sellóleikari og tónskáld sem kom víða við á ferlinum. Hann starfaði m.a. með mönnum eins og Allen Ginsberg, Philip Glass og David Byrne. Hann gerði tilraunakennda instrúmentaltónlist, kom við sögu í New York-pönkinu og var atkvæðamikill á diskó- og danstónlistarsenu borgarinnar á seinni hluta áttunda áratugarins. Hann gerði líka hip-hop og elektró og svo kántrískotin popplög í hefðbundnari kantinum. Allt flott tónlist.
Það eru a.m.k. átta diskar fáanlegir með Arthur Russell, en til að kynna sér hann er ágætt að byrja á Love Is Overtaking Me (popplögin, m.a. fyrrnefnt Close My Eyes) og The World of Athur Russell (danstónlistin) sem Soul Jazz útgáfan gaf út.






# Pólitískur undirtónn M.I.A.

**Tónlistarkonan litríka M.I.A. sendir frá sér sína þriðju hljóðversplötu, Maya, í næstu viku. Rokk og dubstep bætist nú við fjölbreytta tónlistarflóru hennar.**



**M.I.A.** M.I.A. á tónleikum í New York-borg fyrir skömmu. Þriðja plata hennar er væntanleg í næstu viku. NORDICPHOTOS/GETTY

Á nýju plötunni heldur M.I.A. áfram að prófa sig áfram í tónlistarsköpun sinni því rokk og dubstep bætist nú við hinn fjölbreytilega og litríka hljóðheim hennar. Áhugasamir geta hlutað á nýju plötuna í heild sinni á Myspace-síðu hennar.
M.I.A. heitir réttu nafni Mathangi „Maya“ Arulpragasam og fæddist 18. júlí 1975 í London. Aðeins sex mánaða fluttist hún með fjölskyldu sinni til heimalandsins Sri Lanka en sneri aftur til London átta árum síðar vegna borgarastyrjaldar heima fyrir.

M.I.A. byrjaði í tónlistinni árið 2000 eftir hvatningu frá elektrópönkgellunni Peaches. M.I.A. samdi texta upp úr dagbók sem hún skrifaði í á fjögurra mánaða ferðalagi sínu til eyjunnar St. Vincent í Karíbahafi og fljótlega urðu fyrstu lögin að veruleika. Árið 2004 vakti hún fyrst verulega athygli eftir að lögin Galang og Sunshowers urðu vinsæl á netinu. Ári síðar kom út fyrsta plata hennar, Arular, sem var tilnefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna í Bretlandi, auk þess að komast á hina ýmsu árslista yfir bestu plötu ársins. Platan komst ofarlega á vinsældalista í Evrópu og vöktu textarnir mikla athygli, enda voru þeir margir hverjir pólitískir þar sem Tamil-tígrarnir, aðskilnaðarsamtökin herskáu frá Sri Lanka, voru á meðal umfjöllunarefna.

Tveimur árum síðar gaf M.I.A. út plötuna Kala, sem hún nefndi eftir móður sinni. Hún fékk einnig góðar viðtökur gagnrýnenda og almennings og til að mynda valdi Rolling Stone hana bestu plötu ársins. Kala náði gullsölu í Bandaríkjunum og lagið Paper Planes naut sérstakra vinsælda. Á síðasta ári var M.I.A. svo tilnefnd til Óskarsverðlaunanna fyrir lagið O...Saya úr kvikmyndinni Slumdog Millionaire. Hún var einnig tilnefnd til tvennra Grammy-verðlauna fyrir Paper Planes og Swagga Like Us.

Auk þess að semja tónlist er M.I.A. fatahönnuður og vinnur við alls konar listsköpun. Hún hefur tekið ljósmyndir, daðrað við grafíska hönnun og leikstýrt tónlistarmyndböndum. Á síðasta ári komst hún á lista tímaritsins Time yfir hundrað áhrifamestu manneskjur heimsins, sem ætti að segja sitt um sterka stöðu hennar innan tónlistarheimsins.

M.I.A. ætlar að halda áfram að fjalla um stjórnmál eins og hún hefur gert um Tamil-tígrana. „Ég verð að vera trú sjálfri mér. Ég get ekki lokað augunum fyrir ákveðnum hlutum. Ég á mér pólitískan bakgrunn. Ég er aðeins búsett á Englandi og tek þátt í samfélaginu þar af pólitískum ástæðum,“ sagði hún. „Enginn vill dansa við pólitísk lög. Langmest af tónlistinni sem nær til almennings er eiginlega ekki um neitt. Mig langaði að sjá hvort ég gæti samið lög um eitthvað mikilvægt en látið þau hljóma eins og þau væru ekkert tiltökumál. Ég held að það hafi tekist.“

**freyr@frettabladid.is**

# The XX og FM Belfast efst

Enska hljómsveitin The XX og FM Belfast eru efstar á lista yfir flestar tónleikabókanir hljómsveita á árinu í kjölfar Eurosonic-hátíðarinnar í Hollandi. The XX hefur verið boðið á ellefu hátíðir í Evrópu og fast á hæla hennar fylgir FM Belfast með níu hátíðir.

Í breska vikuritinu Music Week, sem er mest lesna viðskiptablað tónlistargeirans í Evrópu, eru taldar saman flestar bókanir sem hljómsveitir hafa náð í Evrópu á árinu fyrir tilstuðlan ETEP-áætlunarinnar sem tónlistarhátíðin Eurosonic stendur fyrir. Music Week segir árangur breskra sveita aldrei hafa verið betri en á þessu ári. Íslendingar ná næstbestum árangri og skipta FM Belfast og



**FM BELFAST** Hljómsveitirnar FM Belfast og Seabear hafa verið duglegar við spilamennsku í Evrópu að undanförnu.

Seabear með sér tólf bókunum á tónlistarhátíðir í Evrópu. Belgar koma þar á eftir með Isbells og Admiral Freebee sem skipta á milli sín sjö bókunum. ETEP-áætlunin hefur verið starfrækt af Eurosonic í átta ár fyrir flytjendur sem eru að byrja að vekja athygli. Þannig segir breski tónleikabókarinn David Exley að ETEP hafi virkilega hjálpað til við að koma The XX á kortið. Með greininni í Music Week birtist síðan mynd af The XX og FM Belfast.

Yfir fimmtíu tónlistarhátíðir í Evrópu taka þátt í Eurosonic til að kanna nýliðunina í evrópskri poppsenu og um leið fá þær stuðning við að bóka minna þekktar hljómsveitir. Þar á meðal eru Glastonbury, Sziget, Benicasim, Hultsfred og Hróarskelda, þar sem FM Belfast spilaði á dögunum.

Nikon

*At the heart of the image*




## NIKON S3000 Sumartilboð

Nett og meðfærileg myndavél með 4x aðdrætti - hentar við öll tilefni. Íslenskur leiðarvísir.
Nú fylgir Golla taska að verðmæti 3.500 kr. með. **Verð: 29.995 kr.**



# I AM YOUR BEST SUMMER DEAL




## NIKON D3000 Sumartilboð

Frábær stafræn SLR myndavél fyrir byrjendur. GUIDE valmyndin auðveldar þér að taka betri myndir strax. Nú fylgir með taska, 2GB minniskort, linsuklútur og strandbolti ásamt íslenskum leiðarvísi og Nikon School námskeiði.
**Verð frá 99.995 kr.**




**www.iamnikon.is**

**Heimilistæki** Suðurlandsbraut 26 og umboðsmenn um land allt | **Sjónvarpsmiðstöðin** Síðumúla 2 | **Beco** Langholtsvegi 84 | **Fotoval** Skipholti 50b | **MAX** Kauptúni 1

**> SPÆJARAFRAMHALD**

Leikstjórinn og fyrrum eiginmaður söngkonunnar Madonnu, Guy Ritchie, er að undirbúa tökur á framhaldi af kvikmyndinni Sherlock Holmes. Fyrri myndin átti góðu gengi að fagna í bíóhúsum vestanhafs en hún var sýnd á síðasta ári. Leikararnir Jude Law og Robert Downey Jr. leika aftur í framhaldinu en stjarnan úr Gangs of New York, Daniel Day Lewis, mun fara með eitt af aðalhlutverkum í framhaldsmyndinni um breska spæjarann.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Spádómur Boðbera frumsýndur

Í gær var frumsýnd íslenska kvikmyndin Boðberi í leikstjórn Hjálmars Einarssonar.

Með aðalhlutverk fara Darri Ingólfsson og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir. Kvikmyndin var tekin upp fyrir bankahrunið 2008 en hún fjallar einmitt um hrun samfélagsins á Íslandi. Þó ekki hrun í fjármálakerfinu.

Aðalsöguþráður myndarinnar er að verkamaðurinn Páll, leikinn af Darra, byrjar að sjá sýnir um að eitthvað gæti gerst í íslensku samfélagi sem gæti haft slæmar afleiðingar.

Valdamiklir menn í landinu verða skotnir til bana og mikil hræðsla grípur um sig í landinu. Páll er sá eini sem sér atburðina fyrir og flækist inn í ráðabrugg óprúttinna aðila á leið sinni til að stöðva áform sem gætu skaðað marga.

Með önnur hlutverk í myndinni fara meðal annarra Hjalti Rögnvaldsson, Magnús Jónsson, Gunnar Eyjólfsson og Móeiður Júníusdóttir.



**BOÐBERI SLÆMRA TÍÐINDA** Alþingi eftir árás í kvikmyndinni Boðbera sem frumsýnd var í gær í íslenskum bíóhúsum.

# Gagnrýninn

**Leikarinn Sylvester Stallone er harðorður í garð kvikmyndagerðar dagsins í dag og segir hana vanta allan neista og karakter. Stallone, sem er að kynna nýja mynd sína, The Expandables, segir áhorfendur fara að verða þreytta á öllum þessum tölvubrellum og þrívíddartækni sem einkenna kvikmyndir í dag og vilja sjá raunveruleikann og eitthvað ekta.**

**Kvikmyndin The Expendables er með gömlum kempum á borð við Arnold Schwarzenegger, Mickey Rourke, Dolph Lundgren og Jason Statham og vill Sylvester, sem er handritshöfundur myndarinnar, meina að hún sé meira alvöru en aðrar myndir.**



**SYLVESTER STALLONE** Harðorður um kvikmyndagerð samtímans.

# Í leikstjórastólinn

**Leikarinn góðkunni Adrian Brody hefur lýst yfir áhuga á að setjast í leikstjórastólinn.**

**Brody, sem er hvað frægastur fyrir að leika í myndinni The Pianist, hefur sagt að hann vilji leika alla ævi og það sé hans vinna en leikstjórn geti hæglega orðið áhugamál hans.**

**„Mér finnst ákveðið frelsi fylgja því að vera leikstjóri og því ágætis tilbreyting við leikaravinnuna.“**



**ADRIAN BRODY** Vill bæta leikstjórn á ferilskrána.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY








**STJÖRNUPAR** Kvikmyndin Knight and Day var frumsýnd í gær en þar sýna Tom Cruise og Cameron Diaz hvað í þeim býr á flótta undan yfirvöldum.

# Rómantískur byssuhasar

**Tvær af stærstu stjörnum hvíta tjaldsins, Cameron Diaz og Tom Cruise, leiða saman hesta sína í myndinni Knight and Day, rómantískri gaman- og hasarmynd í anda Mr. and Mrs Smith. Myndinni er ætlað að vera ein af stórmyndum sumarsins og var frumsýnd hér á landi í gær.**

Myndin fjallar um hina ungu og áhyggjulausu June Havens sem bókstaflega af tilviljun rekst á leyniþjónustumanninn Roy Millers leikinn af Tom Cruise.

Hrífst hún af honum án þess að vita að hann er í leyniþjónustunni en Millers er í smá vanda þar sem hann hefur nýverið komist að því að honum er ekki ætlað að lifa af næsta verkefni. Röð atburða gerir það að verkum að Havens dregst með í flótta Millers undan yfirvöldum um allan heim. Meðan á flóttanum stendur verður Havens að ákveða hvort hún treysti leyniþjónustumanninum eða hvort hann sé hreinlega kolklikkaður. Myndin er meðal annars tekin í Austurríki, á Spáni og Jamaíka. Myndin er sú fyrsta sem Diaz og Cruise leika saman í síðan kvikmyndin Vanilla Sky var sýnd árið 2001 við góðan orðstír. Leikstjóri myndarinnar er James Mangold sem hefur leikstýrt myndum á borð við Walk the Line og Identity.

Knight and Day hefur fengið ágætis dóma í bandarísku pressunni hingað til og Tom Cruise er meðal annars sagður lyfta upp myndinni með frábærum leik í Los Angeles Times.

alfrun@frettabladid.is

### SURI STAL SENUNI

Það voru ekki bara frægir aðalleikarar myndarinnar sem vöktu athygli við tökur á myndinni í Andalúsíu á Spáni en hin fjögurra ára gamla Suri Cruise stal senunni frá pabba sínum og Cameron Diaz. Cruise-fjölskyldan hefur löngum verið undir vökulum augum slúðurpressunnar og þegar leikkonan og frú Cruise, Katie Holmes, kom í heimsókn með Suri á tökustað vakti nærvera þeirra mikla athygli að venju. Það sem helst vakti athygli í slúðurmiðlum vestanhafs var að litla daman var í háum hælum en það eru ekki margar fjögurra ára stúlkur sem gera það.



# Hjónin saman í mynd

Leikarinn Johnny Depp og eiginkona hans, hin franska Vanessa Paradis, eru að íhuga að leika á móti hvort öðru í nýrri mynd sænska leikstjórans Lasse Hallström, „My American Lover“. Hallström tók þátt í að koma Depp á kortið er hann réði hann í aðalhlutverk myndarinnar „What´s eating Gilbert Grape“ þar sem Depp lék á móti Leonardo DiCaprio.

Franski söngfuglinn Vanessa Paradis sagði frá þessu í viðtali við breska dagblaðið The Daily Telegraph og viðurkennir að hún sé ekki viss um að geta leikið á móti eiginmanni sínum. „Við höfum búið til tónlist saman og það gekk vel en ég veit ekki hvort ég geti leikið annan karakter fyrir framan hann,“ segir Paradis. Þau hjónin eiga tvö börn saman.

Kvikmyndin „My American Lover“ fjallar um franska heimspekinginn og femínistann Simone de Beauvoir og hennar stormasama samband við bandaríska rithöfundinn Nelson Ahlgren.



**DEPP OG PARADIS** Hjónin íhuga að leika saman í nýrri mynd sænska leikstjórans Lasse Hallström, „My American Lover“.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




next

Kringlan · 551 3200 · www.next.is
**Vertu vinur okkar á Facebook!**

## >SKIPTIR UM LIÐ

Leikkonan **Cameron Diaz** hefur lent í bobba eftir að hún byrjaði með hafnaboltakappanum Alex Rodriguez. Hann spilar með New York Yankees en Diaz, sem hefur ávallt stutt sitt heimalið, Los Angeles Dodgers, hefur nú skipt um lið. Þetta þykir renna stoðum undir að sambandið milli þeirra tveggja sé orðið alvarlegt.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Vinir Endless Dark í vanda

Matthew Leone, bassaleikari bandarísku rokksveitarinnar Madina Lake, er á batavegi eftir að hafa orðið fyrir alvarlegri líkamsárás á dögunum. Leone sá náunga nokkurn lúskra á eiginkonu sinni skammt frá íbúð sinni í Chicago og ákvað að skipta sér af. Maðurinn kunni ekki að meta það og fór illa með Leone og skildi hann eftir margbrotinn og meðvitundar-lausan.

Madina Lake er á tónleikaferðalagi í Bretlandi um þessar mundir án Leone og eins og kom fram í Fréttablaðinu spila vestfirsku rokkararnir í Endless Dark með sveitinni á nokkrum tónleikum þar í landi á næstunni.

Samkvæmt tvíburabróður Leone og söngvara Madina Lake, Nathan, er bassaleikarinn allur að braggast en læknar þurftu að fjarlægja hluta af höfuðkúpu hans til að losa um þrýsting á heilann, sem var stokkbólginn. „Fyrstu dagana þekkti hann mig ekki og það kom ekkert af viti upp úr honum. Núna er hann byrjaður að tala og hreyfa sig, sem er yndislegt. Þannig að horfurnar eru betri með hverri klukkustundinni sem líður," sagði hann.



**TVÍBURAR** Matthew (til vinstri) og tvíburabróðir hans Nathan á góðri stundu. NORDICPHOTOS/GETTY

Madina Lake var stofnuð í Chicago árið 2005 af Leone-tvíburunum og tveimur öðrum strákum. Matthew og Nathan vöktu fyrst athygli fyrir þátttöku sína í sjónvarpsþáttunum Fear Factor. Þeir notuðu peninginn sem þeir þénuðu þar í prufuupptökur fyrir nýju hljómsveitina sína. Núna hefur Madina Lake gefið út tvær hljóðversplötur og nýtur töluverðrar hylli í Bretlandi. Fyrir þremur árum var hún kjörin besti erlendi nýliðinn á Kerrang!-tónlistarverðlaunahátíðinni þar í landi.

# EP-plata Bjarkar og DP fær góða dóma

Ný EP-plata Bjarkar Guðmundsdóttur og bandarísku hljómsveitarinnar Dirty Projectors, Mount Wittenberg Orca, fær 7,7 af 10 mögulegum á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchfork.com. „EP-platan er lítil yfirlýsing frá listamönnum sem eru vanir að koma með stórar yfirlýsingar. Þetta er ekki Volta eða Bitte Orca (síðasta plata Dirty Projectors)," segir í dómnum. „Dirty Projectors eru smám saman að verða hluti af New York-elítunni eftir að hafa unnið með The Roots og David Byrne. Miðað við að Björk er örugglega ekki vön að taka við skipunum þá er þátttaka hennar í verkefninu mikill heiður fyrir Dirty Projectors."



**BJÖRK** Ný EP-plata Bjarkar Guðmundsdóttur og Dirty Projectors fær góða dóma á síðunni Pitchfork.com.

# Magni syngur með Hvanndalsbræðrum

Hvanndalsbræður hafa sett lagið Besservisser í útvarpsspilun. Fylgir það eftir vinsældum laganna Gleði og glens, Fjóla og Vinsæll. Ráðist verður í gerð myndbands við lagið sem verður það fyrsta sem bræðurnir senda frá sér í núverandi mynd. Hvanndalsbræður verða duglegir við tónleikahald það sem eftir er ársins til að kynna sína nýjustu plötu sem kom út í lok maí. Magni Ásgeirsson spilar á gítar með sveitinni á næstunni á meðan Pétur Hvanndal nær sér góðum af brjósklosi. Næst spilar sveitin á Útlaganum á Flúðum 9. og 10. júlí ásamt Magna. Um verslunarmannahelgina verður sveitin síðan á Neistaflugi í Neskaupstað.



**HVANNDALSBRÆÐUR** Lagið Besservisser með Hvanndalsbræðrum er komið í útvarpsspilun.



# Bílabingó með í ferðalagið

**Guðrún Gyða hannaði sérstakt Bílabingó eftir að hafa átt sams konar spil fyrir 20 árum. Hún segist vonast til þess að spilið fái nútímabörn til að fylgjast meira með út um gluggann á ferð sinni um landið.**



**GUÐRÚN GYÐA** Setur nýtt spil á markaðinn með það markmið að fá ferðalanga til að fylgjast meira með umhverfinu á ferð um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég átti svona svipað spil fyrir 20 árum sem ég hafði fengið í Þýskalandi. Á því voru reyndar bílategundir en þetta sló þvílíkt í gegn hjá okkur í aftursætinu. Við notuðum þetta alltaf í bílnum, hvort sem við vorum innanbæjar eða utanbæjar", segir Guðrún Gyða Franklín sem er þessa dagana að setja spilið Bílabingó á markað hér á landi.

> Ég vona að þetta verði til þess að krakkar leggi frá sér tölvuleikina og ferða-dvd-spilarana og horfi út um gluggann.
>
> GUÐRÚN GYÐA

Bílabingóspjaldið hefur 25 myndir ýmist af dýrum, bílum, heyböggum, umferðarskiltum eða öðru sem verður á vegi ferðalanga á leið sinni um landið. Spilið gengur út á það að spilamaður lokar fyrir gluggann sem er með mynd af því sem hann sér og vinnur leikinn þegar hann er búinn að finna alla 25 hlutina.

Guðrún Gyða segir að allt frá því að gamla spilið týndist hafi hún ávallt haft augun opin fyrir nýju spili en aldrei fundið neitt í líkingu við þetta. „Það var svo fyrir tveimur árum sem ég fór hringinn í kringum landið með fjölskylduna mína að ég útbjó svipað spil fyrir börnin mín. Ég prentaði myndir út heima og plastaði spjaldið. Þau notuðu svo límmiða til að líma yfir myndirnar," segir Guðrún Gyða. Það var svo í barneignarleyfinu á síðasta ári sem hún fór að hanna spilið í þeirri mynd sem það er í dag.

Samkvæmt Guðrúnu komu margar góðar hendur að spilinu. Guðrún sá um alla hönnun en fékk aðstoð frá Steinbirni Logasyni, grafískum hönnuði, við að hanna myndirnar á spjaldinu. Svansprent prentaði myndirnar og Múlalundur gerði pappaspjaldið. Spírall í Hafnarfirði skar þetta síðan allt út og Guðrún ásamt fjölskyldu, vinum, fimleikastelpum úr Gerplu í fjáröflun og sjálfboðaliðum frá Veraldarvinum sátu tímunum saman í einni kennslustofu í Langholtsskóla og sáu um fráganginn.

„Ég vona að þetta verði til þess að krakkar leggi frá sér tölvuleikina og ferða-dvd-spilarana og horfi út um gluggann. Fylgist með náttúrunni og skoði Ísland," segir Guðrún Gyða.

Bílabingóið er nú komið í sölu hjá flestöllum verslunum N1 og Samkaupum um land allt.

linda@frettabladid.is




DYNAMO REYKJAVÍK

VIÐ ERUM HÉR FYRIR ÞIG

Við erum 15 manna samhentur hópur hér í Borgartúni sem starfar með það að markmiði að veita þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.

*Útibúið er hluti af öflugri 200 starfsmanna liðsheild sem kappkostar að veita viðskiptavinum Byrs góða þjónustu.*

Við erum hér alla virka daga frá 9.00-16.00. Einnig getur þú hringt eða sent okkur tölvupóst og við finnum hentugan tíma handa þér.

Okkur er ávallt sönn ánægja að taka vel á móti þér.

*Með bestu kveðju,*
*Svan Gunnar Guðlaugsson, útibússtjóri í Borgartúni*
*borgartun@byr.is*

BYR BORGARTÚNI

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is



KATY VILL KOMAST Í GLEE Söngkonan hefur beðið aðdáendur sína um aðstoð til að komast í þættina.

# Katy biður um hjálp

Söngkonan Katy Perry er mikill aðdáandi sjónvarpsþáttanna Glee og hefur lengi þráð að komast í þáttinn. Nú hefur hún tekið upp á því að biðja aðdáendur sína um aðstoð.

„Ég væri mjög mikið til í það að einhver myndi koma á fót Facebook-hóp til að sannfæra höfundana um að koma mér að í þáttunum," sagði söngkonan aðspurð um sjónvarpsþáttinn.

Unnusti söngkonunnar, leikarinn Russell Brand, telur að Katy yrði frábær í þáttunum. Hann bætir því einnig við að hún sé mjög góð leikkona.



SHAKIRA Shakira syngur lagið Waka Waka (This Time For Africa) á lokaathöfn HM í knattspyrnu.

# Syngur við lokaathöfn

**Kólumbíska söngkonan Shakira stígur á svið á lokaathöfn heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu á sunnudaginn. Þar ætlar hún að syngja HM-lagið Waka Waka (This Time for Africa). Hún flutti lagið einnig á opnunarhátíð HM í borginni Soweto 10. júní síðastliðinn. Skipuleggjendur lokaathafnarinnar segja að hún verði nýtískulegri en opnunarhátíðin og miðist ekki eins mikið við afrískar hefðir. Áhersla verður lögð á flotta nýtísku tækni og hefst athöfnin tveimur klukkustundum áður en úrslitaleikur keppninnar hefst.**

# Samband Matt og Kate orðið alvarlegt

Söngvari hljómsveitarinnar Muse hefur nú staðfest að hann og leikkonan Kate Hudson séu að hittast og að sambandið sé orðið nokkuð alvarlegt.

Turtildúfurnar hafa sést láta vel hvort að öðru upp á síðkastið og hefur Kate meira að segja ferðast landa á milli til að sjá kærastann á sviði. Nú hefur Kate komið því í kring að Matt hitti móður hennar, Goldie Hawn, síðar í mánuðinum. Matt viðurkennir að vera frekar stressaður yfir þessum yfirvovandi hittingi. „Ég hitti Hawn í næstu viku – ég er frekar stressaður. Það er vandræðalegt þegar þú hittir fjölskyldu einhvers í fyrsta sinn … Ég vil ekki gera hittinginn enn vandræðalegri með þeim möguleika að hún hafi lesið um mig á netinu," segir söngvarinn.

Matt komst ekki hjá því að dást að Kate þegar umræðan barst að henni. „Við áttum frábæran tíma á Glastonbury. Það er bara mjög gaman hjá okkur saman og við erum að athuga hvert þetta fer. Kate er frábær. Við höfum reynt að halda sambandinu frá fjölmiðlum og þar af leiðandi höfum við ekki sagt neinum hvar við hittumst né önnur smáatriði. Við erum bara að gera okkar hluti," segir söngvarinn.

Þegar söngvarinn var spurður hvort brúðkaup væri í vændum sagði hann: „Það er aðeins of snemmt að tala um það. Spurðu mig eftir nokkra mánuði."



MATT HITTIR GOLDIE HAWN Matt segir samband hans og Kate vera orðið alvarlegt og hann fái að hitta móður hennar á næstunni.






# Ross í nýjum þætti



JONATHAN ROSS Ross hefur undirritað samning við ITV1 um að stjórna nýjum spjallþætti fyrir stöðina.

Breski sjónvarpsmaðurinn Jonathan Ross hefur undirritað samning við sjónvarpsstöðina ITV1 um að stjórna nýjum spjallþætti á stöðinni. Þátturinn hefur göngu á næsta ári eftir að Ross hefur tekið sér ársfrí frá störfum. Síðasti spjallþáttur hans fyrir BBC verður sýndur í næstu viku.

„Ég er virkilega ánægður með að eftir stutt frí get ég brett upp ermarnar og búið til glænýjan þátt fyrir ITV1,“ sagði Ross. „Ég hef átt gott samstarf með mörgum af æðstu ráðamönnum stöðvarinnar og get ekki beðið eftir að komast aftur á skjáinn í hröðum, fyndnum og óútreiknanlegum nýjum spjallþætti.“ Hann bætti við: „Ég á reyndar smá frítíma í byrjun ársins 2011 þannig að ef enska landsliðið í fótbolta þarf á nýjum þjálfara að halda í smá tíma myndi ég íhuga starfið alvarlega.“ Á meðal gesta í lokaþætti Ross á BBC í næstu viku verða fótboltamaðurinn David Beckham og leikarinn Jackie Chan.


Herald Sun
YOU TALKING TO ME?
PICTURE SPECIAL: PAGE 7

DE NIRO VEKUR ATHYGLI Ástralskir fjölmiðlar eru afar uppteknir af Robert De Niro um þessar mundir.

# Sviðsljósið á De Niro

Tökur á hasarmyndinni The Killer Elite með Robert De Niro í aðalhlutverki hafa farið fram í Melbourne í Ástralíu að undanförnu. Sigurjón Sighvatsson er einn af framleiðendum myndarinnar, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. Tökurnar hafa vakið mikla athygli í þarlendum fjölmiðlum enda ekki á hverjum degi sem stjarna á borð við De Niro kemur til landsins. Myndin er byggð á ævi og starfi sérsveitarmannsins Sir Ranulph Fiennes. Í bók sinni frá árinu 1991 greindi Fiennes frá tilveru SAS-sérsveitanna sem bresk stjórnvöld höfðu þvertekið fyrir að væru til og olli bókin miklu fjaðrafoki. Á meðal annarra leikara í The Killer Elite, sem verður frumsýnd á næsta ári, eru Jason Statham og Clive Owen.



SKÝR SKILABOÐ Ef myndin prentast vel sést að Lohan hafði skrifað „fuck u“ á nögl löngutangar.

# DÆMD Í FANGELSI MEÐ „FUCK U“ Á PUTTANUM

**Leikkonan Lindsay Lohan var á þriðjudag dæmd í 90 daga fangelsi fyrir ýmis brot á skilorði. Lohan grét í réttarsalnum en skilaboðin á löngutöng hennar bentu ekki til iðrunar.**

Lindsay Lohan var á skilorði fyrir akstur undir áhrifum áfengis. Dómarinn Marsha N. Revel dæmdi hana á þriðjudag í 90 daga fangelsi fyrir brot á skilorði, en Lohan mætti ekki í kennslustundir í meðferð áfengis, sem hún átti að mæta í samkvæmt dómi.

Revel tók nokkur dæmi í réttarsalnum um að Lohan hefði logið til um áfengis- og eiturlyfjaneyslu. „Þetta er eins og að svindla og finnast maður ekki hafa svindlað ef það kemst ekki upp um mann,“ sagði hún áður en hún dæmdi grátbólgna Lohan til fangelsisvistar.



BROTNAÐI NIÐUR Lohan grét þegar dómarinn dæmdi hana til 90 daga fangelsisvistar.

Lohan brotnaði niður og sagðist ekki vita betur en að hún hefði fylgt fyrirmælum dómsins. „Ég var ekki að reyna að fá sérmeðferð,“ sagði hún grátandi. „Ég þarf að sjá fyrir mér. Ég þarf að vinna. Ég reyndi allt til að finna jafnvægi milli vinnunnar og að mæta í kennslustundirnar. Ég lít ekki á þetta sem grín – þetta er lífið mitt og ferillinn minn. Ég tek ábyrgð á gjörðum mínum og hef reynt að gera mitt besta. Ég vil ekki að þú haldir að ég sýni þér vanvirðingu.“

Á meðan Lohan sagði þetta náðu ljósmyndarar myndum af löngutöng vinstri handar hennar. Á nöglinni stóð „fuck u“.




# Javier syngur með Glee

**Óskarsverðlaunahafinn Javier Bardem mun að öllum líkindum leika gestahlutverk í sjónvarpsþáttunum Glee, en þar mun hann leika rokkstjörnu sem vingast við persónu Kevins McHale.**

**Bardem kynntist framleiðanda þáttanna við tökur á kvikmyndinni Eat Pray Love og bar hugmyndina undir hann þá.**

**„Við ætlum að rokka saman. Við ætlum að leika þungarokk, spænskt þungarokk, sem er það allra harðasta,“ sagði Bardem, sem er mikill aðdáandi þáttanna og horfði á alla fyrstu þáttaröðina á aðeins einni viku.**



AÐDÁANDI Javier Bardem er mikill aðdáandi sjónvarpsþáttanna Glee. NORDICPHOTOS/GETTY


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
5.990 kr
N.Y.
Hettupeysa
9.990 kr
Blue Box
Sumarjakki
9.990 kr
Blue Box
Sumarjakki
9.990 kr
Blue Box
Sumarjakki
9.990 kr
Blue Box
Sumarjakki
5.990 kr
N.Y.
Hettupeysa
6.990 kr
S-Fly
Gallabuxur
6.990 kr
S-Fly
Gallabuxur
6.990 kr
Tommy Hilfinger
Herraskyrtur
www.gulahusid.is
Opnunartími: Mán-lau. 10:00 - 18:00, Sun. 12:00 - 17:00

# Heilluð af Hefner

Fyrrum Playboykanínan Kendra Wilkinson hefur skrifað bók um æskuár sín og árin í Playboyhöllinni og hefur bókin hlotið titilinn Sliding Into Home. Þar segir Wilkinson meðal annars frá því þegar hún hitti Hugh Hefner í fyrsta sinn.

„Ég og Hef störðum á hvort annað allt kvöldið. Ég var ekki heilluð af honum líkamlega, heldur fannst mér hann bara svo svalur. Hvernig hann hagaði sér og það sem hann sagði var ólíkt nokkru sem ég hafði áður heyrt eða séð. Í lok kvöldsins kom Hef til mín, rétti mér lykil og bað mig að gista um nóttina. Ég gat það ekki og rétti honum lykilinn aftur en sagðist mundu hitta hann aftur bráðlega," sagði Wilkinson sem kveðst ekki hafa séð gamlan mann þegar hún horfði á Hefner, heldur sannkallaðan herramann.



**SÁ LJÚFAN MANN** Kendra Wilkinson heillaðist strax af Hugh Hefner og fannst hann vera ljúfur maður. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég sá ljúfan mann sem lét mér líða vel. Það er kannski skrítið, en í hjarta mínu fannst mér sem þetta væri einhver sem ég gæti treyst." Wilkinson er nú gift ruðningsleikmanninum Hank Baskett og eiga þau saman soninn Hank Jr.

# Klaustur á Austur

**Í kvöld verða plötusnúðarnir Jón Atli og Margeir, betur þekktir sem DJ Lazer og Jack Schidt, með eitt af sínum barkvöldum á skemmtihúsinu Austur en félagarnir stefna að því að vera þar alla fimmtudaga í sumar. Kvöldin ganga undir nafninu Klaustur og leggja félagarnir upp með að skapa góða barstemningu með flottri tónlist og reykelsum. „Tónlistin sem er spiluð er fyrir lengra komna en hina almennu skinku," segir Jón Atli en tónlist kvöldsins er útvarpað beint í Party Zone á Rás 2. Góðum tilboðum á barnum og óvæntum uppákomum er meðal annars lofað.**



**DJ LAZER**

# Illugi á skrá með Dj Muggs og Mix Master Mike

**Plötusnúðurinn Illugi Magnússon, eða DJ Platurn, hefur skrifað undir hjá umboðsfyrirtækinu Copeland Entertainment í Los Angeles. Hann er þar með kominn í hóp með stórum nöfnum í bransanum.**

„Ég er mjög spenntur fyrir þeim tækifærum sem bjóðast mér núna og vona að þetta komi til með að knýja feril minn áfram á næsta stig. Þetta er eitthvað sem ég hef verið að vinna hörðum höndum að í mörg ár," segir Illugi Magnússon, betur þekktur sem DJ Platurn.

Illugi, sem er umfjöllunarefni heimildarmyndarinnar From Oakland to Iceland, er 34 ára plötusnúður sem flutti til Bandaríkjanna sjö ára gamall. Hann hefur starfað sem svokallaður „trick & scratch"-plötusnúður síðastliðin 18 ár og hefur nú samið við nýjan umboðsmann í Los Angeles. Umboðsmaður þessi rekur fyrirtækið Copeland Entertainment, en þekkt nöfn á borð við DJ Muggs úr Cypress Hill og Mix Master Mike úr The Beastie Boys eru einnig á skrá hjá þessu fyrirtæki.

„Að semja við Copeland Entertainment er mjög stórt skref á ferli mínum. Það að vera á sama lista og þessi stóru nöfn er mjög mikið afrek fyrir smástrák frá Stykkishólmi," segir Illugi ánægður með samninginn. „Það að vera viðurkenndur á þennan hátt er mikill heiður. Nú hef ég fengið viðurkenningu á allri þeirri vinnu sem ég hef nýtt hæfileika mína í og get verið stoltur af því að tilheyra þessari elítu sem Copeland Entertainment hefur á skrá hjá sér."

Illugi hefur nýlokið tónleikaferðalagi um Ástralíu og Malasíu auk þess sem hann er orðinn fastur liður á SXSW-tónlistarhátíðinni í Texas. linda@frettabladid.is



**DJ PLATURN** Hefur skrifað undir hjá bandarísku umboðsfyrirtæki.



**MIX MASTER MIKE** Plötusnúður The Beastie Boys er á samningi hjá fyrirtækinu.

Tónlist ★★★

**Hvanndalsbræður**

Hvanndalsbræður

## Grómlaust gleðipopp



Þessi nýja plata Hvanndalsbræðra sem ber nafn hljómsveitarinnar er þeirra fimmta á átta árum og sú fyrsta sem þeir gera eftir að Rögnvaldur gáfaði sagði skilið við sveitina sumarið 2009. Hvanndalsbræður voru lengst af í grín-pönkdeildinni og gerðu út á einföld lög, groddalega texta og gáskafullan flutning. Hver man ekki eftir smellum eins og Kisuklessa eða Frostaveturinn mikli? Bræðurnir voru þrír í upphafi, en þeim bættist tvöfaldur liðsauki á fjórðu plötunni, Knúsumstumstund sem kom út fyrir tveimur árum. Sú plata markaði þáttaskil hjá sveitinni. Útsetningarnar voru orðnar flóknari og hljóðfæri eins og fiðla, mandólín, harmonikka og orgel komin inn í mixið. Á nýju plötunni heldur þessi þróun áfram. Tónlistin er orðin fjölbreyttari og hljómurinn fágaðri. Og svo hefur groddahúmorinn að mestu vikið fyrir dannaðri textasmíðum þó að grómlaus gleðin ráði enn ríkjum. Það má segja að Hvanndalsbræður hafi tekið út mikinn þroska á síðustu árum. Það er ekki mikið eftir af pönkinu.

Hljómsveitin er líka orðin útvarpsvæn í meira lagi – á plötunni eru a.m.k. fjögur lög sem hafa slegið í gegn á öldum ljósvakans: La la … lagið, Vinkona, Eurovision-lagið Gleði og glens og Vinsæll. Og fleiri gætu ratað sömu leið, t.d. Fjóla og Jón. Þeir bræður semja flest lögin sjálfir, en sækja líka í sarp smellakónga eins og Einars Bárða og Dr. Gunna auk þess sem þeir endurlífga gamla Skriðjöklalagið Mikki refur.

Á heildina litið er þetta ágætis plata. Þeir félagar eiga ekki í neinum vandræðum með að semja grípandi lög og textarnir eru margir ágætir. Fínt fyrir fjölskylduna í sumarfríið!

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Þó að tónlistin sé orðin fjölbreyttari og textarnir dannaðri þá ræður gleðin enn ríkjum hjá Hvanndalsbræðrum.

# Gott fyrir Oasis-bræður

**Richard Ashcroft, fyrrum forsprakki hljómsveitarinnar The Verve, telur að endalok Oasis muni koma sér vel fyrir Gallagher-bræðurna. „Ég talaði við Noel fyrir nokkrum dögum. Hann er að ganga í gegnum svipaða hluti og ég gerði árið 2000. En hann samdi lög fyrir stærstu hljómsveit tíunda áratugarins og þarf því ekki að kvíða neinu. Þetta mun gefa þeim báðum nýtt líf. Ég er mjög spenntur fyrir því hvað gerist hjá þeim í framhaldinu," sagði Ashcroft, sem hætti í The Verve árið 2000 en endurreisti sveitina 2007. Núna er hún aftur komin í frí.**



**RICHARD ASHCROFT**


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KNIGHT AND DAY LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.40 - 8 -10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10.10 kraftsýning | 12 |
| KILLERS | kl. 8 - 10 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| KNIGHT AND DAY | 3.40, 5.50, 8 og 10.10 P | 12 |
| KILLERS | 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| GROWN UPS | 5.50 og 8 | 10 |
| A - TEAM | 10.10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3:20 - 6 - 8 - 8:30 - 10:40 - 11 | |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 3:20 - 6 - 9:20 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 10:20 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3-3D ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOÐBERI | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 - 10:35 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118


TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.-11. júlí afnemum við virðisaukaskatt af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 11. júlí 2010.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Garðar til Unterhaching



Garðar Gunnlaugsson mun væntanlega skrifa undir tveggja ára samning við þýska félagið Unterhaching í dag. Unterhaching spilar í þriðju efstu deild en Garðar hefur verið á reynslu hjá félaginu í vikunni og staðið sig vel. Garðari var boðinn tveggja ára samningur en sendi gagntilboð til félagsins sem hefur mikinn áhuga á að semja við hann. „Hann vill ganga frá þessu og skrifa undir hjá félaginu,“ staðfesti Hafþór Hafliðason, umboðsmaður Garðars. „Honum líst vel á félagið og þjálfarann,“ bætti hann við en þjálfarinn er goðsögnin Klaus Augentaler sem spilaði yfir 400 leiki fyrir Bayern München. Garðar spilaði síðast með LASK frá Linz í Austurríki.

**sport**
sport@frettabladid.is

ENGLENDINGURINN JAMES HURST: GÆTI SPILAÐ MEÐ ÍBV ÚT TÍMABILIÐ

# *Er ekki á kvennafari í Vestmannaeyjum*



James Hurst sneri aftur til ÍBV í vikunni eftir að lánssamningur hans frá Portsmouth var framlengdur. Hurst ætlaði að reyna að koma sér í aðalliðið en það verður að bíða.

„Stjórinn vildi hafa reynslumikla menn hjá félaginu og ætlar að reyna að fá einhverja slíka til sín. Hann talaði við mig og marga aðra unga leikmenn, og sagði bara við okkur að hann vildi að við færum til annarra félaga á reynslu. Hann sagði mér að þetta tæki tíma og að ég ætti að vera þolinmóður,“ sagði Hurst við Fréttablaðið í gær.

Stjóri Portsmouth, Steve Cotterill, hreifst augljóslega af styrkleika íslensku deildarinnar að mati Hurst. „Já klárlega. Ég var í betra formi en allir aðrir þarna. Ég spilaði auðvitað á meðan aðrir voru í fríi,“ sagði Hurst. Hann lætur þó ekki deigan síga og er ánægður með að komast aftur til Eyja. Þrátt fyrir að vera frá Birmingham, þar sem um milljón manns búa en rúmlega 4.000 manns í Eyjum, venst hann Íslandi vel.

„Ég er búinn að koma mér vel fyrir hérna og bý með Rasmusi Christiansen. Það er allt svo auðvelt hérna og ég nýt þess að fá mér göngutúr og njóta útsýnisins. Ég er ekki vanur svona smábæ en hann venst vel,“ segir Englendingurinn.

Orðrómur um að Hurst sneri aftur til Eyja þar sem hann væri kominn með kærustu fór á fullt eftir Pepsi-mörkin á mánudaginn. Hurst vill lítið kannast við það og segist ekki eiga neina kærustu. „Ég er of gáfaður til að vera með kærustu hérna,“ sagði hann glettinn, kvenpeningnum í Eyjum eflaust til ánægju. „Ég vil ekki festa mig hérna,“ sagði hann. „Ég tek þessu öllu með ró.“

Hurst segir að það komi til greina að hann spili með ÍBV út tímabilið en fyrst um sinn er samningur hans út ágúst. „Það kemur vel til greina. Þetta verður endurskoðað í ágúst og ég vil gjarnan klára tímabilið,“ sagði Hurst sem er ánægður með hversu vel ÍBV hefur komið á óvart í sumar.



**DÝR LEIKUR** Þessi landsleikur skilaði rúmum 300 þúsund krónum í aukakostnað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mistök í umgjörð í landsleik:

## HSÍ sektað um 316 þúsund kr.

**HANDBOLTI** Handknattleikssamband Evrópu, EHF, hefur sektað HSÍ um 2.000 evrur eða 316 þúsund krónur íslenskar vegna mistaka í umgjörð á kvennalandsleik Íslands og Austurríkis.

Samkvæmt reglugerð ber að spila leikina á gólfi sem er án aukalína. Leikurinn fór aftur á móti fram í Vodafonehöllinni án handboltadúks.

„Þetta voru mistök. Það verður að viðurkennast að þessi reglugerð fór fram hjá okkur,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ.

„Ég er hissa á hörkunni hjá EHF í þessu máli. Ég mun ekki áfrýja þar sem það kostar 5.000 evrur en mun skrifa bréf til stjórnar EHF og reyna að fá sektina lækkaða hið minnsta.“

- hbg

Evrópudeildin í kvöld:

## Ólík staða KR og Fylkis

**FÓTBOLTI Fylkir og KR spila síðari leiki sína í 1. umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA í kvöld. Staða liðanna er ólík en KR vann fyrri leikinn gegn Glentoran frá Norður-Írlandi örugglega, 3-0. Liðin mætast ytra í kvöld en leikurinn hefst klukkan 18.30.**

**Hálftíma síðar hefst viðureign Fylkis og FC Torpedo Zhodino frá Hvíta-Rússlandi á Laugardalsvellinum.**

- esá

# Finnst ég ekki vera að taka neina óþarfa áhættu

**Orri Freyr Hjaltalín spilar með Grindavík gegn læknisráði. Hann er með mar á heila sem hefur valdið íþróttamönnum miklum vandræðum. „Kemur ekki annað til greina en að spila,“ segir fyrirliðinn sem leikur gegn Selfossi í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Orri Freyr Hjaltalín fórnar sér heldur betur fyrir málstaðinn. Hann er fyrirliði Grindavíkur sem er í harðri botnbaráttu í Pepsi-deildinni og spilar nú gegn læknisráði.

Hann þjáist nú af sömu meiðslum og leiddu til þess að knattspyrnukonan Guðrún Sóley Gunnarsdóttir hefur ekki enn spilað fótbolta eftir marga mánaða fjarveru, sem eru mar á heila. Guðrún fékk mar á heilann og eftir annað höfuðhögg meiddist hún enn verr.

Handboltakappinn Jón Heiðar Gunnarsson óttaðist að ferli sínum væri lokið eftir að hafa lent í sömu meiðslum. Svo er þó ekki og hann er á leiðinni út í atvinnumennsku eftir að hafa spilað með FH í vetur, en hann spilar með sérstaka höfuðhlíf.

„Ég fékk höfuðhögg í leiknum á móti Haukum,“ segir Orri Freyr. „Þetta var snemma leiks og ég var ekki að hugsa mikið um þetta. Ég kláraði leikinn en eftir hann fór mér að líða skringilega. Ég fékk jafnvægis- og sjóntruflanir og tveimur dögum eftir leikinn fór ég á spítala,“ segir Orri.

Þar fór hann í heilaskanna og var á endanum greindur með mar á heila. „Læknarnir sáu að þetta var komið í tóma vitleysu. Læknarnir sögðu í raun ekki mikið en ég mátti ekki spila á móti KR. Það kom þó ekkert annað til greina,“ sagði Orri.

„Ég lét mig meira að segja vaða í nokkra skallabolta. Þetta er eitthvað sem maður verður að gera og það þýðir lítið að hugsa um þetta. Staðan er bara þannig að við megum ekki við því að missa neina menn út,“ segir Orri.

Hann segist þó vera að koma til og að hann finni ekki mikið til lengur. „Læknarnir segja bara að ég verði að stýra þessu sjálfur. Mér finnst ég ekki vera að taka neina óþarfa áhættu,“ segir Orri sem hefur kannað það að spila með svipaða hlíf og Jón Heiðar.

„Ég veit ekki hvað dómararnir myndu segja við því, þetta er ansi strangt. Ég held að Jón Heiðar hafi sérsaumað sína hlíf. En það eru ekki læknarnir sem skipa mér það, ég ákveð sjálfur hvort ég fari út í það,“ sagði Orri.

Milan Stefán Jankovic, sem stýrir liðinu á meðan Ólafur Örn Bjarnason klárar samning sinn með Brann nú í júlí, hrósar Orra í hástert.

„Hann er ótrúlegur. Hann er frábær fyrirliði og hann hefur staðið sig mjög vel. Það að hann ætli að spila er einkennandi fyrir hann,“ segir Milan.

Grindvíkingar taka á móti Selfyssingum í botnbaráttuslag í kvöld og þann leik mun Orri byrja.

hjalti@frettabladid.is



**ENGIN ÁHÆTTA** Þrátt fyrir meiðslin segir Orri að hann sé ekki að taka neina óþarfa áhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**HLÍFIN GÓÐA** Jón Heiðar Gunnarsson sést hér með hlífina í leik.



**UNDIR PRESSU** Þjálfari Hauka ætlar að fá fleiri leikmenn til félagsins í sumar en liðið hefur lent í miklum meiðslavandræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pepsi-deild karla:

## Botnliðin ætla að styrkja sig

**FÓTBOLTI** Botnliðin þrjú, Haukar, Grindavík og Selfoss, ætla öll að styrkja sig þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður um miðjan júlí.

„Við erum opnir fyrir því að semja við þá alla,“ segir Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, um þrjá leikmenn sem komnir eru til reynslu hjá félaginu. Haukar eru í neðsta sæti deildarinnar og mæta Val í kvöld.

„Þeir voru kannski ekki feitir en ekki í góðu formi. Við höfum ekki tíma til að hjálpa mönnum í form,“ sagði Guðmundur Benediktsson um tvo Austurríkismenn sem komu til félagsins á reynslu en fara væntanlega aftur án samnings. „Ég yrði ekki hissa ef fleiri kæmu á næstunni.“

Grindvíkingar eru í sömu hugleiðingum en Ólafur Örn Bjarnason mun spila með liðinu þegar hann kemur frá Noregi í lok júlí, ásamt því að þjálfa liðið. „Við erum að leita en það gengur frekar illa. Við erum ekki í neinum skuldum og þar sem þetta er mjög dýrt er landslagið erfitt. Við viljum fá einn eða tvo leikmenn,“ sagði Milan Stefán Jankovic þjálfari en Grindvíkingar taka einmitt á móti Selfyssingum í botnbaráttuslag í kvöld.

Þá tekur Breiðablik einnig á móti Stjörnunni, ÍBV á móti Keflavík og FH á móti Fram.

- hþh


pepsi deildin

**Enginn leikur á HM í kvöld – skelltu þér á völlinn!**

**Fimmtudagurinn 8. júlí**

**Grindavík–Selfoss** kl. 19:15
*Grindavíkurvöllur*

**ÍBV–Kelfavík** kl. 19:15
*Hásteinsvöllur*

**Valur–Haukar** kl. 19:15
*Vodafonevöllurinn*

**Breiðablik–Stjarnan** kl. 19:15
*Kópavogsvöllur*

**FH–Fram** kl. 20:00
*Kaplakrikasvöllur*


Valsmenn nældu sér í feitan bita á leikmannamarkaðnum í gær er félagið samdi við Valdimar Þórsson:

# Ekkert félag á Íslandi stærra en Valur

**HANDBOLTI** Valsmenn ætla sér greinilega stóra hluti undir stjórn Júlíusar Jónassonar næsta vetur en félagið klófesti besta leikmann N1-deildarinnar í fyrra, Valdimar Fannar Þórsson, í gær.

Valdimar Fannar skrifaði undir svokallaðan einn plús einn samning við félagið.

HK kom allra liða mest á óvart síðasta vetur og þar var Valdimar í lykilhlutverki. Hann var síðan valinn besti leikmaður deildarinnar, besti sóknarmaðurinn og hlaut einnig Valdimarsbikarinn eftirsótta.

„Þetta er búið að vera klárt í nokkra daga en ég var á Costa del Sol að hvíla mig og því var ekki hægt að ganga frá þessu fyrr en núna,“ sagði Valdimar Fannar kátur með nýja samninginn.

Hann ætlaði sér reyndar ekki að spila á Íslandi í vetur heldur stefndi hugurinn út og hann var meðal annars orðaður við danska liðið Tvis Holstebro.

„Ég ætlaði mér vissulega út en það var lítið spennandi að gerast. Þetta með Holstebro gekk ekki upp og hitt voru allt minni klúbbar og lakari samningar.

Ég nennti ekki að fara út til þess að vera í gerviatvinnumennsku. Þá komu Valsarar inn og það var afar spennandi kostur,“ sagði Valdimar en hann segist þó ekki fá neinn atvinnumannasamning hjá Val þó svo hann sé sáttur við samninginn.

Hann segir fá lið á Íslandi hafa borið víurnar í sig en að sjálfsögðu hefðu HK-ingar reynt að halda honum hjá félaginu.

„Valsmenn sýndu mér mestan áhuga og ég var spenntastur fyrir að fara þangað. Það er ekkert félag stærra á Íslandi en Valur,“ sagði Valdimar en býst hann við tveggja hesta kapphlaupi á milli Vals og FH næsta vetur?

„Nei. Ég geri ráð fyrir Frömurum sterkum líka. Svo er bara júlí og enn langt í mót. Það verða frekari hræringar.“

- hbg



**Á LEIÐ Í RAUTT** Valdimar Fannar Þórsson mun leika í rauða búningnum næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þar sem dans er
# list
# og landslög eru
# virt

EROTIC DANCERS NIGHT CLUB
GOLDFINGER

*Opið frá kl. 21*
*Smiðjuvegur 14 • sími 577 4230*



**DÝRKAÐUR** Diego Maradona er í guðatölu í Argentínu. NORDIC PHOTOS/AFP

Diego Maradona:

## Framtíðin í eigin höndum

**FÓTBOLTI** Julio Grondona, forseti argentínska knattspyrnusambandsins, segir að Diego Maradona megi ákveða sjálfur hvort hann haldi áfram sem landsliðsþjálfari landsliðsins eða ekki.

„Maradona er eini maðurinn í öllu landinu sem getur gert það sem hann vill. Hann er enn með samning og þetta er því undir honum sjálfum komið,“ sagði Grondona við fjölmiðla.

„Ég á ekki von á því að hann hætti ef ég þekki hann rétt,“ sagði Alejandro Mancuso, aðstoðarþjálfari Maradona.

Argentína féll úr leik á HM í Suður-Afríku eftir 4-0 tap fyrir Þýskalandi í fjórðungsúrslitum keppninnar. - esá



**VIEIRA** Varð heimsmeistari með Frakklandi árið 1998. NORDIC PHOTOS/AFP

Franska landsliðið:

## Vieira hættur með landsliðinu

**FÓTBOLTI** Patrick Vieira segist ekki hafa lengur áhuga á því að reyna að vinna sér aftur sæti í franska landsliðinu. Hann var ekki valinn í landsliðið sem keppti á HM í Suður-Afríku en vangaveltur hafa verið um hvort hann yrði valinn nú eftir skelfilegt gengi liðsins í keppninni.

„Mitt markmið á næstu árum er að standa mig með [Manchester] City. Ég vil gera mitt besta fyrir félagið,“ sagði Vieira á heimasíðu City. „Ég mun einbeita mér að City og engu öðru.“

Laurent Blanc hefur tekið við þjálfun landsliðsins og boðaði breytingar á landsliðshópnum í náinni framtíð. - esá



**SIGURMARKI FAGNAÐ** Miðvörðurinn magnaði frá Barcelona, Carles Puyol, skoraði sjaldséð mark í gær en það fleytti Spánverjum alla leið í úrslitaleik HM í Suður-Afríku. NORDIC PHOTOS/AFP

# Puyol hetja Spánverja

**Spánverjar eru komnir í úrslit Heimsmeistarakeppninnar í fyrsta skipti í sögunni. Þeir lögðu Þjóðverja, 1-0, í mögnuðum leik í Durban í gær og mæta Hollendingum í úrslitum. Nýtt nafn verður því skrifað á bikarinn um helgina.**

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir tap í fyrsta leik á HM gegn Sviss er Spánn kominn í úrslit á HM eftir sigur á Þýskalandi í undanúrslitum. Spánverjar geta því orðið handhafar bæði heims- og Evrópubikarsins en þeir unnu EM árið 2008. Hvorki Spánn né Holland hefur orðið heimsmeistari og því fer nýtt nafn á bikarinn þetta árið.

Fyrri hálfleikur var eign Spánverja nánast frá upphafi. Þeir stýrðu algjörlega umferðinni fyrsta hálftímann í leiknum og Þjóðverjar komust vart fram fyrir miðju.

Varnarleikur Þjóðverja var þó mjög vel skipulagður og Þjóðverjarnir voru ekkert í miklum vandræðum gegn hægum sóknarleik gestanna.

Spánverjar fengu þó tvö góð færi í hálfleiknum. Betra færið fékk Carles Puyol er hann stóð einn á markteig og átti bara eftir að skalla boltann í netið. Hann tók þá undarlegu ákvörðun að skalla yfir markið.

Hið unga lið Þjóðverja virkaði yfirspennt í hálfleiknum og allt önnur og verri hlið á liðinu en í fyrri leikjum mótsins.

Skrekkurinn fór þó af þeim eftir því sem leið á hálfleikinn. Þeir voru með sóknartilburði í lok hálfleiksins og vildu fá víti í uppbótartíma er Sergio Ramos sparkaði í hæl Özil. Ungverjinn Viktor Kassai sá þó ekki ástæðu til þess að dæma. 0-0 í hálfleik.

Spánverjar hertu tökin í síðari hálfleik og sóknarlotur þeirra urðu sífellt hættulegri. Markið hreinlega lá í loftinu og það kom loksins á 73. mínútu.

Það kom ekki eftir spil heldur hornspyrnu. Xavi með laglega spyrnu í teiginn. Þar kom hinn hárprúði Carles Puyol aðvífandi á fullu gasi. Hann lagði allt sitt í skallann og boltinn söng í netinu. Glæsilegt gert hjá Spánverjum.

Eina alvöru færi Þjóðverja í síðari hálfleik kom um miðjan síðari hálfleik. Varamaðurinn Kroos gleymdist þá á fjærstöng og hann stóð allt í einu einn gegn Casillas. Skot hans var ekki nægilega gott og Casillas varði þægilega.

Það sem eftir lifði leiks gekk Þjóðverjum ekkert að opna spænsku vörnina. Spánverjar fengu betri færi og hefðu að ósekju átt að bæta við mörkum.

Glæsilegur sigur hjá Spánverjum og afar verðskuldaður. Þeir héldu boltanum stórkostlega í leiknum og tókst einnig að loka meistaralega á sóknarleik Þjóðverja en Þjóðverjar náðu engu flugi í leiknum.

„Leikmennirnir allt frá vörninni og fram voru stórkostlegir. Þeir spiluðu frábæran leik. Ég verð að hrósa öllum mínum leikmönnum í dag sem voru stórkostlegir á öllum sviðum. Þetta var magnaður leikur,“ sagði Vicente Del Bosque, landsliðsþjálfari Spánar, og kreisti fram sjaldséð bros.

„Hollendingar standa fyrir frábæran fótbolta. Vonandi verðum við eins rólegir á boltanum í úrslitaleiknum. Ef við spilum eins og við eigum að okkur þá eigum við mikla möguleika á að vinna leikinn.“

Joachim Löw, þjálfari Þjóðverja, viðurkenndi að hafa tapað fyrir betra liði í gær.

„Þetta er búið að vera besta lið heims síðustu ár. Við komumst aldrei inn í leikinn. Þeir voru of sterkir og eiga skilið að spila úrslitaleikinn,“ sagði Löw auðmjúkur. henry@frettabladid.is



**DE ZEEUW** Skoðaður hér af lækni hollenska landsliðsins eftir höfuðhögg Caceres. NORDIC PHOTOS/AFP

Fékk þungt högg í andlitið:

## De Zeeuw ekki kjálkabrotinn

**FÓTBOLTI** Demy de Zeeuw, leikmaður hollenska landsliðsins, er ekki kjálkabrotinn eins og óttast var eftir að hann fékk þungt högg í andlitið frá Úrúgvæjanum Martin Caceres í leik liðanna í undanúrslitum HM í fyrrakvöld.

Honum var skipt af velli í hálfleik og fluttur á sjúkrahús þar sem í ljós kom að hann var ekki kjálkabrotinn en tennur höfðu losnað.

Það er þó ólíklegt að hann verði í byrjunarliði Hollands í úrslitaleiknum á sunnudaginn þar sem Nigel de Jong var í leikbanni gegn Úrúgvæ en mun nú væntanlega endurheimta sæti sitt í byrjunarliðinu á kostnað de Zeeuw.

Gregory van der Wiel var einnig í banni gegn Úrúgvæ og þarf Khalid Boulahrouz væntanlega að víkja fyrir honum í úrslitaleiknum. - esá

Þjóðverji handtekinn:

## Myrti tvo eftir rifrildi um HM

**FÓTBOLTI** Lögregla á Mallorca á Spáni handtók í gær þýskan mann sem er gefið að sök að hafa myrt tvo Ítali á bar í Hannover vegna rifrildis um HM í knattspyrnu.

Ítalirnir héldu því fram að ítalska landsliðið hefði unnið fleiri heimsmeistaratitla en það þýska en maðurinn, Holger B, þvertók fyrir það. Hann mun hafa yfirgefið barinn en sneri aftur með skammbyssu og er sagður hafa skotið báða Ítalina. Annar lést samstundis en hinn degi síðar á sjúkrahúsi.

Þjóðverjinn gaf sig fram við yfirvöld á Mallorca, ef til vill þar sem hann hafði rangt fyrir sér í rifrildinu enda hafa Ítalir fjórum sinnum orðið heimsmeistarar en Þjóðverjar þrisvar. - esá






Hollendingar með 100 prósenta árangur á HM:

## Fimm sigrar með minnsta mun í röð

**FÓTBOLTI** Hollendingar komust í fyrrakvöld í úrslitaleik HM í Suður-Afríku eftir sigur á Úrúgvæ í undanúrslitum, 3-2. Hollendingar hafa unnið alla sex leiki sína til þessa í keppninni en þetta var fimmti leikurinn í röð sem Holland vinnur með einu marki. Holland vann fyrsta leik sinn á mótinu, gegn Dönum, með tveggja marka mun.

Þar með bætti hollenska liðið met sem landslið Ítala setti á heimsmeistarakeppnunum árin 1934 og 1938 en þeir unnu fjóra leiki í röð með eins marks mun.

Eins og gefur að skilja ríkir mikil gleði í Hollandi og fjölmiðlar þar hafa fagnað áfanganum. „Það er gulllykt af Oranje eftir 32 ára bið,“ segir í dagblaðinu Telegraf. „Loksins hefur kynslóð sófakartaflanna fengið almennilegar fyrirmyndir,“ sagði í NRC Next. „Einn sigur í viðbót og Oranje er meistari.“

Viðurnefnið Oranje er vitanlega fengið af lit landsliðsbúningsins sem er appelsínugulur. - esá



**FÖGNUÐUR** Stuðningsmenn hollenska landsliðsins eru litríkir. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Allt fyrir þakið í BYKO!

Gildir 8.-20. júlí

25% AFSLÁTTUR AF ÞAKRENNUM

25% AFSLÁTTUR AF VELUX ÞAKGLUGGUM

Vnr. 0013256
**Byggingartimbur**
Byggingartimbur, VI flokkur, 25x150 mm.
245 kr./ lm.
Fullt verð: 329 kr./lm.
25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR
Vnr. 0051382
**Grindarefni**
Grindarefni, 34x45mm.
155
Fullt verð: 209 kr./lm.

GUNNEBO FASTENING
Vnr. 33196581
**Þaksaumur**
GUNNEBO þaksaumur, heit galv., 60x3,7mm, 100 stk. í pk.
18 kr./stk.
Fullt verð: 25 kr./stk.
25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR
Vnr. 53504030
**Þolplast**
Þolplast, 2,8x10m.
5.900
Fullt verð: 7.936

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Vnr. 0212003
**Þakull**
Þakull PL, 200 mm, 2,69 m².
5.390 kr./pk.
Fullt verð: 7.190

Vnr. 0231250
**Bárustál**
Bárustál, alusink, klæðir 99 cm.
1.650 kr. lm.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Vnr. 0011251
**Byggingartimbur**
Byggingartimbur, 25x25 mm.
48 kr./lm.
Fullt verð: 64 kr./lm.

Vnr. 0024509
**Burðarviður**
Burðarviður T1, heflað, 50x225 mm.
805 kr./lm.
Fullt verð: 1.078 kr./lm.
25% AFSLÁTTUR

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is

# Nú er rétti tíminn til framkvæmda

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti af keyptri vinnu

til þeirra sem ráðast nú í framkvæmdir á byggingarstað.

Þar að auki fæst allt að

## 300 þúsund króna frádráttur frá skattstofni*

BYKO

*Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 heimilast til frádráttar tekjuskattsstofni 50% af þeirri fjárhæð sem greidd er vegna vinnu á byggingarstað (án virðisaukaskatts) sem unnin er á árunum 2010 og 2011. Hámark frádráttarins er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum.

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**102** sentimetra hængur sem veiddist í Vatnsdalsá á dögunum vó 24 pund þótt skali fræðanna segi hann hafa átt að vega „aðeins“ 21 pund. Þetta kemur fram á vatnsdalsa.is.

**205** laxar höfðu veiðst í Laxá í Kjós í fyrrakvöld. Að því er segir á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur er það mun betri veiði en á sama tíma síðustu ár.

FLUGAN



MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

## Frábær í nýgenginn lax

- Nagli er hönnuð af þeim frábæra veiðimanni Gísla Ásgeirssyni. Þetta er ótrúlega vel heppnuð fluga og er búin að vera ein fengsælasta flugan á Íslandi undanfarin ár.
- Litirnir í Naglanum eru afgerandi og blái perlubúkurinn og skeggið eru sannkallaðir vorlitir. Gísli setur punktinn yfir svarta vænginn með því að setja frumskógarhanakinnar og rauðan haus.
- Nagli er vor- og miðsumarsfluga og frábær í nýgenginn lax. Þarf klárlega að vera til í boxinu.

Ofveiðimaður í Blöndu?:

## Fjörutíu laxar úr jeppa í reyk



Veiðimenn sem fóru með tvo laxa í reyk í fyrradag veittu athygli manni sem kom á sama stað í sama tilgangi. Segist öðrum þeirra svo frá að Range Rover þriðja mannsins hafi verið siginn að aftan og maðurinn síðan borið inn hvern sekkinn af öðrum með laxi, samtals um 40 laxa. Kvaðst maðurinn var að koma úr Blöndu.

Spurðu mennirnir tveir þennan stórvirka veiðimann hvort aflinn væri ekki óþarflega mikill. „Þetta voru nú tveir dagar,“ svaraði hann þá að bragði. **- gar**

# Veiðikistan mikla Húnaflói

**Laxveiðiár sem renna í Húnaflóa skipta tugum. Þar eru margar mestu stórlaxaár landsins. Hagstæðar landfræðilegar aðstæður skapa ákjósanleg skilyrði.**

Sögufrægar og gjöfular laxveiðiár á borð við Laxá á Ásum, Vatnsdalsá og Blöndu renna allar til sjávar í Húnaflóa. Margar fleiri úrvals veiðiár má nefna, til dæmis Víðidalsá, Miðfjarðará og Hrútafjarðará.

„Flatarmál ánna er mikið og botnsvæðið sem er að framleiða seiði býsna stórt. Þessar ár koma af grónum heiðum með votlendi og eru þar af leiðandi nokkuð frjósamar. Hallinn á þeim er líka nokkuð passlegur á löngum köflum fyrir réttu botngerðina til þess að skapa búsvæði fyrir seiði og uppeldi þeirra,“ segir Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun.

Enn fremur bendir Guðni á að landfræðilega sé vatnasvæðið við Húnaflóa afar víðfemt. „Austurá [Miðfjarðará] í Miðfirði kemur inn af Arnarvatnsheiði. Víðidalsá nær inn á Grímstunguheiði, Blanda og Vatnsdalsá inn á Auðkúluheiði og Svartá er af Eyvindarstaðaheiði,“ útskýrir hann.

Eftir að metveiði hafði verið víða sunnanlands og vestan sumarið 2008 var röðin komin að Norðvesturlandi í fyrrasumar. Laxveiðin í sumar hefur síðan farið af stað með miklum látum. „Fiskgengd fór snemma af stað í ár og maður heyrir að menn séu mjög kátir núna,“ segir Guðni. **- gar**

### ÁR MEÐ 100 EÐA FLEIRI VEIDDA LAXA 2009




AF BAKKANUM

### Rangárnar taka við sér

Veiðin í Rangánum tveimur fer vel af stað. Í fyrradag voru komnir 216 laxar á land í Ytri-Rangá og 132 í Eystri-Rangá. Metárið 2007 höfðu veiðst 27 laxar í Eystri á sama tíma.



### Mun betri veiði en metárið 2008

Við Grímsá í Borgarfirði er ævintýri að gerast. Þorsteinn Þorsteinsson, bóndi á Skálpastöðum í Borgarfirði, hefur haldið saman tölfræði um laxveiði fyrir Landssamband veiðifélaga árum saman. Hann bar saman veiðitölur úr Grímsá nokkur ár aftur í tímann. „Að kvöldi dags 5. júlí 2007 voru komnir 22 laxar á land. Núna eru þeir 416. Metárið 2008 voru komnir 153 laxar á sama tíma.“ Sumarið 2008 veiddust 2.223 laxar en 1.110 árið áður.


Urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit

www.svfr.is



ÍSLENSKA SIA.IS SVF 50292 06/10

NÚ BER VEL Í VEIÐI

Eigum lausar stangir í frábæra urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit
Hægt er að kaupa veiðileyfi á **svfr.is** eða síma **568 6050**

**Farðu inn á SVFR.is og gerðu veiðisumarið ógleymanlegt.**

SVFR


### Veiðistaðurinn - Kolbeinspollur í Fnjóská



## „Margslungnasti staður árinnar“

**Sigurður Ringsted er umsjónarmaður og veiðivörður í Fnjóská.**



- Þar sem áin breiðir úr sér eftir þrengslin fyrir neðan laxastigann er djúpur straumþungur áll með malarbotni í miðri ánni en berghellur eru í botni beggja vegna álsins og mynda veiðistaðina Helluna að vestan og Kolbeinspoll að austan.
- Efst heitir állinn sjálfur Brúarlagshylur en þegar állinn tekur að grynnast áður en áin steypist niður flúðirnar tekur Kolbeinspollur við. Mörk milli veiðistaða eru þarna óljós.
- Kolbeinspollur er gjöfull og margslunginn veiðistaður og botninn er sums staðar grýttur en annars staðar er berg með misdjúpum skorum í.
- Lax getur legið víða í Kolbeinspolli og yfirleitt þarf ekki að bíða lengi eftir að sjá einhverja hreyfingu. Einnig er mjög gott að skyggna veiðistaðinn, en háar brekkur og klettar standa að honum og eiga til að eyðileggja bakkastið.
- Gaman er að standa efst í Kolbeinspolli og láta gárutúpu skera slétt yfirborð álsins og skauta síðan yfir á berghelluna nær landi.


ALLTAF
BETRA VERÐ
TÖLVU
TILBOÐ
15.000 kr.
AFSLÁTTUR
TOSHIBA
13,3"
94.990
FULLT VERÐ KR. 109.990
FARTÖLVA
Toshiba Satellite Pro U400-24H
2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 13,3" TFT WXGA breiðskjár • Intel GMA 4500MHD skjákort • Gigabit 10/100/1000 netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika
TOSHIBA FARTÖLVA
Toshiba Satellite L500D-16N
2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500 • 4GB DDR2 800MHz minni • 500GB diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium
15,6"
TÖLVU
TILBOÐ
20.000 kr.
AFSLÁTTUR
129.990
FULLT VERÐ KR. 149.990
20"
PHILIPS
LCD SKJÁR
20 Philips 201E1SB
20" svartur LCD breiðskjár með 1600x900 dpi, 25000:1 í dínamískri skerpu, 5ms og 16,7 milljón liti.
28.990
TViX
1080P HDMI H.264 LAN
MARGMIÐLUNARSPILARI
DViCO TViX N-1 H.264
Háskerpu margmiðlunarspilari sem spilar alla staðla í gegnum USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og SD/MS/MMC minniskortalesari. Fullkomin fjarstýring.
29.990
Logitech
Logitech X-530
HÁTALARAKERFI
Ótrúlega magnað 5.1 hátalarakerfi með 140w RMS hátölurum og stóru bassaboxi. Flott kerfi fyrir leikjatölvur og tölvuleiki.
26.990
Logitech
LASERMÚS
Logitech MX Air
Þráðlaus Laser mús með Freespace hreyfiskynjara (músin virkar í lausu lofti), Laser nákvæmni, Skroll panel, Li-ion hleðslurafhlaða, 2.4GHz þráðlaus tækni.
24.990
Logitech
ALHLIÐA
FJARSTÝRING
Logitech Harmony Remote 300i
Alhliða fjarstýring fyrir 4 tæki. Styður yfir 5000 merki. Hnappur kveikir á sjónvarpi og afruglara samtímis. Uppsetning með leiðarvísi í gegnum öflugann gagnagrunn á netinu.
7.990
Logitech
Logitech MK710
LYKLABORÐ
Þráðlaust lyklaborð og mús með Unifying sendi. LCD skjáborð sýnir helstu aðgerðir eins og Caps lock, rafhlöðustöðu o.fl. Mjúk armhvíla. Rúnaðir takkar. 2.4GHz þráðlaus tækni. Allt að 3 ára rafhlöðuending.
21.990
TOSHIBA
USB FLAKKARI
Toshiba StorE Art 1.5TB
USB 2 ferðahýsing með 3.5" harðdisk, tilbúinn til notkunar.
22.990
32MB
BUFFER
1 TB
SAMSUNG
HARÐUR DISKUR
Samsung SA103SJ
1 Terabyte Samsung Spinpoint F1 harður diskur, með 7200rpm SATA2 tengi og 32MB Buffer.
14.990
COOLER MASTER
LASERMÚS
CoolerMaster
Sentinel Advance
Hágæða leikjamús fyrir kröfuharða. 5600 DPI Twin Laser, Rapid Fire, innbyggt minni, lóð fylgja til að þyngja músina og margt fleira. Þessi er alvöru!
12.990
COOLER MASTER
Weapon Choice
MÚSARMOTTA
CoolerMaster Weapon of Choice M4 DM
Hágæða músarmotta fyrir leikina sem skilar hárnákvæmum hreyfingum. Ekta gúmmíundirlag tryggir 100% stöðugleika.
3.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17
S: 414 1700
STRANDGÖTU 9
S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4
S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740
AUSTURVEGI 34
S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750



> **Steve Carell**

„Í mínum villtustu draumum hefði mér aldrei dottið í hug að ég myndi vinna við eitthvað.“

Steve Carell fer með hlutverk Guðs í gamanmyndinni Evan Almighty í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR ER DOTTIN ÚR ÆFINGU

# *Spurning um að halda athyglinni óskiptri*



Ég er búin að sitja þó nokkuð við tækið upp á síðkastið. Þar hefur margt komið skemmtilega á óvart og annað ekki, eins og gengur. Þulurnar á RÚV hafa yfirgefið svæðið (munið þið eftir Rósu Ingólfs og Nóakroppinu?), Frank Hvam klórar sér í klofinu á nánast hverju kvöldi og Simpsons-fjölskyldan stendur alltaf fyrir sínu fyrir fréttir. Svo er Holland auðvitað að sanna fyrir alþjóð að ég kann eitthvað að spá í fótbolta.

Ég hef vissulega verið ein af þeim sem hafa kvartað yfir sjónvarpsdagskránni, á einhverjum tímapunkti. Sérstaklega þegar ég var heima hjá mér með nýfætt barn og gerði mér þann gífurlega dagamun að fá mér Stöð 2 til þess að leyfa mér aðeins í skammdeginu á Íslandi. Inni, með barn í fanginu og fætur uppi á sófaborði. Bráðhuggulegt. Þá var Grey's Anatomy einmitt að hefja innreið sína á Íslandsmarkað og mér fannst þeir þættir algjört æði. Hefði mjög sennilega kvartað sáran ef þeir hefðu verið teknir af dagskrá, en ég græt þá ekki í dag.

Ég læt yfirleitt dagskrárliði sjónvarpsstöðva ekki fara í taugarnar á mér og ég held að það sé vegna þess að ég er bara orðin vön þeim. Kannski horfi ég líka minna á sjónvarp. Reyndar er staðreyndin sú að athygli mín beinist oftar en ekki að tveimur skjáum í einu: 80 kílóa túbusjónvarpinu og tölvunni minni. Athygli deilt í tvennt, sumsé. Enda finnst mér alltaf erfiðara og erfiðara að fylgjast með bresku sakamálaþáttunum á RÚV sem mér hafa alltaf fundist svo bráðskemmtilegir. Maður þarf nefnilega að hafa slökkt á tölvunni til þess að fylgja þeim eftir.

## FIMMTUDAGUR



▶ **18.00** N1-mótið STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Evan Almighty STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Matarást STÖÐ 2



▶ **21.05** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10** Parks and Recreation SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.30 HM í fótbolta** (Undanúrslit, W59-W60) Upptaka frá leik í undanúrslitum HM í fótbolta í Suður-Afríku. e.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha? (32:35)**
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Dalabræður** (2:10) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Réttur er settur** (2:10)
**20.20 Castle** (8:10) (Castle) Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
▶**21.05 Nýgræðingar** (152:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**21.30 Trúður** (2:10) (Klovn IV) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár.
**23.05 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta.
**23.50 Berlínaraspirnar** (8:8) (Berliner-poplene) (e)
**00.40 Fréttir (e)**
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Mermaids**
**10.00 Catch and Release**
**12.00 Alvin and the Chipmunks**
**14.00 Mermaids**
**16.00 Catch and Release**
**18.00 Alvin and the Chipmunks**
▶**20.00 Evan Almighty**
**22.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**
**00.00 Proof**
**02.00 Black Snake Moan**
**04.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Harry og Toto, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Last Man Standing** (1:8)
**11.00 Sjálfstætt fólk**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (3:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (196:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (197:300)
**15.15 The O.C.** (16:27) (e)
**16.00 Stuðboltastelpurnar**
**16.23 Scooby-Doo og félagar**
**16.48 Litla risaeðlan**
**16.58 Harry og Toto**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (10:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (7:24)
▶**20.05 Matarást með Rikku** (10:10) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga.
**20.35 The Closer** (2:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**21.20 Fringe** (21:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI.
**22.05 The Wire** (6:10)
**23.05 Twenty Four** (23:24)
**23.50 Monk** (2:16)
**00.35 Lie to Me** (4:22)
**01.20 Final Destination 3** Sjálfstætt framhald Final Destenation myndanna.
**02.50 Unaccompanied Minors** Fjörug og skemmtileg mynd sem gerist yfir jólahátíðina.
**04.20 The Closer** (2:15)
**05.05 The Simpsons** (6:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.40 AT&T National** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**17.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
▶**18.00 N1 mótið** Sýnt frá N1 mótinu í knattspyrnu þar sem samankomnir voru framtíðarmenn íslenskrar knattspyrnu. Drengir í 5. flokki í knattspyrnu sýndu listir sínar og sýndu frábær tilþrif bæði innan vallar sem utan.
**18.30 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**19.45 FH - Fram** Bein útsending frá leik FH og Fram í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**23.00 Herminator Invitational**
**23.45 FH - Fram** Sýnt frá leik FH og Fram í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**01.35 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 4 4 2**
**07.45 4 4 2**
**08.30 4 4 2**
**09.15 4 4 2**
**10.00 Úrúgvæ - Holland** HM 2010 (e)
**11.55 4 4 2**
**12.40 Þýskaland - Spánn** HM 2010 (e)
**14.35 4 4 2**
**15.20 Úrúgvæ - Holland** HM 2010 (e)
**17.15 4 4 2**
**18.00 Þýskaland - Spánn** HM 2010 (e)
**19.55 4 4 2**
**20.40 Van Basten**
**21.10 Úrúgvæ - Holland** 2010 (e)
**23.05 4 4 2**
**23.50 Þýskaland - Spánn** HM 2010 (e)
**01.45 4 4 2**
**02.30 Úrúgvæ - Holland** HM 2010 (e)
**04.25 4 4 2**
**05.10 Þýskaland - Spánn** HM 2010 (e)

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**16.00 Rachael Ray**
**16.45 Dr. Phil**
**17.30 Sumarhvellurinn** (4:9) (e)
**17.55 America's Next Top Model** (11:12) (e)
**18.40 H2O** (16:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka.
**19.05 America's Funniest Home Videos** (14:46)
**19.30 Matarklúbburinn** (5:6).
**19.55 King of Queens** (3:23)
**20.20 Family Guy** (8:14) Teikinmyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
▶**20.45 Parks & Recreation** (10:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.10 Royal Pains** (12:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.
**22.00 Law & Order** (11:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.50 Jay Leno** .
**23.35 In Plain Sight** (3:15) (e).
**00.20 Bass Fishing** (5:8) (e)
**01.05 King of Queens** (3:23) (e)
**01.30 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**19.00 Alkemistinn**
**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Hrafnaþing**
**21.00 Eitt fjall á viku**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**22.30 Hrafnaþing**
**23.00 Eitt fjall á viku**
**23.30 Birkir Jón**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.35

**The Closer**



Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Wire**
**Stöð 2 kl. 22.05**

Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** List og losti
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Því miður, skakkt númer
**22.50** Íslendingar og stríðið: Skuggi arnarins
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Grey's Anatomy** (4:17) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (15:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**22.30 Mercy** (11:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 Ghost Whisperer** (21:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.

**00.00 True Blood** (3:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**01.00 Grey's Anatomy** (4:17)

**01.45 The Doctors**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Only Fools and Horses **12.50** Only Fools and Horses **13.20** My Hero **13.50** My Hero **14.20** After You've Gone **14.50** After You've Gone **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.30** Last of the Summer Wine **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Inspector Lynley Mysteries **19.15** Spooks **20.05** Whose Line Is It Anyway? **20.35** The Weakest Link **21.25** Last of the Summer Wine **21.55** Whose Line Is It Anyway? **22.25** The Inspector Lynley Mysteries **23.10** Spooks **00.00** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Søren Ryge præsenterer **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** Ønskehaven **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.25** Sommervejret **18.30** Så for sommer **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Den blå lagune **21.40** Höök **22.40** Naruto Uncut **23.00** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommerhuset **12.50** Skjergardsmat **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Jakten på Storbritannias gjerrigste person **17.55** Friidrett: Diamond League **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **23.00** Munter mat **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.30** Allsång på Skansen **13.30** Vinnarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Debatt **19.00** Friidrott: Diamond League **20.00** Undercover Boss **20.45** Allsång på Skansen **21.45** Om Stig Petrés hemlighet **22.45** Debatt **23.45** Sally Lockhart: Rubinen i dimman




## SUMARFRÍIÐ



*„Ég er að fara til Ibiza á sunnudaginn í ferð sem ég fékk í verðlaun þegar við unnum Söngkeppni framhaldsskólanna. Síðan ætla ég að njóta sumarsins, spila á tónleikum og eyða tíma með fjölskyldunni. Um verslunarmannahelgina verð ég síðan að spila á Neistaflugi og hugsanlega á Þjóðhátíð í Eyjum."*

Kristmundur Axel Kristmundsson rappari.

# Setur upp fyrstu atvinnuleiksýninguna á Rifi

„Þetta er fyrsta atvinnuleiksýningin sem er sett upp á Rifi frá upphafi," segir Kári Viðarsson.

Hann frumsýnir einleikinn Hetja í gömlum frystiklefa á Rifi í Snæfellsbæ á föstudaginn. Um gamanleik er að ræða sem er byggður á Bárðarsögu Snæfellsáss. Kári samdi einleikinn sjálfur í samstarfi við Víking Kristjánsson, sem leikstýrir verkinu, og bregður sér þar í hin ýmsu hlutverk.

„Sagan sem ég ólst upp með, Bárðarsaga, er dálítið samofin minni æsku á Hellissandi, enda tengist Hellissandur sögunni mjög sterkt," segir Kári, sem útskrifaðist úr leiklistarnámi í London fyrir tæpu ári. „Þetta blundaði alltaf í mér á meðan ég var úti í náminu. Ég ákvað bara að kýla á þetta og hugsaði að ef ég geri þetta ekki gerir þetta pottþétt einhver annar."

Hann gerir ráð fyrir um fimmtíu áhorfendum á hverri sýningu í frystiklefanum gamla, sem er í óstarfræktri fiskvinnslu á Rifi. „Þetta er frábært leikrými. Það er rosalega gaman að leika þarna inni," segir hann og hlakkar mikið til frumsýningarinnar. Fjórar sýningar verða um næstu helgi en þá verður einmitt haldin bæjarhátíð á Hellissandi þar sem fjöldi brottfluttra íbúa lætur jafnan sjá sig.

Kári reiknar með tíu sýningum í viðbót, þrátt fyrir að aðeins um 150 manns búi á Rifi. „Ég vonast til að fólk ákveði að skella sér á smá rúnt. Þetta eru bara einhverjir tveir tímar úr Reykjavík. Náttúrufegurðin sem maður keyrir framhjá er alveg þess virði að maður taki rúntinn."

Hægt er að skoða kynningarmyndband fyrir sýninguna á Youtube.com ef slegið er inn leitarorðið Hetja. - fb



**KÁRI VIÐARSSON** Kári frumsýnir á föstudaginn einleikinn Hetja í gömlum frystiklefa í Rifi.



**LÁRÉTT**
**2.** grobb, **6.** tveir eins, **8.** samstæða, **9.** tækifæri, **11.** peninga, **12.** stó, **14.** hégómi, **16.** sjó, **17.** tæki, **18.** tímabil, **20.** á fæti, **21.** flaska.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ávinna, **3.** hola, **4.** titill, **5.** viður, **7.** heilladrjúgur, **10.** kjaftur, **13.** gagn, **15.** litur, **16.** verkfæri, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mont, **6.** ff, **8.** par, **9.** lag, **11.** fé, **12.** ainn, **14.** snobb, **16.** sæ, **17.** tól, **18.** öld, **20.** tá, **21.** gler.
**LÓÐRÉTT: 1.** afla, **3.** op, **4.** nafnbót, **5.** tré, **7.** farsæll, **10.** gin, **13.** not, **15.** blár, **16.** sög, **19.** de.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Allt að 150 evrur.
2. Í Mæðragarðinum í Reykjavík.
3. Danska sjónvarpsstöðin DR2.






## TÓNLISTARMAÐURINN BEN FROST: HANN ER ALGJÖR SNILLINGUR

# Fékk innblástur frá Brian Eno í Íslandsheimsókn

„Hann er algjör snillingur. Það er ótrúlega gaman að vera í kringum hann," segir ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost sem hefur starfað á Íslandi undanfarin ár.

Tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn heimsfrægi Brian Eno fór af landi brott í gær eftir að hafa dvalið hér í fimm daga sem leiðbeinandi Frosts. Fundur þeirra var hluti af Rolex-verkefninu þar sem sex listamenn hvaðanæva að úr heiminum fá að starfa undir handleiðslu þekktra listamanna í ár. „Við spjölluðum saman og reyndum að finna grundvöll fyrir samstarfi," segir Frost sem gaf síðast út plötuna By the Throat hjá íslenska útgáfufyrirtækinu Bedroom Music. Þeir hittust bæði heima hjá honum og í hljóðverinu Gróðurhúsinu. „Við fórum út á land nokkrum sinnum. Við fórum á Vík og fleiri staði og það var gaman að koma á svörtu strendurnar á Suðurlandi. Það er alltaf gaman að sýna fólki landið."

Frost segir heimsókn Eno aðeins byrjunina á samstarfinu og hann ætli að koma aftur til landsins á árinu. Enn á eftir að koma í ljós hvort þeir muni semja tónlist saman. „Ég fæ innblástur frá honum bara með því að vera í sama herbergi og hann og tala við hann. Vonandi vex eitthvað út frá þessu," segir Frost og játar að það sé mikill heiður að fá að starfa með Eno. Seinna á árinu er fyrirhuguð viðamikil kynning á Rolex-verkefninu í Kína þar sem félagarnir hittast aftur og bera saman bækur sínar.

Hinn þrítugi Ben Frost er ánægður með samstarfið við Eno en annað mál hvílir þó þungt á honum. Hann er ekki enn kominn með dvalarleyfi á Íslandi þrátt fyrir að hafa verið búsettur hér í fimm ár og tala reiprennandi íslensku. Hann er að vonum afar ósáttur við gang mála. „Ég er að kynna íslenska tónlist en er samt enn þá fastur í þessu. Mig langar bara að ljúka þessu máli."

freyr@frettabladid.is



**SAMSTARFSMENN**

**Ben Frost** og **Brian Eno** áttu góðar samverustundir hér á landi. Eno er væntanlegur aftur til landsins síðar á árinu.

### TÓNLISTARFERILL BRIAN ENO

- Brian Eno, sem er einn af merkustu núlifandi tónlistarmönnum, var gestur Listahátíðar í Reykjavík fyrir tveimur árum.
- Hann vakti fyrst athygli í hljómsveitinni Roxy Music á 8. áratugnum. Eftir það hóf hann sólóferil þar sem tilraunakennd tónlist var í fyrirrúmi. Mínimalísk nálgun hans varð til þess að hann skóp einn og ósuddur hina svokölluðu ambient-tónlist.
- Í gegnum árin hefur Eno einnig starfað sem upptökustjóri fyrir marga af frægustu flytjendum heims. Hann tók upp Berlínar-trílógíu Davids Bowie, tilraunakenndustu plötur Talking Heads, síðustu plötu Coldplay og hefur tekið upp sex plötur U2, þar á meðal þá síðustu, No Line On The Horizon.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hljómsveitin Steed Lord á góðu gengi að fagna í Los Angeles þar sem þau hamast við að taka upp tónlist. Tónlist sveitarinnar, sem er með söngkonuna **Svölu Björgvinsdóttur** í fararbroddi, var nýlega spiluð af einum frægasta plötusnúð heims, Laidback Luke. Flutti hann lag sveitarinnar á ónefndri tónlistarhátíð í Bandaríkjunum þar sem hvorki meira né minna en 120.000 manns dilluðu sér við íslenska tóna.



Stutt er síðan tónlistarmaðurinn **KK** tók ásamt systur sinni Ellen þátt í mótmælum við Seðlabankann vegna vaxtanna á gengislánunum. Þar börðu þau á potta og létu vel í sér heyra ásamt fjölda fólks. Morgunþáttur KK á Rás 1 í gærmorgun bar nokkurn keim af baráttuanda hans því lokalagið var I Won´t Back Down eftir Tom Petty sem fjallar um að standa fast á sínu og láta ekki fara illa með sig. Skömmu áður hljómaði í þættinum Bob Marley-slagarinn Get Up Stand Up þar sem hlustendur eru hvattir til að berjast fyrir réttindum sínum og gefast aldrei upp.

Ævintýri Ölmu, **Steinunnar** og Klöru í hljómsveitinni The Charlies halda áfram í Los Angeles. Stúlkurnar héldu að sjálfsögðu upp á þjóðhátíðardag Bandaríkjanna á sunnudaginn, en eftir það hafa þær verið uppteknar við upptökur á lagi í hljóðverinu Glenwood Place Studios. Af myndum af hljóðverinu að dæma eru um algjöra paradís að ræða og umhverfið virðist hafa góð áhrif á taugarnar. Það hefur vafalaust hjálpað til þegar rokkekkjan Courtney Love tók upp endurkomuplötu hljómsveitarinnar Hole þar á síðasta ári, en hún er þekkt fyrir flest annað en jafnargeð.



- áp/fb/afb






# Tveggja daga þrítugsafmæli fyrir Audda

„Ég er svo mikið afmælisbarn að ég verð að halda upp á þessi tímamót með stæl. Þetta verður eins konar fiesta," segir Auðunn Blöndal sem á 30 ára afmæli í dag. Auddi er búinn að skipuleggja heljarinnar veislu en hann heldur af stað í óvissuferð í dag með sínum helstu vinum. „Þetta er strákaferð þar sem ég mun fara með vini mína út um allan bæ á eitthvert skrall," segir Auddi en hann vill ekki gefa upp hvað sé á dagskránni enda búinn að skipuleggja ferðina í langan tíma. „Ég er sko löngu búinn að biðja strákana um að taka frí í vinnu á morgun svo hægt sé að sletta ærlega úr klaufunum í kvöld."

Auddi mun ekki láta óvissuferðina á afmælisdaginn duga því hann ætlar að bjóða fjölskyldu sinni, vinum og kunningjum í allsherjar veislu á laugardaginn. Hann er búinn að leigja skemmtistaðinn Square við Lækjartorg fyrir herlegheitin og býst við mörgum gestum. Sveppi og Pétur Jóhann, skemmtikraftar og góðvinir Audda, verða veislustjórar og því má búast við miklu stuði. „Ég vildi hafa þetta svona skipt en á laugardaginn er samt aðalveislan og verður vonandi svaka fjör fyrir alla. Ég verð með skemmtikrafta og hljómsveitir til að skemmta liðinu," segir Auðunn en Sverrir Bergmann ætlar að syngja og hann vonast til að Páll Rósinkranz úr Jet Black Joe komist til að taka lagið fyrir sig.

Góður félagi Audda, Egill Gillzenegger, hélt upp á afmælið sitt á dögunum og hefur hann verið tíður gestur í sjónvarpsþáttum Audda og Sveppa í vetur. Mikil spenna hefur ávallt ríkt milli félaganna í þáttunum og því er spurning hvort Auddi ætli sér að toppa afmælishald Gillzenegger? „Ja, það verður allavega engin Mercedez Club að troða upp í mínu partíi. Það eru betri líkur á að ég fái Villa Vill og Rúnar Júlíusson til að koma," segir Auddi að lokum en hann er nýkominn heim frá Bandaríkjunum þar sem hann og Gillzenegger voru að taka upp sjónvarpsþætti sem eru væntanlegir innan tíðar. - áp



**AFMÆLISBARN** Auðunn Blöndal fyllir 30 ár í dag og heldur upp á afmælið með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# ÚTSALAN ER HAFIN!

ALLT AÐ 60 PRÓSENT AFSLÁTTUR

OPIÐ:
Virka daga kl. 10-18
Á laugardögum kl. 10-17
Á sunnudögum kl. 13-17 (í Kauptúni)

TEKK VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499

TEKK COMPANY
Holtagörðum og Kringlunni – www.tekk.is

FABRIKAN

# Útsalan er hafin!
## Allt að 60% afsláttur

OPIÐ:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 10-17
Lokað á sunnudögum

habitat

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vörn ráðherramakans

Margir hafa velt vöngum yfir því hvaðan Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið fengu þá lögfræðiráðgjöf sem hlýtur að liggja að baki tilmælunum um uppgjör gengistryggðra lána, sem voru sem kunnugt er unnin í nánu samráði við ríkisstjórnina. Við því hafa fá svör fengist. Í gær var fyrsta dómsmálið um þessa umdeildu leið flutt í héraði. Sá sem hélt uppi vörnum fyrir Lýsingu í málinu, sem er eitt hið umdeildasta sem komið hefur til kasta íslenskra dómstóla, heitir Sigurmar K. Albertsson og er eiginmaður Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra.



### Fáir studdu Spán

Lítið bar á stuðningsmönnum Spánverja á fótboltabörum bæjarins á undanúrslitaleik Spánar og Þýskalands í HM í knattspyrnu í gærkvöldi. Fjórir af þeim stöðum sem sýndu leikinn, Hvíta perlan, Sólon, Næsti bar og English Pub voru þéttsetnir stuðningsmönnum Þjóðverja, íslenskum sem erlendum. Þegar Þjóðverjar voru í sókn urðu mikil læti inni á stöðunum, fólk stóð úr sætum og hrópaði og kallaði. En þegar varnarmaðurinn Carles Puyol skallaði Spánverja í úrslitaleikinn á HM, heyrðist fátt annað á börum bæjarins en stunur sem einkenndust af vonbrigðum og allir sátu sem fastast.



## Mest lesið VISIR.IS

1. Einn játar sök en segist ekki kannast við Davíð
2. Blés ekki í Vuvuzela-lúðurinn - bryður íbúfen til að slá á sársaukann
3. Burðardýr eiturlyfja héldu sig fá milljónir
4. Lohan grét hástöfum í réttarsal -myndband
5. Ekki borað í Bobby





